

**SKOÐUN** Kristín Soffía Jónsdóttir skrifar um chia-graut og fagleg vinnubrögð. 14



**MENNING** Gunnhildur Þórðardóttir fann regnbogapönkarann í sjálfri sér. 22



**LÍFIÐ** Portishead eru spennt að spila fyrir landann í kvöld. 24



**SPORT** Hvað vissi forysta EHF um ákvörðun IHF að senda Þýskaland á HM? 30







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
11. júlí 2014
161. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



**Hætt að ritskoða sig**
Rannveig Jónsdóttir hefur starfað við tugi kvikmynda, auglýsinga og sjónvarpsþátta, íslenska jafnt sem erlenda framleiðslu. Dóttirin breytti áherslum í lífi hennar.

**FRÉTTIR**

**Ókeypis á æfingar** Börn í Fellahverfi nýta frístundakortið lítið og fá frítt á íþróttaæfingar í sumar 2

**Áhyggjur af laxi** Göngur smálaxa skila sér illa beggja vegna Atlantshafsins þetta sumarið 4




14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 9° | NA | 4 |
| Akureyri | 13° | NA | 5 |
| Egilsstaðir | 13° | SA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 11° | SA | 6 |
| Reykjavík | 13° | SA | 5 |

**Víða væta** Í dag má búast við SA 5-13 m/s en norðaustanstrekkingi á Vestfjörðum. Töluverð rigning um tíma suðaustantil en úrkomulítið N-til. 4

**2 SÉRBLÖÐ**
Lífið | Fólk




# Sveitarfélög telja breytt lög fela í sér milljarða kostnað

Lögmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga telur ný raforkulög ekki nógu skýr og vill fella burt ákvæði um að sveitarfélög þurfi sjálf að bera kostnað af jarðstrengjum. Iðnaðarráðherra vildi ekki tjá sig um frumvarpið.

**ORKUMÁL** Tillaga Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að nýjum raforkulögum getur varpað milljarðakostnaði vegna lagningar raflína á sveitarfélöin.

Ef flutningslínu er valinn annar staður eða útfærsla en Landsnet telur henta má krefja þann sem óskar breytingarinnar um kostnaðarmun. Þetta ákvæði eru sveitarstjórnarmenn, náttúruverndarsamtök og Samband sveitarfélaga ekki sátt við.

Guðjón Bragason, lögfræðingur Sambands sveitarfélaga, segir það hafa gert athugasemdir við ákvæðið í samráðsferlinu. Vænta megi að einhverjar sveitarstjórnir mótmæli því í umsögnum sínum.

„Ekki er til dæmis skilgreint nægilega hverjir þessir aðilar séu sem óska slíkra breytinga en það geta væntanlega verið ýmsir fleiri en sveitarfélögin sem geta fallið þar undir,“ segir Guðjón.

Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, telur þetta óheillavænlega þróun.

„Við höfum lengi barist fyrir því að stóriðjan eigi að koma að því í meiri mæli að bæta raforkuflutninga í landinu þar sem hún sannarlega veldur truflunum og álagi á kerfinu. Þessum fjármunum er varpað á almenna notendur, almenning í landinu og nú er opnað á þann möguleika að sveitarfélögin beri kostnað af jarðstrengjum. Það eru fá sveitarfélög sem eru í stakk búin til að taka við þeim kostnaði,“ segir Guðmundur Hörður.



> ... nú er opnað á þann möguleika að sveitarfélögin beri kostnað af jarðstrengjum.
>
> *Guðmundur Hörður Guðmundsson, Landvernd.*

Ragnheiður Elín Árnadóttir vildi ekki tjá sig um málið í gær.

**- sa /** **sjá síðu 6**



**EYÐILEGGING** Vinnslusalur efnalaugarinnar Fannar er gjöróntýtur en tekin verður ákvörðun um framtíð hússins á næstu dögum. Tæknideild lögreglunnar lauk störfum í gær. Nú hefst hreinsunarstarf sem verður á forræði tryggingafélaga. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íslensk fyrirsæta í yfirstærð:

## Fær samning á erlendri grund

**FÓLK** „Þetta er alveg frábært tækifæri fyrir mig, ég er ofboðslega ánægð,“ segir fyrirsætan Maria del Carmen Jimenez Pacifico, en Maria gerði samning við módelskrifstofuna Volúme Model Management í gær.



**MARIA DEL CARMEN JIMENEZ PACIFICO**

Skrifstofan gerir einungis samning við stúlkur í svokölluðum yfirstærðum en það eru stærðir frá 40-48.

„Fegurð kemur í öllum stærðum og gerðum. Stelpur eiga að vera ánægðar í eigin skinni. Það er kominn tími til þess að hætta að flokka eftir stærð og steríótýpum,“ segir Maria og bætir við.

„Það voru fleiri skrifstofur á eftir mér, þar á meðal önnur frá Danmörku.“

**- ka /** **síða 34**






Fordómar gagnvart geðfötluðum foreldrum sagðir bitna á börnum þeirra:

## Geðfatlaðir missa börn í fóstur

**FÉLAGSMÁL** Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, segir að lúmskir fordómar gegn geðfötluðum leynist víða.

Þeirri spurningu er velt upp hvort þunglynd móðir, sem missti börn í fóstur, hefði fengið meiri stuðning og annað viðmót í félagslega kerfinu hefði hún verið með annan sjúkdóm en geðsjúkdóm. Mörg dæmi eru um hreyfihamlað fólk sem fær mikinn stuðning við umönnun barna sinna, jafnvel allan sólarhringinn, án þess að deilt sé um foreldrahæfni þeirra.

„Fordómar um að geðfatlað fólk sé ofbeldisfyllra og geti þar af leiðandi sett börn sín í hættu, eru enn mjög ríkjandi,“ segir Anna.

**-ebg /** **sjá síðu 10**



> Eðlilegra er að fjölskyldur fái viðeigandi stuðning, í samráði við foreldra
>
> *Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræði*







## SPURNING DAGSINS



Sigríður, hefur Özil nokkuð komið við hjá þér?

**„Nei hann er í Brasilíu að afsanna hið fornkveðna að líkur sæki líkan heim.“**

Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir þykir nauðalík þýska knattspyrnumanninum Mesut Özil.

Framkvæmdastjóri Terra Mítica segir að brugðist hafi verið skjótt við þegar piltur kastaðist úr rússíbana :

# Segir sjúkrabíl hafa komið fljótt á staðinn

**SLYS** „Það liðu ekki meira en tíu mínútur þar til ungi maðurinn var kominn undir læknishendur,“ segir Joaquín Valera, framkvæmdastjóri skemmtigarðsins Terra Mítica.

Fréttablaðið spurði framkvæmdastjórann hvernig brugðist hafi verið við þegar íslenskur piltur lést þar síðastliðinn mánudag.

„Brugðist var fljótt við,“ segir Valera. „Tæknimenn huguðu að honum strax eftir slysið. Eftir um fimm mínútur voru læknar okkar komnir á vettvang en þeir eru þjálfaðir meðal annars í því að takast á við aðstæður sem þessar. Fáum mínútum síðar komu tveir sjúkrabílar. Annar þeirra var sérútbúinn sjúkrabíll með öllum tækjum og tólum jafnvel til skurðaðgerða. Annars er allt þetta ferli skjalfest hjá lögreglu.“

Valera segist ekki hafa áhyggjur af þeim skaðabótum eða öðrum skaða sem skemmtigarðurinn gæti orðið fyrir vegna málsins.

> **Hugur okkar er hjá fjölskyldu hins látna.**
> *Joaquín Valera, framkvæmdastjóri skemmtigarðsins Terra Mítica.*

„Það er ekki það sem við erum að hugsa um núna,“ segir hann. „Hugur okkar er hjá fjölskyldu hins látna.“

Þá segir Valera þá spurningu hvort hann sjálfur geti orðið sekur fundinn, ekki vera viðeigandi á þessari stundu. -jse



**ÚR SKEMMTIGARÐINUM TERRA MÍTICA** Framkvæmdastjórinn segir hug starfsmanna og stjórnenda vera hjá fjölskyldu hins látna.



**SKILIÐ EFTIR** Í gær mátti sjá illa hirt svæði við Miklubraut og Hringbraut. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Margar hrúgur af slegnu grasi við Miklubraut og Hringbraut:

# Biluð rakstrarvél skýrir gul hey

**REYKJAVÍKURBORG Hrúgur af slegnu grasi hafa síðustu daga verið skildar eftir á mörgum svæðum meðfram Miklubraut og Hringbraut. Á sumum stöðum höfðu hraukarnir legið óhreyfðir í talsverðan tíma og heyin farin að gulna.**

**Jón Halldór Jónasson, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar, segir ástæðuna fyrir þessu hiksti í umhirðunni þá að rakstrarvél fyrirtækisins Garðlistar, sem sér um slátt við stofnbrautir borgarinnar, hafi bilað. Vélin sé nú komin í lag. Hreinsa átti heyin upp í gærkvöldi.** -hg

Betur hugað að eldvörnum:

# Slökkvistarfinu lýst í borgarráði

**BRUNI** Birgir Finnsson aðstoðarslökkviliðsstjóri ræddi slökkvistarf í Skeifunni á sunnudagskvöld á fundi borgarráðs í gær. „Hann fór yfir það hvað við þeim blasti og hvernig þeir brugðust við,“ segir S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs.

„Það þarf að huga að byggingarreglugerðum, hvernig þær standast tímans tönn. Þarna eru hús frá ákveðnu tímabili sem eru byggð með ákveðnum hætti,“ segir Björn og vísar þar til þess að þakbindingin myndi ekki standast nútímareglugerð. -jhh

Sameiginlegt guðshús:

# Kirkjan safnar fyrir mosku

**SVÍÞJÓÐ** Söfnuður innan sænsku kirkjunnar safnar nú fyrir byggingu sameiginlegs guðshúss fyrir mótmælendur, kaþólikka og múslíma í Nacka í Stokkhólmi. Að baki verkefninu standa söfnuðir þessara trúfélaga í Nacka.

Í upphafi var fyrirhugað að reisa mosku við hlið nýrrar kirkju í Nacka en múslímar áttu í erfiðleikum með að greiða fyrir lóðina, að því er segir á vef Kristilega dagblaðsins í Danmörku. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að safna fé til sameiginlegs guðshúss. -ibs

# Fríar íþróttaæfingar í boði við Fellaskóla

Börn og unglingar geta mætt á ókeypis íþróttaæfingar á lóð Fellaskóla í Breiðholti í sumar. Hverfið valið fyrir verkefnið þar sem nýting frístundakortsins er minni þar en í öðrum hverfum. Æfingarnar auglýstar í 130 stigagöngum og í verslunum.

**ÍÞRÓTTIR** Það hefur verið líf og fjör á lóð Fellaskóla á þriðjudögum og fimmtudögum í sumar. Þar er boðið upp á ókeypis íþróttaæfingar fyrir börn og unglinga síðdegis á þriðjudögum og fimmtudögum og heitir verkefnið SAMSPIL.

Verkefnið, sem hófst snemma í júní og stendur út júlí, er styrkt af íþrótta- og tómstundaráði og er í samvinnu við íþróttafélögin í Breiðholti og þjónustumiðstöðina þar.

„Við hengdum upp plaköt á fjórum tungumálum í 130 stigagöngum í Fella- og Hólahverfi í Breiðholti og í nokkrum búðum í nærumhverfinu. Lög sem banna kynningu á frístundastarfi í skólum hafa ekki greitt götu þessa verkefnis. Það er svolítið leiðinlegt því að þetta er alveg ókeypis,“ segir Eva Dögg Guðmundsdóttir, stjórnandi verkefnisins.

Eva Dögg, sem er með meistaragráðu í menningar- og innflytjendafræðum frá Háskólanum í Hróarskeldu í Danmörku, segir að ákveðið hafi verið að hafa verkefnið í Breiðholti þar sem nýting frístundakortsins hafi verið miklu minni þar en í öðrum hverfum Reykjavíkurborgar. „Í hverfi 111 er nýting bara 61 prósent en hún er 76 til nær 90 prósent í öðrum hverfum.“

Hugsunin á bak við verkefnið er að flytja íþróttirnar út í hverfið og kynna þær á forsendum barnanna og unglinganna sjálfra, að því er Eva Dögg greinir frá.

„Það er bara að mæta og vera með á lóð Fellaskóla sem var svo vinveittur að lána okkur skólalóðina til verkefnisins. Það er ekki nauðsynlegt að mæta í íþróttafatnaði. Boðið er upp á æfingar í ýmsum íþróttagreinum. Einmitt núna er það fótbolti. Auk fótbolta eru á dagskrá handbolti, körfubolti og frjálsar íþróttir og er hver grein kynnt í fjögur skipti. Verkefnið er hugsað sem brú yfir í íþróttirnar.“

Eva Dögg getur þess jafnframt að í lok hverrar íþróttaæfingar sé boðið upp á lífsleikniæfingar.

„Þær byggjast á fjórum grunnsteinum. Um er að ræða fræðslu um fordóma, einelti og staðalímyndir auk valdeflingar. Í hverfinu koma margir saman af ólíku þjóðerni. Það er upplagt að nýta frírýmið sem frístundir eru til að hrista hópinn saman og gefa honum um leið mynd af því að við erum ekki jafn ólík og við höldum,“ segir Eva Dögg.

Á hverja æfingu hafa komið tíu til fimmtán börn og unglingar.

„Aðsóknin hefur verið góð en hún hefði mátt vera betri. Æfingarnar fyrir 3. til 5. bekk eru frá 15 til 16.15 á þriðjudögum og fimmtudögum en frá 16.15 til 18 fyrir 6. til 8. bekk. Svo erum við með Facebook-síðu þar sem lesa má um verkefnið,“ útskýrir Eva Dögg.

ibs@frettabladid.is



**STUÐ Á SKÓLALÓÐINNI** Eva Dögg Guðmundsdóttir, stjórnandi verkefnisins Samspils, segir íþróttirnar kynntar á forsendum barnanna og unglinganna sjálfra. Það sé bara að mæta. Íþróttafatnaður er ekki nauðsynlegur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






Miskabótakröfu í meiðyrðamáli Gunnars í Krossinum var vísað frá dómi:

# Fimm ummæli dæmd ómerk

**DÓMSMÁL** Fimm ummæli Pressunnar um mál Gunnars Þorsteinssonar í Krossinum voru dæmd ómerk í héraðsdómi í gær.

Stefndu voru sýknuð af öllum hinum en alls krafðist Gunnar ómerkingar á tuttugu og einum ummælum. Fimmtán milljóna króna miskabótakröfu Gunnars á hendur fyrrverandi ritstjóra Pressunnar, Steingrími Sævari Ólafssyni, Ástu Knútsdóttur og Sesselju Engilráðar Barðdal var vísað frá dómi.

Málið á rætur sínar að rekja til fréttaflutnings Pressunnar af ásökunum hóps kvenna sem ásökuðu Gunnar um að hafa beitt sig kynferðisofbeldi. Fyrir hópnum fóru fyrrnefndar Ásta og Sesselja.

„Mér finnst þetta rosalega mikill sigur,“ sagði Sesselja eftir uppkvaðninguna í Héraðsdómi í gær.

„Sérstaklega líka fyrir þessa þolendur að fá að koma í dómsal með öll brotin sín fyrnd og fá að segja sannleikann fyrir framan dómarann og festa hann í dómskjöl um aldur og ævi er gríðarlegur sigur,“ bætti Ásta Knútsdóttir við.

Gunnar sagði niðurstöðuna stórsigur. En var þetta ekki einungis lítill hluti þeirra ummæla sem Gunnar hefði viljað fá dæmd ómerk?



**STÓRSIGUR** Gunnar var ánægður með niðurstöðuna sem kunngjörð var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Vissulega, vissulega. Það er fjöldi ummæla sem ég tel ómerk en við fengum þarna dóm í verulega þungum og erfiðum ummælum og ég er mjög þakklátur fyrir það.“ Hann hyggst skoða framhaldið í samráði við fjölskyldu sína. - nej



RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
GILDIR 10.07-16.07
SUMAR ÚTSALA
ALLT AÐ 50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!
MOSS GARÐHÚSGÖGN
Flott borð, 4 þægilegir armstólar og sessur með slitsterku polyester áklæði. Stólarnir falla alveg undir borðið og spara þannig pláss. Stærð á borði: B120 x L120 x H74 sm. Vnr. 3763200
BORÐ + 4 STÓLAR + SESSUR
Jutlandia Polyrattan
VIÐHALDSFRÍTT
VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR
SPARIÐ 50.000 AF SETTI
FULLT VERÐ: 129.990
79.990
FSC
Jutlandia Harðviður
CALAMAR BORÐ
Vandað borð úr áli og með borðplötu úr gegnheilum harðviði. Stærð á borði: B89 x L150 xH74 sm. Vnr. 34888001
33% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 29.990
19.990
GEDSER SÓLSTÓLL
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Fæst ísvörtu, rauðu og bláu. Vnr. 3738500
FULLT VERÐ: 7.995
6.495
SPARIÐ 1500 KRÓNUR
SPARIÐ 3000 KRÓNUR
FULLT VERÐ: 12.990
9.990
OXFORD SÓLSTÓLL
Góður sólstóll úr stáli með þykkum og mjúkum sessum úr polyester. Hátt bak og skemill. 5 stillingar á baki. Vnr. 3721100
UDINESE ARMSTÓLL
Flottur armstóll með sterku polyrattan efni. Vnr. 3723600
FULLT VERÐ: 12.995
6.990
46% AFSLÁTTUR
ÚTILEGUSTÓLL
1.395
HALDBAKKEN ÚTILEGUSTÓLL
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara. Hægt að leggja saman. Fáanlegur í þremur flottum litum. Vnr. 3761300

## SVONA ERUM VIÐ



**4.326** börn fæddust á Íslandi á síðasta ári.

Í fyrra komu 2.129 drengir í heiminn og 2.197 stúlkur.

Óeiningar gætir meðal uppreisnarmanna en úkraínski herinn hefur verið í mikilli sókn síðustu daga:

# Þrýst á Rússa að stöðva vopnaflutninga

**ÚKRAÍNA, AP** Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og Francois Hollande forseti Frakklands þrýsta nú á Vladímír Pútín, forseta Rússlands, að komið verði í veg fyrir að vopn berist yfir rússnesku landamærin til uppreisnarmanna í Úkraínu.

Rússar gáfu út í gær að hugsanlegt væri að Úkraínumenn fái að sinna landamæraeftirliti með Rússum til að koma í veg fyrir að fleiri vopn berist yfir landamærin.

Stórveldin þrjú hafa öll lýst því yfir að brýnt sé að vopnahlé komist á sem fyrst í Úkraínu.

Úkraínski herinn hefur sótt á síðustu daga. Um helgina náði herinn völdum í einu höfuðvígi uppreisnarmanna, borginni Slovyansk í austurhluta Úkraínu.

Samkvæmt fréttaveitunni AP hefur talsverðrar óeiningar orðið vart meðal uppreisnarmanna og hefur hluti þeirra lagt niður vopn. Þeir telja Rússa hafa svikið sig auk þess sem margir þeirra hafa ekki fengið greitt. -ih



**MIKIL EYÐILEGGING** Ekið framhjá sprengjugíg nálægt borginni Slavyansk sem stjórnarherinn náði tökum á um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/AFP

# Smálaxafæð ekkert einsdæmi á Íslandi

Hvort sem litið er til laxveiðiáa í Evrópu eða Norður-Ameríku þá hafa göngur smálaxa ekki skilað sér. Smálax sem hefur veiðst er rýr. Fjöldi örlaxa sem þegar hafa veiðst veldur mönnum áhyggjum og kallað er eftir rannsóknum án tafar.

**VEIÐI** „Þetta er alls staðar svona þar sem ég þekki til. Í Skotlandi er enginn smálax kominn enn þá. Það sama á við um Írland og Noreg, og það sama er að gerast í ám á norðurströnd Spánar þar sem vel gekk með stórlax í vor," segir Orri Vigfússon, formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna, sem hefur þungar áhyggjur af upphafi laxveiðitímabilsins hér heima, og víða um heim.

Orri bætir við að þegar litið er lengra frá Íslandi þá sé það sama uppi á teningnum í Kanada, en ljósið í myrkrinu séu einstaka laxveiðiár á Kólaskaga í Rússlandi.

„Alls staðar er stórlaxinn mjög vel haldinn, öfugt við smálaxinn sem stendur ekki út úr hnefa. Hreistursýni af smálöxum úr Norðurá sýna lélegan vöxt á seiðunum sem gengu til sjávar í fyrra. Það bendir til þess að hann hafi lítið haft að éta, eða eitthvað annað sé að. Þroskinn er mjög lélegur," segir Orri sem vill ekki tengja laxagengd á neinn hátt við veðurlag vorsins og það sem af er sumars.

Ásgeir Heiðar, einn reyndasti leiðsögumaður og laxveiðimaður á Íslandi, dregur upp sömu mynd af veiðisumrinu og Orri. Einnig að eftir næsta stórstraum, sem er eftir helgina, þá hafi myndin skýrst með það hvernig sumrinu muni vinda fram.

„Þetta lítur alls ekki vel út. Ef það gerist ekkert á næsta stórstraumi þá vita menn hvers kyns er," segir Ásgeir sem rifjar upp veiðisumarið 2007 spurður um sambærilega þróun. „Mér sýnist þetta líka vera miklu verra en sumarið 2012," segir Ásgeir, sem nefnir að Blanda sé vissulega á góðri siglingu, en smálaxinn sé seingenginn þar á bæ og veiðin núna segi bara hálfa söguna.



**Í DAMMINUM** Blanda hefur sérstöðu það sem af er sumri, en þar hefur veiðst frábærlega að undanförnu. MYND/LAX-Á



**ÁSGEIR HEIÐAR**



> **Alls staðar er stórlaxinn mjög vel haldinn, öfugt við smálaxinn sem stendur ekki út úr hnefa.**
>
> *Orri Vigfússon, formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna.*

Ásgeir hefur sérstakar áhyggjur af örlöxum sem hafa veiðst víða. „Það er eitthvað skrítið að menn nái kvótanum í Elliðaánum en hafi ekki í matinn," segir Ásgeir sem er þeirrar skoðunar að senda eigi tafarlaust hreistursýni til rannsóknar af örlöxum sem hafa veiðst.

Það sem af er sumri hefur Ásgeir Heiðar verið við leiðsögn í Langá, Soginu, Leirvogsá, Elliðaánum og víðar. „Svo er ég að fara í þriggja vikna úthald úti um allt, og er ekkert svakalega bjartsýnn. Ég var uppi í Kjós áðan, þar er æðislegt vatn. Sama á við um Leirvogsána og allar þessar sprænur. En það er bara enginn fiskur. Fiskifræðingarnir virðast ekkert vita, svo hvernig eigum við leikmennirnir að vita nokkuð."

svavar@frettabladid.is



**HÚSASMIÐJAN** Árni Stefánsson, forstjóri Húsasmiðjunnar, segir í tilkynningu niðurstöðuna vera fagnaðarefni.

Fyrri eigendur ná sáttum:

## Gerðu sátt vegna meints samráðs

**SAMKEPPNISMÁL** Fyrrverandi eigendur Húsasmiðjunnar hafa undirritað sátt við Samkeppniseftirlitið vegna rannsóknar á meintu verðsamráði á árunum 2008 til 2011.

Sérstakur saksóknari gaf út ákæru í maí vegna meintra samkeppnislagabrota Byko, Húsasmiðjunnar og Úlfsins. Þá hafði rannsókn embættisins staðið yfir í rúm þrjú ár.

Ákæra sérstaks saksóknara á hendur þeim starfsmönnum fyrirtækjanna, sem taldir eru eiga aðild að brotunum, er enn til meðferðar í dómskerfinu. -hg

## Sigurður Hallvarðsson látinn

Sigurður Helgi Hallvarðsson, málarameistari og Þróttari, lést í gær 51 árs að aldri. Banamein hans var krabbamein. Á yngri árum stundaði Sigurður knattspyrnu með Þrótti í Reykjavík. Hann spilaði jafnframt með Knattspyrnufélagi Siglufjarðar, sem var hans fæðingarbær. Sigurður þjálfaði einnig og lék með öðrum félögum.



Sigurður hlaut í vor samfélagsverðlaun Fréttablaðsins sem hvunndagshetja ársins. Sigurður lætur eftir sig eiginkonu og níu börn og fósturbörn.



**LUNDI** Mælt er með mjög lítilli lundaveiði í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mjög takmörkuð lundaveiði:

## Leggja til veiði á lunda í 5 daga

**UMHVERFISMÁL** Bæjaryfirvöld í Vestmannaeyjum leggja til að lundaveiði í Eyjum verði heimiluð í fimm daga í ágúst.

Þetta kemur fram í bókun umhverfis- og skipulagsráðs í gær. Þar segir að ákvörðunin sé tekin með hliðsjón af ástandi stofnsins síðastliðin ár og þeim mikilvæga menningarlega þætti sem lundaveiði er í sögu Vestmannaeyja.

Árin 2011 og 2012 var engin lundaveiði heimiluð í Vestmannaeyjum að frumkvæði bæjaryfirvalda en árin þar á undan voru verulegar hömlur settar á veiði eins og gert var síðasta ár þegar fimm dagar voru leyfðir til veiða í júlí. -shá

Bandaríska sendiráðið flytur:

## Af Laufásvegi eftir áratugi

**STJÓRNSÝSLA** Bandaríska sendiráðið undirritaði í gær samning við verktakafyrirtækið Ístak um kaup á húsi við Engjateig. Sendiráðið mun því flytja af Laufásvegi 21, þar sem það hefur verið til húsa í áratugi. Áður voru höfuðstöðvar Ístaks á Engjateigi. Þó er ekki ljóst hvenær sendiráðið flytur.

Á Facebook-síðu sendiráðsins má sjá að flutningarnir eru starfsfólki fagnaðarefni og tilhlökkunin mikil. -sks






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**SÓL Í HJARTA** Það verður heldur þungbúið á landinu um helgina. Töluverð rigning SA-lands í dag og einhver væta í öðrum landshlutum, síst norðantil þar sem mestar líkur eru á að sú gula láti sjá sig. Við verðum því að láta sól í hjarta duga enn um sinn!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Friedrichshafen | 19° | New York | 28° |
| Aþena | 32° | Gautaborg | 23° | Orlando | 31° |
| Basel | 27° | Kaupmannahöfn | 23° | Ósló | 25° |
| Berlín | 25° | Las Palmas | 25° | París | 22° |
| Billund | 24° | London | 20° | San Francisco | 19° |
| Frankfurt | 25° | Mallorca | 29° | Stokkhólmur | 20° |

**Á MORGUN** Yfirleitt 3-8 m/s, hvassara á annesjum NV-til.




**SUNNUDAGUR** Strekkingur við SA-ströndina, annars hægari.






**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is





Euromoney 2014

# Íslandsbanki valinn besti bankinn og besti fjárfestingabankinn

EUROMONEY
Awards for excellence
2014

Tímaritið Euromoney hefur valið Íslandsbanka besta bankann á Íslandi annað árið í röð og nú einnig besta fjárfestingabankann. Þetta virta fjármálarit útnefnir árlega bestu bankana í um 100 löndum út frá ýmsum þáttum; t.d. arðsemi eigin fjár, gæðum lánasafna, árangri í hagræðingu og markaðshlutdeild á ýmsum sviðum.

Þessar mikilvægu viðurkenningar staðfesta að kraftmikið starf og skýr markmið hafa skilað sér í framúrskarandi þjónustu og öflugri rekstri.

Íslandsbanki þakkar viðskiptavinum og starfsfólki þennan frábæra árangur - annað árið í röð!

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

ENNEMM / SIA / NM63593

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Í hvaða bæ skemmdi fyrrverandi bæjarfulltrúi friðað hús?
**2.** Hvað eru núna margir byggingakranar á höfuðborgarsvæðinu?
**3.** Í hvaða landi verður Ragnar Óskarsson aðstoðarþjálfari næsta vetur?

**SVÖR:**

1. Bolungarvík. 2. 144. 3. Frakklandi.

Landbúnaðarráðuneytið skipar starfshóp í kjölfar umfjöllunar um vottun á vistvænni framleiðslu:

# Endurskoða reglur um vistvænan landbúnað

**NEYTENDAMÁL** Reglugerð um vistvæna landbúnaðarframleiðslu verður endurskoðuð af nýjum starfshópi sem Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að skipa.

Hópnum er ætlað að fara yfir reglugerðina í heild sinni, meðal annars allar skilgreiningar á framleiðslunni og reglur um eftirlit.

Fréttablaðið hefur greint frá því að undanförnu að ekkert eftirlit hafi verið með vottuninni Vistvæn landbúnaðarafurð sem flestir grænmetisbændur setja á vörur sínar. Vottunin hafi ekki verið gefin út um margra ára skeið. Sigurður Ingi sagði þá að reglugerðin væri komin til ára sinna og nauðsynlegt að gefa hana út að nýju og koma eftirliti á. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er þessi nýi starfshópur skipaður í kjölfar umfjöllunar Fréttablaðsins.

Hópinn skipa fulltrúar ráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og Sölufélags garðyrkjumanna. Þá hefur Neytendasamtökunum verið boðið að skipa fulltrúa.

Tillögum hópsins er ætlað að byggja nýjan grunn að reglum um vistvæna landbúnaðarframleiðslu. Þar til þeirri vinnu lýkur verður stuðst við núgildandi reglugerð og þeir framleiðendur sem áður hafa fengið vottun geta á grundvelli reglugerðarinnar fengið viðurkenningu á því að þeir standist skilyrði hennar. Áfram verður stuðst við gildandi merki um vistvæna framleiðslu. **-fbj**




**FRÉTTABLAÐIÐ 27. JÚNÍ SÍÐASTLIÐINN** Fram hefur komið í Fréttablaðinu að nær allt íslenskt grænmeti er merkt vottun sem enginn fylgist með.



**MIKIÐ MANNFALL** Lík tveggja ára gamals palestínsks drengs sem féll í loftárás Ísraelshers. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ban Ki-moon segir nauðsynlegt að vopnahléi verði komið á:

## Yfir áttatíu fallið í loftárásum

**ÍSRAEL, AP** Ísraelski herinn hefur hert sókn sína gegn Hamas á Gasa.

Yfir 85 Palestínumenn hafa fallið í loftárásum Ísraelshers á yfir 750 skotmörk síðustu daga, þar af um helmingur konur og börn.

Átta Palestínumenn féllu þegar sprengja féll á kaffihús á Gaza þar sem leikur Argentínu og Hollands var sýndur í undanúrslitum heimsmeistaramótsins í knattspyrnu.

Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna, lýsti því yfir í gær að leita yrði allra leiða til að stöðva blóðbaðið og koma á vopnahléi.

Hvorki Ísraelar né Hamas-liðar hafa sýnt merki um að þeir muni gefa eftir. Ísraelski herinn hefur kallað út tuttugu þúsund manna varalið. Fulltrúar hersins segja að innrás gæti verið yfirvofandi hætti Hamasliðar ekki að skjóta flugskeytum á borgir og bæi í Ísrael.

Viðvörunarlúðrar hafa verið þeyttir reglulega vegna flugskeytaárásanna en engir Ísraelar hafa særst alvarlega í flugskeytaárásum Hamas. **-ih**






**RAFLÍNUR** Ef sveitarfélög vilja raflínur í jörð í sínu landi þurfa þau að borga umframkostnaðinn samkvæmt frumvarpi iðnaðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sveitarfélög greiði fyrir raflínur í jörð

Tillögur iðnaðarráðherra um breytingar á raforkulögum gætu flutt milljarðakostnað yfir á sveitarfélög þegar nýjar raflínur eru lagðar. „Betra væri að fella ákvæðið úr frumvarpinu," segir lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**ORKUMÁL** Tillaga Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, að nýjum raforkulögum getur varpað milljarðakostnaði vegna lagningar raflína í hendur sveitarfélaga. Ef flutningslínu er valinn annar staður eða önnur útfærsla en sú sem Landsnet telur réttasta er heimilt að krefja þann sem óskar slíkrar breytingar um kostnaðarmuninn leiði útfærslan til aukins kostnaðar. Þetta ákvæði laganna eru sveitarstjórnarmenn, náttúruverndarsamtök og Samband íslenskra sveitarfélaga ekki sátt við.



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

Markmið frumvarpsins er að kerfisáætlun fái traustan grundvöll sem er nauðsynlegt fyrir áætlun sem lýtur að mikilvægum grunnkerfum landsins. Jafnframt er það markmið frumvarpsins að einfalda fyrirkomulag leyfisveitinga þegar kemur að framkvæmdum við flutningskerfið og gera ferla skilvirkari.

Guðjón Bragason, lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir fulltrúa sambandsins hafa gert athugasemdir við þetta ákvæði á samráðsfundum um frumvarpið. Þess megi vænta að einhverjar sveitarstjórnir mótmæli því í umsagnarferlinu. „Í samráðsferlinu sögðum við okkar skoðun á þessu ákvæði. Við teljum að orðalagið sé ekki nógu skýrt og betra væri að fella þetta ákvæði úr frumvarpinu. Ekki er t.d. skilgreint nægilega hverjir þessir aðilar séu sem óska slíkra breytinga en það geta væntanlega verið ýmsir fleiri en sveitarfélögin sem falla þar undir."

Guðjón segist aðspurður telja að ágætlega hafi verið vandað til undirbúnings frumvarpsins en hér sé augljóslega um að ræða mál sem hljóti að verða umdeilt, enda séu miklir hagsmunir í húfi. Mikilvægt sé að skýra betur í greinargerð með frumvarpinu hvaða vandamál eigi að leysa með því að leggja frumvarpið fram. Fulltrúar sambandsins hafi lagt áherslu á að standa þurfi vörð um skipulagsvald sveitarfélaga en sveitarfélögin skorist hins vegar á engan hátt undan því að taka þátt í málefnalegri umræðu um það hvernig almannahagsmunir verði tryggðir við gerð skipulagsáætlana. Ýmis atriði í frumvarpinu séu tvímælalaust til bóta. Markmið frumvarpsins sé þannig m.a. að tryggja víðtækt samráð um efni kerfisáætlunar allt frá því að undirbúningur við gerð hennar hefst, en fram til þessa hefur skort reglur um það samráðsferli.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, vildi ekki tjá sig við blaðamann þegar eftir því var leitað.

### Verða að tryggja fjármögnun ef samtök vilja koma breytingum á framfæri



**Helga Árnadóttir**, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, telur frumvarpið sérstakt. Í framhaldinu ætli samtökin að skoða málið betur. „Kerfisáætlun er þess eðlis að hún þarf ekki að fara í almenna kynningu og umsagnarferli sem opinberum aðilum ber að taka tillit til, þar sem Landsnet er opinbert hlutafélag. Það er því vægast sagt sérstakt ef aðilar sem vilja koma breytingum á framfæri geti það ekki nema að tryggja fjármögnun þeirra á sama tíma. Frumvarpið hefur enn ekki verið lagt fram en við munum skoða málið betur í framhaldinu," segir Helga Árnadóttir.

HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | LYFTISTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | ... O.FL.

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ ENN BETRA DORMAVERÐ

# DORMA
– býður góða nótt

# EKKI MISSA AF ÞESSU
# SUMARÚTSALA
# 20-50% AFSLÁTTUR

## NATURE'S COMFORT
heilsurúm

Verðdæmi ➔ 180x200 cm



ÚTSALA 30.000 KRÓNA AFSL.

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
134.900
FULLT VERÐ 164.900

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

## NATURE'S REST
heilsurúm

Verðdæmi ➔ 100x200 cm



ÚTSALA 20.000 KRÓNA AFSL.

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
52.900
FULLT VERÐ 72.900

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Fábærar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

## FLORIDA
hornsófi
með tungu

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
179.900
FULLT VERÐ 239.900

ÚTSALA 60.000 KRÓNA AFSL.



Stærð: 320 x 200/150 H: 90 cm.
Slitsterkt Cortina svart áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna. Vinstri tunga á mynd.

## MILANO
hægindastóll

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
24.950
FULLT VERÐ 49.900

ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR



Brúnt tauáklæði

## AUGUSTA
hægindastóll

Rautt, svart, brúnt, grátt og beige ekta-leður á slitflötum..



DORMA – býður góða nótt
HM TILBOÐ
84.900
FULLT VERÐ 99.900

100% Real LEATHER Top Quality

## SIESTA svefnsófi

DORMA – býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
109.900
FULLT VERÐ 139.900



ÚTSALA 30.000 KRÓNA AFSL.

Stærð: 192 x 85 cm. Slitsterkt áklæði – margir litir. Dýnustærð 147x197 cm. Rúmfatageymsla

## DÚNSÆNG
140x200 cm.
50% gæsadúnn
50% smáfiður

ÚTSÖLUVERÐ: 13.230

Fullt verð: 18.900,-

## DÚNKODDI
50x70 cm.
15% gæsadúnn
85% smáfiður

ÚTSÖLUVERÐ: 3.430

Fullt verð: 4.900,-



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

DORMA
– býður góða nótt

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00**
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á meðan á útsölunni stendur og birgðir endast.

Deilt vegna njósnamála:

## Þjóðverjar reka CIA-mann heim

**ÞÝSKALAND** Yfirvöld í Þýskalandi hafa ákveðið að reka starfsmann bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, úr landi vegna tveggja njósnamála sem nú eru til rannsóknar.

Formaður þýskrar þingnefndar segir ákvörðunina tekna vegna upplýsinga um njósnir bandarískra yfirvalda um þýska stjórnmálamenn og að viðbrögð bandarískra yfirvalda hafi verið ófullnægjandi og þau treg til samstarfs. -aí

Forstjóri stærsta verktakafyrirtækis Maine-ríkis skoðar Ísland og Grænland:

## Leitar að verkefnum hér á landi

**IÐNAÐUR** Forstjóri Cianbro, stærsta verktakafyrirtækis Maine-ríkis í Bandaríkjunum, er staddur hér á landi í leit að verkefnum í byggingariðnaði.

Í frétt á vefsíðu blaðsins Portland Press Herald segir að forstjórinn, Peter Vigue, ætli að funda með bæði stjórnmálamönnum og stjórnendum íslenskra fyrirtækja.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Vigue meðal annars fundað með starfsmönnum arkitektastofa í Reykjavík. Hann flaug til Grænlands í gær þar sem Cianbro er einnig í leit að verkefnum.

Fyrirtækið hefur komið að stórverkefnum á austurströnd Bandaríkjanna og byggingu nikkelverksmiðju á Nýfundnalandi og tveggja olíuborpalla í Brasilíu.

Heimsókn Vigue er í frétt Portland Press Herald tengd við ákvörðun Eimskips um að hefja siglingar á milli Íslands og borgarinnar Portland í Maine. -hg



**FRAMKVÆMDIR** Forstjóri Cianbro hyggst snúa aftur til Bandaríkjanna í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýr samningur undirritaður:

## Samið við Sviss um tvísköttun

**STJÓRNMÁL** Nýr samningur hefur verið undirritaður milli Íslands og Sviss til að komast hjá tvísköttun á tekjur og eignir.

Í nýjum samningum felst fyrst og fremst aðlögun að gildandi stefnu ríkjanna í tvísköttunarmálum og þeim breytingum sem orðið hafa á tvísköttunarfyrirmynd OECD frá því að núgildandi samningur var undirritaður 1988. Vonast er til að samningurinn geti komið til framkvæmda 1. janúar 2016. -jhh



**REISA KOFA** Skátarnir Atli Þór Hilmarsson og Birta Dís Hilmarsdóttir reisa kofa á leikjanámskeiði skátafélagsins Vífils í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Um fjögur þúsund manns munu koma saman á Akureyri:

## Landsmót skáta í undirbúningi

**SAMFÉLAGSMÁL Undirbúningur fyrir landsmót skáta á Akureyri er nú í fullum gangi. Landsmótið hefst um næstu helgi og mun standa í viku. Þar munu koma saman fjögur þúsund manns frá fjölmörgum löndum.**

**Frá skátafélaginu Vífli í Garðabæ fara um sextíu börn. Eva Mjöll Sigurbjörnsdóttir, skáti hjá Vífli, segir að mörgu að huga. „Krakkarnir hafa verið í fjáröflunum frá því í vetur. Svo þarf allur búnaður að vera í lagi því landsmótsgestir munu búa í tjaldi alla vikuna.“** -ih

# Vilja fá að veiða makrílinn heima

Vestfirðingar sigla gegnum gjöful makrílmið áður en þeir mega kasta. „Hoppa yfir marga læki til að ná í vatnið,“ segir útgerðarstjóri. Ástæðan fyrir bannsvæðum er verndun hrygningarsvæða. Sú ákvörðun er hins vegar byggð á gömlum gögnum.

**SJÁVARÚTVEGUR** Vestfirskum útgerðarmönnum svíður að þurfa að sigla tímunum saman fram hjá fjöldanum öllum af makríltorfum til þess að komast suður í Breiðafjörð þar sem þeir geta fyrst einbeitt sér að því að veiða makrílinn. „Já, við þurfum að hoppa margoft yfir lækinn til þess að sækja vatnið,“ segir Sverrir Pétursson, útgerðarstjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal. Hann vill knýja á um breytingu í þessum efnum enda drjúgur eldsneytisdropinn og tíminn á leiðinni á lögleg mið.

Ástæðan fyrir því að bannað er að veiða makríl þar sem hann heldur sig við Vestfirði er sú að þar er að finna mikilvæg hrygningarsvæði fyrir marga af okkar mikilvægustu stofnum. Páll Halldórsson, skipstjóri á Páli Pálssyni, segir hins vegar að þessi rök séu byggð á margra ára gömlum rannsóknum. „Það hefur nú afar mikið breyst á undanförnum árum,“ segir hann. Hann spyr einnig hvort skárra sé að makríllinn éti seiðin en að þau slæðist með makrílaflanum.

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri Nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar, segir að því sé ekki að neita að rannsóknargögnin séu komin til ára sinna. „Þetta er byggt á rannsóknum sem eru unnar á bilinu frá 1976 til 2003 og kannski má segja að það sé bagalegt að ekki sé hægt að vakta miðin betur, sérstaklega þegar svona ágengur fiskur herjar á miðin,“ segir hann. Hann telur hins vegar að breytingarnar hafi ekki orðið verulegar hvað hrygningarsvæðin varðar. Eins hafi vegferð strauma sem bera með sér mikilvægar lirfur ekki breyst.

Spurður hvort Vestfirðingar geti verið bjartsýnir á að þessari ákvörðun, sem tekin var árið 2009, verði breytt segir hann að Hafrannsóknastofnun hafi ekki borist erindi í þá veru sem væri fyrsta skrefið í þá átt. „Ég veit ekki hvort slík beiðni er til en hún hefur ekki borist okkur,“ segir hann.

Öllum viðmælendum Fréttablaðsins ber þó saman um það að makríllinn sé kominn mun norðar en áður. jse@frettabladid.is



**PÁLL HALLDÓRSSON Í BRÚNNI Á PÁLI PÁLSSYNI** Þeir nafnar verða að sigla fram hjá fjölmörgum vaðandi makríltorfum áður en hægt er að fara að veiða makríl. MYND/PÁLL PÁLSSON

> **Kannski má segja að það sé bagalegt að ekki sé hægt að vakta miðin betur, sérstaklega þegar svona ágengur fiskur herjar á miðin.**
>
> *Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri Nytjastofnasviðs Hafrannsóknastofnunar.*





Gillette gefur treyjuna til stuðnings Bláa naglanum.

**Viltu bjóða í Pelé?**

Á laugardag kemur í ljós í HM stofunni á RÚV hver hlýtur árituðu Pelé treyjuna sem verið hefur á uppboði undanfarnar vikur á vegum Bláa naglans, til stuðnings rannsóknum á ristilkrabbameini. Viltu bjóða í Pelé?

**Nú er hæsta boð orðið 400.000 kr.**
Kynntu þér málið á Facebook síðu Bláa naglans; www.facebook.com/blainaglinn.
Lokað fyrir tilboð kl. 15, 11. júlí. Tilboð sendist á blainaglinn@blainaglinn.is.

BLÁ NAGLINN


Fiskverkendur eru farnir að leita nýrra leiða til að höfða til kaupenda í Kína:

## Kínamarkaður farinn að hiksta

**SJÁVARÚTVEGUR** Útflutningur sjávarafurða til Kína hefur meira en tvöfaldast á þremur árum enda hafa fiskvinnslumenn verið duglegir að þróa nýjar vörur sem falla eins og flís við rass á Kínamarkaði.

En nú eru blikur á lofti þar eystra. Meðal annars hvað sæbjúgun varðar. Reykofninn á Grundarfirði, sem varð fyrstur til að flytja þau út, þurfti til dæmis að loka vinnslu í maí síðastliðnum vegna offramboðs á markaðnum. Verið er að koma vinnslunni af stað aftur. Árið 2010 fluttu Reykofnsmenn út yfir þúsund tonn af sæbjúgum og um tuttugu manns unnu við veiðar og vinnslu. „Við förum okkur bara hægt núna,“ segir Kári Ólafsson framkvæmdastjóri. Hann segir ómögulegt að segja hversu mikið verði hægt að selja á þessu ári.

Einnig hefur nokkuð dregið úr þessum útflutningi hjá Hafnarnesi á Þorlákshöfn en fyrirtækið komst einnig í þúsund tonna markið á sínum tíma. En ný staða kallar á ný ráð og nú hafa Hafnarnesmenn byrjað að selja sæbjúgun reykt, en við það eykst verðmæti þeirra mikið þótt afföll verði vissulega mikil. Að sögn Hannesar Sigurðssonar hjá Hafnarnesi getur kílóverðið á þeim reyktu verið vel upp í fimm þúsund krónur en á þeim fersku jafnvel undir 200 krónum. -jse



**SÆBJÚGU** Menn sækja ekki beinlínis gull í greipar Kínverja þótt vel hafi gengið undanfarin ár. MYND/ÓLAFUR HANNESSON

netto
Kræsingar & kostakjör













# GRILLAÐUR HUMAR

## Grillaður humar í skel

**1 kg humar í skel (fyrir um 4)**
**Hvítlaukssmjör**
**100 gr. smjör**
**1 msk. steinselja**
**2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir**

Bræðið smjörið í potti, bætið hvítlauk og steinselju út í og látið sjóða í um 2 mínútur.
Humarinn er settur í bakka með skelhliðina niður og penslaður vel með hvítlauksblöndunni. Grillið á miklum hita í 6 mínútur og snúið af og til.

## Ómissandi hvítlaukssósa

**1 dós sýrður rjómi 18% (200 gr)**
**2 pressaðir hvítlauksgeirar**
**1 msk. söxuð steinselja**
**1/2 tsk. sítrónusafi**

Öllu er blandað vel saman, gott að kæla vel áður en borið er fram.

## Grillað hvítlauksbrauð

**1 stk. snittubrauð**
**Hvítlaukssmjör**
**Hvítlaukssalt**
**Rifinn ostur**

Snittubrauðið er skorið í 3 stóra bita og svo eftir endilöngu þannig að úr verða 6 ílangar sneiðar. Smurt vel með hvítlaukssmjöri, rifinn ostur er settur yfir og örlítið af hvítlaukssalti. Svo eru brauðin grilluð hæfilega.

# Fordómar flýta fyrir fósturvistun

Foreldrar sem eru seinfærir eða eiga við geðrænan vanda að stríða verða fyrir fordómum um foreldrahæfni þeirra. Móðir með geðrænan vanda segist ekki hafa fengið viðeigandi úrræði og segir fordóma og skilningsleysi einkenna viðmót og úrræði barnaverndaryfirvalda.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is



**VELFERÐARMÁL** Í síðasta helgarblaði Fréttablaðsins var rætt við konu sem ólst upp hjá þroskaskertri móður. Hún sagði seinfæra foreldra verða fyrir miklum fordómum vegna foreldrahæfni sinnar og að fyrsta úrræði félagslega kerfisins sé oft að taka börnin af foreldrum sínum og senda í fóstur.

Fyrir utan að fósturvistun kosti kerfið mun meira en viðeigandi stuðningur við fjölskylduna hafi afleiðingar fósturvistunar mikil áhrif á börnin, sem vilja mörg helst búa hjá fjölskyldu sinni.

Í kjölfar viðtalsins hafa borist margar ábendingar foreldra sem segjast hafa fengið sambærilegt viðmót og fordóma frá félagslega kerfinu. Mikill meirihluti þeirra eru foreldrar með geðröskun.

Nýlega voru tvö börn tekin af móður á Akureyri og send í fóstur. Móðirin er með geðröskun en flutti til Akureyrar til að búa nær geðlækni sínum og leitaði hún sjálf eftir stuðningi við umönnun barna sinna.

Móðirin og aðstandendur hennar segja að henni hafi aldrei verið veittur viðeigandi stuðningur. Ástæða fósturvistunar er að börnin hafi sótt skólann illa, en óregla er á svefni móður vegna veikindanna. Fósturvistun var ákveðin þrátt fyrir mat hlutlauss sálfræðings og geðlæknis um að ekki ætti að taka börnin frá móðurinni vegna góðs og náins sambands þeirra, auk þess vildu börnin alls ekki fara frá móður sinni.

Spyrja má hvort þessi móðir hefði fengið meiri stuðning og annað viðmót í kerfinu hefði hún verið með annan sjúkdóm en geðsjúkdóm. Foreldrar þurfa aðstoð vegna mismunandi vanda. Mörg dæmi eru um hreyfihamlað fólk sem fær mikinn stuðning við umönnun barna sinna, jafnvel allan sólarhringinn, án þess að deilt sé um foreldrahæfni þeirra.



**Í SKÓLANUM** Vanræksla mæðranna tveggja sem fjallað er um lýsti sér í að börnin mættu illa í skóla. Ekki var um annan vanda að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, segir að þrátt fyrir miklar framfarir í þessum efnum hjá Reykjavíkurborg, leynist lúmskir fordómar víða. Líka hjá fagmenntuðu fólki í geiranum.

„Fordómar um að geðfatlað fólk sé ofbeldisfyllra og geti þar af leiðandi sett börn sín í hættu, eru enn mjög ríkjandi. Þegar upp kemur mál í fjölmiðlum er varðar geðfatlað fólk, er alltaf mikið gert úr geðfötluninni þótt ræturnar séu í öðrum þáttum eins og til dæmis vímuefnanotkun,“ segir Anna og bætir við að þetta liti viðhorf fólks til foreldrahæfni. „Fólk er hrætt um að foreldrar með geðrænan vanda beiti frekar ofbeldi eða vanrækti börn sín sem þeir eru í raun ólíklegir til að gera.“

Anna bendir á að tæplega 40 prósent öryrkja á Íslandi séu það á grundvelli geðraskana, það séu 6.400 manns. „Þjónustan sem hópurinn fær samsvarar svo sannarlega ekki þessu hlutfalli.“

Rannveig Traustadóttir, prófessor í fötlunarfræði, segir mörg dæmi um gott fjölskyldulíf þar sem foreldrar fá réttan stuðning.

„Erfiðustu og sárustu reynsluna finnum við hjá þeim sem hafa misst börnin sín og hjá börnum sem hafa verið send í fóstur. Þannig verður til langtímavandamál hjá þessum einstaklingum sem kerfið þarf að fást við. Eðlilegra er að fjölskyldur fái viðeigandi stuðning, í samráði við foreldra, í trausti en ekki þannig að þeir óttist að börnin verði tekin af þeim ef þeir viðurkenna að þeir þurfi aðstoð.“

Mannréttindalög og íslenska stjórnarskráin kveða á um að ekki megi mismuna fólki á grundvelli stöðu, svo sem fötlunar. Því er það í raun mismunun að fjarlægja börn frá foreldrum eingöngu á grundvelli þess að foreldrar eru fatlaðir. Aftur á móti er hvergi kveðið á um foreldrastuðning, eins og ekki sé gert ráð fyrir að fatlað fólk verði foreldrar.

## ➜ Maður hristir ekki af sér þunglyndi

**Margt er líkt með móðurinni sem nú hefur misst börn sín í fóstur og móður á Akureyri sem hefur átt við geðhvörf að stríða allt frá unglingsaldri. Hún á eitt barn.**

„Ég fæ þunglyndisköst og á þá mjög erfitt með að vakna á morgnana. Ég bað því um aðstoð hjá barnaverndarnefnd,“ segir móðirin sem vill ekki tala undir nafni af ótta við frekari fordóma í bæjarfélaginu. „Mér var boðið að fá tilsjónarmanneskju til mín klukkan átta á morgnana, en þá á barnið mitt að vera mætt í skólann, svo það var lítil aðstoð í því. Mér var sagt að ekki væri til peningur og erfitt væri að fá fólk í vinnu, og því ekki hægt að fá manneskju til mín fyrr. Það var aftur á móti til tími og peningur til að stinga upp á tímabundnu fóstri fyrir barnið mitt.“

Hún segir sér mest blöskra vinnubrögð og viðmót starfsfólks sem sé litað af miklum fordómum og skilningsleysi.

„Í fyrsta lagi viðurkennir félagsráðgjafi minn að hann hafi enga þekkingu á geðhvarfasýki. Í öðru lagi hef ég lesið í gegnum skýrslur mínar þar sem starfsmenn hafa skrifað setningar eins og: „Móðir á enn við geðrænan vanda að stríða,“ og: „Ekki hefur ræst úr þunglyndi móðurinnar.“ Þarna sést vanþekkingin. Þunglyndi er ekki eitthvað sem hverfur eða maður hristir af sér. Maður þarf að lifa með því og ég bað um aðstoð við nákvæmlega það.“

Móðirin segist aldrei hafa áður fundið fyrir slíkum fordómum vegna sjúkdóms síns, hvorki á vinnumarkaði eða annars staðar. Það hafi byrjað þegar barnið byrjaði í skóla og samskipti hennar við barnaverndaryfirvöld einkennist nú af tortryggni og ótta.

www.volkswagen.is



# Volkswagen Crafter á rekstrarleigu



HEKLA býður nú fyrirtækjum Volkswagen Crafter, Extreme Edition, hlaðinn aukabúnaði á **einstaklega hagstæðu mánaðargjaldi**. Greitt er fast mánaðarlegt leigugjald og bifreiðinni einfaldlega skilað í lok leigutímans.

| | Millilangur háþekja | Langur háþekja |
|---|---|---|
| VW Crafter með Extreme Edition aukahlutapakka | 5.840.637 | 6.039.841 |
| **Sértilboð** | **4.613.546** | **4.772.908** |
| | 12 mán. rekstrarleiga | 12 mán. rekstrarleiga |
| **Rekstrarleiga** | **128.559** pr. mán. | **131.497** pr. mán. |

**Öll verð eru án vsk.**

**Aukahlutapakki:** Hraðastillir (Cruise control), gólfklæðning, hliðarklæðning, fjaðrandi, hæðarstillanlegt og upphitað bílstjórasæti með armpúðum, vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli, rafmagnsmiðstöðvarhitari, fjarlægðaskynjarar að framan og aftan, aðgerðarstýri, rennur í flutningsrými, hliðarlýsing, díóðulýsing í flutningsrými.

**Staðalbúnaður:** ESP stöðugleikastýring og spólvörn, Hill Holder og tregðulæsing, ABS bremsur, rennihurð báðum megin, loftpúðar fyrir ökumann og farþega, rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar, fjarstýrð samlæsing, 2 sæta bekkur með geymslurými, armpúðar á bílstjórasæti, fullkomin aksturstölva, útvarp með geislaspilara, 270° opnun á afturdyrum.

Atvinnubílar

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




*Hafið samband og við kynnum fyrir ykkur óendanlega möguleika hvort sem er fyrir verslanir, stofnanir eða veitingahús þar sem koma þarf á framfæri auglýsingum eða upplýsingum með áhrifaríkum hætti.*

**Heimilistæki** ht.is

Heimilistæki söludeild, 5691520, sala@ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

PIPAR\TBWA • SÍA • 141948

# Eldfljót á nýjum





## Ný verslun Rekstrarlands verður opnuð í næsta nágrenni við gamla staðinn

## í Mörkinni 4, kl. 13.00 í dag

## aðeins 5 dögum eftir að hin gjöreyðilagðist í eldi.

Hjá Rekstrarlandi berum við höfuðið hátt þrátt fyrir að verslun okkar í Skeifunni hafi brunnið til kaldra kola á sunnudagskvöld. Með íslenskri bjartsýni, baráttu og dugnaði starfsfólks okkar og aðstoð góðra vina hafa kraftaverk verið unnin síðustu fjóra sólarhringa. Ný verslun, sem er stútfull af nýjum vörum, verður opnuð í Mörkinni 4 kl. 13 í dag.
Við viljum sérstaklega þakka hundruðum viðskiptavina fyrir ómetanlegan stuðning sem þeir hafa sýnt okkur í gegnum Facebook og í samtölum undanfarna daga.

**Það verður fjöldi glæsilegra opnunartilboða föstudag og laugardag.**
**Komdu og gerðu frábær kaup og fagnaðu með okkur nýjum áfanga!**

**LAUGARDAG:**
**Grillaðar pylsur, kók, Svali og Prins Polo***



*Meðan birgðir endast

olís

Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís
og er dótturfyrirtæki Olíuverzlunar Íslands hf.

# að opna
# stað!






BAMBO bleiur
**15%**
afsláttur



Öll gasgrill
**15%**
afsláttur




Tilboð
**2.500 kr.**
40 rúllur




Simoniz bílavörur
**40%**
afsláttur



Einnota vörur
**25%**
afsláttur

Fjöldi opnunartilboða í gangi föstudag kl. 13.00–18.00 og laugardag 10.00–16.00

REKSTRARLAND
– léttir þér lífið

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

Allt að verða eins og fyrir hrun.

# Hamingju hvað sem það kostar

Íslendingar eru aftur orðnir hamingjusamir. Næsthamingjusamasta þjóð í Evrópu meira að segja samkvæmt nýrri rannsókn European Social Survey sem tók til 29 Evrópuþjóða. „Hamingja Íslendinga nálgast það stig sem hún var fyrir bankahrun,“ sagði í frétt á Vísi í gær. Þar kom fram að eftir hrunið fyrir tæpum sex árum hefði hamingja Íslendinga dalað vegna fjárhagsáhyggna en væri nú í blússandi uppsveiflu.



Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Reyndar kom líka fram í fréttinni að hamingja barna og unglinga hefði aukist í kreppunni vegna fleiri samverustunda með foreldrum, en hamingja þeirra virðist ekki tekin með í heildarútreikninga á hamingju þjóðarinnar, hvernig sem þeir nú fara fram.

Ekki kemur fram í fréttinni af hverju þessi hamingjuaukning Íslendinga stafar en sé rýnt í fleiri fréttir undanfarinna vikna kemur í ljós að frasinn „eins og fyrir hrun“ kemur fyrir í hverri fréttinni af annarri. Íslendingar ferðast nærri jafn mikið til útlanda og þeir gerðu fyrir hrun, fasteignaverð nálgast það sem það var fyrir hrun, fjöldi byggingarkrana í Reykjavík er orðinn helmingur af því sem hann var fyrir hrun og svo framvegis. Góðærið er á hraðri innleið aftur og hamingjan eykst í samræmi við það, að því er virðist.

Í búsáhaldabyltingunni margumtöluðu var mikið rætt um það að nú hefðu Íslendingar lært sína lexíu og það ástand sem hér skapaðist í góðærinu „fyrir hrun“ gæti aldrei skapast aftur. Nú yrði horfið til fyrri gilda og ofuráherslan á efnisleg gæði þurrkuð út úr hamingjujöfnunni. Sú spá virðist ekki hafa gengið eftir. Þjóðin vill sitt góðæri og engar refjar og virðist hvorki hafa lært eitt né neitt af hruninu og eftirköstum þess. Enda herma nýjustu fréttir að Hannes Hólmsteinn ætli sér að sanna að í rauninni megi rekja orsakir hrunsins til áhrifa erlendra mafíósa á íslenska bankamenn, svo það er varla von að þjóðin líti svo á að hún beri nokkra ábyrgð á því. Vondu útlendingarnir stóðu auðvitað á bak við þetta allt saman. Við gerðum ekkert rangt.

Að öllu gríni slepptu þá er það dálítið ógnvekjandi hversu fljótt íslenska þjóðin virðist hafa gleymt því hvað það var sem leiddi okkur í þrot haustið 2008. Sex ár eru ekki langur tími en engu að síður virðist ástandið hér eftir hrun vera horfið úr minni flestra. Fólk man bara góðu tímana fyrir hrun og þráir sitt brauð og leiki, utanlandsferðir og íbúðir á uppsprengdu verði. Þeir sem vara við því að farið sé offari í efnahagsmálum eru aftur orðnir afturhaldsseggir og íhaldskurfar og bankar frábiðja sér viðskipti þeirra sem ekki eru í góðum efnum. Enga aumingja hér, takk fyrir.

Margir lífshamingjugúrúar predika að til þess að öðlast hamingju sé vænlegast til árangurs að einblína á það góða, fyrirgefa það slæma og gleyma því sem fyrst. Þá speki virðist íslenska þjóðin upp til hópa hafa tileinkað sér eftir hrun og uppskorið hamingju í samræmi við það. Við skulum bara vona að sú hamingja reynist ekki of dýru verði keypt þegar upp er staðið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Allar götur Hveragerðis**

Tekist var á um bæjarstjóralaun á fundi bæjarráðs Hveragerðis í síðustu viku. Bæjarstjórinn, Aldís Hafsteinsdóttir, fær nú 1,1 milljón króna í mánaðarlaun en var áður með eina milljón og fimmtíu þúsund. Fulltrúi Samfylkingarinnar, Njörður Sigurðsson, lagði til að launin yrðu lækkuð um 50 þúsund krónur, niður í eina milljón en þeirri tillögu var hafnað. Njörður vildi einnig að í stað bifreiðastyrks upp á 1.300 kílómetra á mánuði, sem gera um 150 þúsund krónur, yrði styrkurinn greiddur í samræmi við akstursbók. Í rökstuðningi fyrir þeirri breytingartillögu sagði Njörður að 1.300 kílómetra akstur svaraði til þess að bæjarstjóri keyrði allar götur í Hveragerði 50 sinnum.



**Brasilíu-kosningar**

Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, heldur áfram að ýta á ríkisstjórnina um að afturkalla aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu í grein á vef Evrópuvaktarinnar. Þar segir hann allar ríkisstjórnir hafa tilhneigingu til að fresta erfiðum ákvörðunum eins lengi og kostur er. Hann segir ríkisstjórnina augljóslega vilja fresta ESB-málinu eins lengi og hún getur eftir misheppnaða tilraun til þess í vetur. Styrmir segir þó að eitt ætti að vera orðið þingflokkum beggja flokka ljóst. Þeir geti ekki gengið til þingkosninga að þremur árum liðnum án þjóðaratkvæðagreiðslu í einu eða öðru formi um afstöðu Íslendinga til ESB. Geri þeir það ekki á kjörtímabilinu segir Styrmir að fara muni fyrir þeim eins og fór fyrir Brasilíu í umtöluðum fótboltaleik fyrir nokkrum dögum.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Chiagrautur og fagleg vinnubrögð

SAMFÉLAG



Kristín Soffía Jónsdóttir
borgarfulltrúi

Litla þjóðin sem fyrir svo stuttu síðan sat á moldargólfi í torfbæ og drakk mysu skiptist nú á uppskriftum á chia-grautum á Facebook og ræðir kosti og galla HD-útsendinga frá heimsmeistaramótinu í fótbolta.

Íslendingar geta verið stoltir af því að vera fljótir að tileinka sér nýjungar og vera óhræddir við tækni og framfarir. Orðspor okkar hefur jafnvel náð út fyrir landsteinana og þar erum við víst talin frábær í að takast á við ný og krefjandi verkefni enda til í allt (heyrt á hárgreiðslustofu).

Það sem er kannski lýsandi fyrir það hversu greiðan aðgang nýjungar eiga að Íslendingum er chia-grautur. Chia-grautur er frekar dýr vara sem hefur slepjukennda áferð og er smá vesen að útbúa. Fyrir 1.800 krónur má kaupa grátt slím sem minnir helst á einhverja óhugnanlega framtíðarmynd. Á örskömmum tíma hefur hann leyst af hafragrautinn, ristaða brauðið og jógúrtina.

Ég er stolt af því að vera hluti af þessari litlu þjóð sem hefur þróast á undraverðum hraða og sýnt heiminum að við séum alvöru leikmenn sem komast næstum því á HM. Ég er líka orðin þreytt á því að gömul vinnubrögð og skortur á fagmennsku sé hin hliðin á sama peningi.

Þá er ég kannski komin að punktinum, fylgja þessum nýjungum og framförum í tækni ný vinnubrögð?

> **➜ Við erum komin með nýjungarnar, við erum óhrædd og hugrökk. Núna þurfum við bara að tryggja vönduð vinnubrögð og þá lukkast þetta vel.**

Þær framfarir sem felast í því að skipa nefnd sem meta á hæfi seðlabankastjóra mega ekki felast í því að nefndin hittist á Skype og póki hvert annað á Facebook, heldur í faglegu vali nefndarmanna og faglegri vinnu nefndarinnar.

Gæði Háskóla Íslands sem óháðrar stofnunar geta ekki falist í spjaldtölvuvæðingu heldur því smáverkefni að stimpla ekki hvað sem er sem óháða úttekt í eigin nafni.

Ég rauk til og keypti chia-graut og mallaði eitthvað í flýti í eldhúsinu og endaði uppi með eitthvert hræðilegt grátt slím sem ég slafraði í mig í nafni framfara.

Við erum komin með nýjungarnar, við erum óhrædd og hugrökk. Núna þurfum við bara að tryggja vönduð vinnubrögð og þá lukkast þetta vel. Eftir ábendingar á Facebook í gær lærði ég að möndlumjólk og kíví eru lykillinn að vel lukkuðum chia-graut. Þar hafið þið það.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Talað tveimur tungum

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Afstaða 1: „Mér finnst fáránlegt að fólk sem býr á Íslandi tali ekki íslensku við börnin sín. Íslenska er þjóðtunga á Íslandi. Í öllu falli finnst mér að það ætti ekki að eyða peningum í að kenna börnum annað móðurmál. Það á bara að eyða peningum í að kenna þeim íslensku.“

Afstaða 2: „Mér finnst fáránlegt þegar Íslendingar í útlöndum tala ekki íslensku við börnin sín. Fólk er að glata einstöku tækifæri til að kenna börnum að tala annað tungumál reiprennandi. Ég gæti aldrei talað ensku við mitt barn. Svo munu börnin ekki einu sinni getað talað við ömmu og afa. Er foreldrunum sama um það?“

**Kemur engum við**

Ég hef kynnst báðum þeim viðhorfum sem lýst er hér að ofan, ýmsum blæbrigðum þeirra og ýmsum blöndum af þeim blæbrigðum. Já, blöndum, því það er alls ekki óalengt að fólk hafi þá skoðun að útlendingar á Íslandi eigi að tala íslensku hver við annan en að Íslendingar í útlöndum eigi að sjálfsögðu ekki að tala útlensku sín á milli.

Afstaða 1 þykir ekki flott um þessar mundir. Það er ágætt því hún felur í sér þá skoðun að samfélagið eigi að hlutast til um eitthvað sem samfélaginu kemur ekki við: Það hvaða tungumál eitthvert fólk talar sín á milli. En afstaða 2 gerir það strangt til tekið líka þótt hún hljómi ekki alveg jafn andstyggilega.

**Félagslegur þrýstingur**

Kannski ágætt að árétta eitt. „Afskipti“ eru ekki bara lagasetning. Þau geta líka verið í formi félagslegs þrýstings og það er reyndar mjög algengt þegar kemur að þessum tvítyngismálum. Tökum dæmi um Íslending sem flytur til Bandaríkjanna í nám, kynnist þar konu og eignast með henni barn. Ef hann ákveður ekki að tala íslensku við barnið munu ættingjarnir segja: „Mér finnst nú að hann ætti að tala íslensku við dóttur sína. Annars getur hún ekki einu sinni talað við ömmu og afa. Hugsið ykkur!“ Ef hann hins vegar talar íslensku við barnið þá mun fólki finnast hann ekki gera nóg af því, barnið „varla talandi“, „síblandandi“ og svo framvegis.

Ekki misskilja mig. Ég held að það sé mjög jákvætt ef fólk vill kenna börnum tungumál, hvort sem það er íslenska, pólska eða enska og mér finnst sjálfsagt að hvetja fólk til þess. En einhvers staðar breytist hvatning í afskiptasemi. Auðvelt er að hafa skoðanir á því hvernig annað fólk eigi að ráðstafa tíma sínum. Og það tekur tíma að kenna tungumál sem ekki er ríkjandi í umhverfinu. Sumir telja sig ekki hafa þennan tíma. Það gerir þá ekki að vondum manneskjum.

> Auðvelt er að hafa skoðanir á því hvernig annað fólk eigi að ráðstafa tíma sínum. Og það tekur tíma að kenna tungumál sem ekki er ríkjandi í umhverfinu.

**Ekki alltaf auðvelt**

Það væri mjög gott ef öll börn kynnu tvö tungumál, æfðu fótbolta, kynnu á fiðlu og elduðu mat að foreldrunum forspurðum. Það er mjög gaman að geta talað sitt upprunalega móðurmál við barnið en það er samt meira að segja það en að gera það. Fólk þarf að vera tilbúið að öskra einhverjar öðrum óskiljanlegar samhljóðarunur yfir hálfa matvörubúðina. Fólk þarf að leita uppi barnaefni, lesa bækur og heimsækja upprunalega föðurlandið til að halda tungumálinu við.

Ef menn búa svo með maka sem ekki deilir manns upprunalega móðurmáli þurfa menn síðan að vera tilbúnir til að endurtaka öll skilaboð á heimilinu. Síðan þurfa menn kannski að vera viðbúnir því að á ákveðnum aldri geri börnin uppreisn og vilji alls ekki tala við mann þetta tungumál sem maður hefur lagt svo mikið í að kenna þeim. Kannski mun kunningjum barnsins finnast asnalegt að maður tali það og kannski mun barninu jafnvel finnast það asnalegt líka.

Ekki það, ég held að þetta sé allt þess virði, en menn ættu að varast það að dæma fólk fyrir ákvarðanir sem það tekur varðandi uppeldi barna sinna. Getum við gert kröfu á það að atvinnuknattspyrnumenn hvetji börn sín til að æfa knattspyrnu? Vissulega fá börn þeirra eflaust einhverja forgjöf sem ekki er galið að nýta. En þótt börnin verði ekki súpergóð í fótbolta þegar þau verða eldri – Hvað með það?

# Frábær árangur Keflavíkurflugvallar

SAMGÖNGUR
Björn Óli Hauksson
forstjóri Isavia



Keflavíkurflugvöllur var nú á dögunum valinn á heiðurslista Alþjóðasamtaka flugvalla, Airports Council International (ACI), með bestu flugvöllum heims. Viðurkenningin, ACI Director General's Roll of Excellence, er veitt fyrir frábæran árangur í þjónustukönnunum samtakanna, en Keflavíkurflugvöllur hefur jafnan hlotið afar góða einkunn frá farþegum mörg undanfarin ár. Þannig völdu flugfarþegar Keflavíkurflugvöll besta flugvöll í Evrópu árið 2009 og besta flugvöll í Evrópu í sínum stærðarflokki árið 2011. Þjónustukannanir ACI mæla meðal annars þætti eins og þjónustu við innritun og vopnaleit, gæði verslana og veitinga á flugvellinum, vegabréfs- og tollskoðun, umsýslu farangurs og hvort almennt takist að halda flugi á áætlun.

**Starfsfólk í fremstu röð**

Viðurkenningin nú staðfestir að á Keflavíkurflugvelli er þjónusta við farþega á heimsmælikvarða. Síðustu árin hefur verið unnið markvisst í því í að uppfylla væntingar viðskiptavina, sem er sérstaklega nauðsynlegt þegar farþegaaukning er eins mikil og verið hefur. Við hjá Isavia erum ákaflega stolt af þessum mikilsverða árangri sem fyrst og fremst er að þakka frábæru starfsfólki og traustum samstarfsaðilum á flugvellinum. Keflavíkurflugvöllur er ekki einungis megingátt ferðamanna til landsins heldur einnig lykilhlekkur í uppbyggingu íslensks efnahagslífs.

Verkefni Isavia grundvallast á öflugu starfsliði sem sinnir fjölbreyttum, sérhæfðum og krefjandi störfum um allt land, allan ársins hring. Starfsemi félagsins skiptir miklu máli fyrir íslenskt samfélag enda ber fyrirtækið ábyrgð á því að rekstur allra flugvalla landsins og flugumferð til og frá landinu og innan þess gangi vel og örugglega fyrir sig. Það er mikilvægt fyrir starfsemina á Keflavíkurflugvelli að til staðar sé öflug flugleiðsöguþjónusta til að leiðbeina flugvélum til og frá Íslandi. Þá eru traustir starfsmenn á flugvöllunum á Akureyri, Reykjavík og Egilsstöðum reiðubúnir að taka á móti millilandaflugvélum, þau fáu skipti sem veður hamlar flugi til Keflavíkur.

Framundan eru stór verkefni hjá Isavia við frekari uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli sem tryggja mun þjónustu við ört stækkandi hóp ferðamanna sem leggja leið sína til landsins. Fyrr á þessu ári hófust framkvæmdir við nýtt farangursflokkunarkerfi sem miða að því að tvöfalda afkastagetu þess og nú á dögunum tók Hanna Birna Kristjánsdóttir fyrstu skóflustunguna að stækkun suðurbyggingar flugstöðvarinnar þar sem bætast munu við sex ný hlið. Slíkar breytingar geta auðvitað haft tímabundin áhrif á starfsemina á flugvellinum en starfsfólk Isavia mun leysa þessi nýju verkefni með sama þrótti og einkennt hefur margverðlaunaða starfsemi félagsins á undanförnum árum.



# ALEXIA SÆTAR KARTÖFLUR

STÖKKAR OG BRAGÐGÓÐAR FRANSKAR SEM HENTA MEÐ ÖLLUM MAT.

AÐEINS 22 MÍNÚTUR Í OFNI.

*Hrikalega góðar!*




*Komdu og skoðaðu úrvalið!*



**Guy Fieri sósur**
Draga fram rokkað bragð á grillinu pínu.

TILBOÐ 20% afsláttur á kassa




223 kr/stk verð áður 279

**Billys pizzur**
2 tegundir

NÝBAKAÐ



399 kr/stk verð áður 649

**Eplalengja**
Nýbakað úr bakaríi Hagkaups.



359 kr/stk verð áður 397

**Berry Company safar**
Engin litarefni, rotvarnarefni, viðbættur sykur né sætuefni.




399 kr/stk verð áður 429

**Freyju Hrís súkkulaði**
250 gr.




**Völu kókosbollur**
Bíttu laust því bollan er mjúk.

Gildir til 13. júlí á meðan birgðir endast.

## WAY BETTER SNAKK

TORTILLAFLÖGUR MEÐ SPÍRUÐU HEILKORNI OG FRÆJUM.

*Nýjar bragðtegundir*




24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
og á Akureyri í sumar!

# HAGKAUPS GRILL LAMBALÆRI




**GRILL LAMBALÆRI**
M/ FERSKUM KRYDDJURTUM
**1.819** kr/kg
verð áður 2.598




**KALKÚNALÆRI**
HÁLF ÚRBEINUÐ
**1.399** kr/kg
verð áður 1.999




**KJÚKLINGA-LUNDIR**
**2.249** kr/kg
verð áður 2.998




**FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**
**799** kr/kg
verð áður 999




**LAMBAKÓTILETTUR**
KRYDDLEGNAR
**2.383** kr/kg
verð áður 2.979




**GRÍSALUNDIR**
AÐ HÆTTI GRIKKJA
**1.724** kr/kg
verð áður 2.299




## JENSEN´S
## BBQ SVÍNARIF

- þarf aðeins að hita í ofni eða á grilli




## JENSEN´S
## PULLED PORK

- búðu til einstaka grísasamloku!

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



Ástkær dóttir okkar, systir, unnusta og barnabarn,

**SIF RINK**

varð bráðkvödd í Noregi 8. júlí.
Útförin verður auglýst síðar.

**Júlía Yngvadóttir**
**Jón Páll Rink**
**Eva Rink**
**Agnar Jónsson Rink**
**Yngvi Sigurjónsson**
**Isabella Rink**
**Nadia Úrsúla Rink**
**Marin Manda Rink**
**Siv Therese Abrahamsen**
**Hulda Þorsteinsdóttir**
**Eggert M. Ingólfsson**
**Elín Helga Rink Gunnarsdóttir**
**Joan Rink**
**Yngvi Guðnason**



Ástkær eiginmaður minn,

**KRISTJÁN JÓNSSON**
**Veturliðastöðum,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar föstudaginn 4. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðríður H. Arnþórsdóttir**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR PACIOREK**
**frá Björnskoti undir Eyjafjöllum, síðast búsett í Rochester í Bandaríkjunum,**

lést 4. júlí sl. Jarðarförin hefur farið fram.

**Joseph M. Paciorek**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**HAFLIÐA ÞÓRIS JÓNSSONAR**
**píanóleikara, fyrrverandi gjaldkera og kaupmanns, Njálsgötu 1.**

Sérstakar þakkir fær Félag íslenskra hljómlistarmanna fyrir sýnda virðingu og stuðning. Einnig viljum við þakka starfsfólki hjúkrunarheimilisins Markar og deildar B2 Landspítala í Fossvogi fyrir einstaklega góða umönnun og hlýju.

**Hrönn Ingibjörg Hafliðadóttir** **Ísólfur Þór Pálmarsson**
**Erla Sigurlína Hafliðadóttir**
**Jónína Hólmfríður Hafliðadóttir** **Jón Eiríksson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**RAGNAR LEÓSSON**
**Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili á Akranesi,**

lést 8. júlí. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 15. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Höfða.

**Fríða Ragnarsdóttir** **Ásgeir R. Guðmundsson**
**Kristín Ragnarsdóttir** **Grettir Hákonarson**
**Ragna Ragnarsdóttir** **Helgi Guðnason**
**Birna Ragnarsdóttir** **Kristinn Eiríksson**
**Leó Ragnarsson** **Halldóra Gylfadóttir**
**og fjölskyldur.**




# Tekur einn dag í einu

Hermann Hreiðarsson, knattspyrnumaður og hóteleigandi, er fertugur í dag. Hann ætlar ekki að halda veislu en segist gleðjast yfir að hafa náð þessum áfanga.

„Það verður nú eitthvað rólegt," segir Hermann Hreiðarsson spurður hvað hann ætli að gera í dag til að fagna fertugsafmælinu. „Við förum kannski út að borða en varla neitt meira. Ég er heldur ekkert alveg viss hvort þetta sé eitthvað til að fagna, en kannski held ég upp á áfangann einhvern tíma síðar. Ég kalla mig allavega heppinn að hafa náð þetta langt."

Spurður hvort þetta séu ekki mikil tímamót fyrir fótboltamann þar sem fáir spila fótbolta sem atvinnumenn eftir fertugt gerir Hermann lítið úr því. „Ég hef nú svo sem ekki verið mikið í gangi í sumar, enda farinn að einbeita mér að öðru, þannig að afmælið breytir ekki miklu til eða frá."

Það sem Hermann hefur verið að einbeita sér að er bygging og opnun hótels á Hellu sem opnað var um síðustu helgi í tengslum við Landsmót hestamanna. „Það lukkaðist mjög vel og er allt bara mjög jákvætt," segir hann og upplýsir að hann sé staddur í Þýskalandi til að kynna sér hitt og þetta í sambandi við hótelreksturinn. „Hugmyndin er að byggja fleiri hótel með tíð og tíma en við látum eitt duga í bili. Skoðum hvernig móttökurnar verða og hvort þetta gangi upp. Eftir það er kannski hægt að fara að undirbúa næstu skref."

Spurður hvort hann sé alveg hættur að vera viðloðandi fótboltann segir Hermann að hann hafi aðeins verið að aðstoða konu sína, Rögnu Lóu Stefánsdóttur, sem þjálfar kvennalið Fylkis auk þess sem hann hafi mætt á nokkrar æfingar hjá karlaliði félagsins. „Hótelið hefur haft forgang en nú er það farið að rúlla, þannig að maður ætti að geta mætt á fleiri æfingar núna. Annars hef ég ekkert hugsað um það hvað taki við varðandi fótboltann. Ég hugsa ekki svo langt, er ekki einu sinni búinn að ákveða hvað ég ætla að gera á afmælisdaginn. Ég tek bara einn dag í einu."

fridrikab@frettabladid.is



**HERMANN HREIÐARSSON** „Annars hef ég ekkert hugsað um það hvað taki við varðandi fótboltann. Ég hugsa ekki svo langt, er ekki einu sinni búinn að ákveða hvað ég ætla að gera á afmælisdaginn." MYND/GUÐMUNDUR BJARKI HALLDÓRSSON



Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**EÐVAR Ó. ÓLAFSSON**

lést á Landspítalanum, Fossvogi, laugardaginn 5. júlí. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 14. júlí og hefst athöfnin kl. 15.00.

**Guðbjörg Guðjónsdóttir**
**Ólöf Eva Eðvarsdóttir** **Trausti Jóhannsson**
**Hrund Eðvarsdóttir** **Þorsteinn G. Aðalsteinsson**
**Gerður Eðvarsdóttir** **Gísli Halldór Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur sonur okkar, stjúpsonur, bróðir, barnabarn og barnabarnabarn,

**ANDRI FREYR SVEINSSON**

lést af slysförum á Spáni þann 7. júlí.
Jarðarför verður auglýst síðar.

**Harpa B. Brynjarsdóttir** **Sigurjón Guðmundsson**
**Sveinn A. Sigfússon** **Hulda Guðjónsdóttir**
**Anton I. Sveinsson, Aldís E. Sveinsdóttir, Írena Þ. Sveinsdóttir, Freydís K. Sveinsdóttir, Guðmundur Í. Sigurjónsson, Daníel O. Viney, Ásgeir Sigurjónsson, Leó S. Sigurjónsson, Hildur B. Sigurjónsdóttir**
**ömmur, afar, langamma og langafar.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÓLÖF CHAMPION**
**Winscombe, Englandi,**

lést á Weston General Hospital þann 17. maí sl. Útför fór fram í Bristol, Englandi. Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug.

**Denise Kristín Champion**
**Adrian Jón Champion** **Anne Champion**
**og fjölskyldur.**



Við þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát elskulegs eiginmanns míns, föður, stjúpföður, tengdaföður og afa,

**JÓNASAR KRISTJÁNSSONAR**
**fyrrverandi forstöðumanns Árnastofnunar.**

**Sigríður Kristjánsdóttir**
**Kristján Jónasson** **Elín Guðbjörg Helgadóttir**
**Aðalbjörg Jónasdóttir** **Helgi Árnason**
**Gunnlaugur Jónasson** **Sólveig Jóhannesdóttir**
**Áslaug Jónasdóttir** **Þórir Magnússon**
**Egill B. Hreinsson** **Áslaug Ásgeirsdóttir**
**og barnabörn.**



Maðurinn minn,

**ÓLAFUR JÓHANNESSON**
**bókasafnsfræðingur, Sléttuvegi 29, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 30. júní sl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 15. júlí kl. 13.00.

**F.h. aðstandenda,**
**Gerða Ásrún Jónsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**EINSTÖK LEIÐSÖGN**

**Ástríður Magnúsdóttir, dóttir Vigdísar Finnbogadóttur, verður með leiðsögn um sýninguna Ertu tilbúin, frú forseti? í Hönnunarsafni Íslands í Garðabæ á sunnudaginn klukkan 14.**


TIL SÖLU
TOYOTA LAND CRUISER 200
VX DIESEL, NAVI & LÚGA.



Árg.2008 Ekinn 106þús km.
Glæsilegur dekur bíll með öllum aukahlutum.
Einn eigandi. Engin skipti.
Verð.8.950þús Uppl síma 852-1555



Útsala
30% afsláttur




Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16




**MÆLIR MEÐ** „Viðbrögðin hjá viðskiptavinum okkar eru mjög jákvæð. Ég hef sjálfur notað Probiotic 16 og það er eina Probiotic-blandan þar sem ég hef fundið mun á mér eftir notkun,“ segir Ólafur Stefánsson.

MYND/VALLI

# ÓDÝRT EN VIRKAR

**GÓÐ HEILSA KYNNIR** *Swanson: Ultimate 16 Strain Probiotic er frábær blanda af gerlum sem hjálpa til við að jafna meltinguna. Probiotic 16 var söluhæsta vara Swanson árið 2013 á heimsvísu og er auk þess á afar hagstæðu verði.*

Við erum afar spennt að kynna þessa flottu vöru frá Swanson sem heitir Ultimate 16 Strain Probiotic,“ segir Ólafur Stefánsson hjá versluninni Góð heilsa á Njálsgötu. „Þetta er frábær blanda af gerlum sem hjálpa til við að jafna meltinguna,“ segir hann og bendir á að í hverju hylki séu sextán mismunandi tegundir af gerlum. „Þar á meðal eru klassísku AB-gerlarnir en að auki fjöldinn allur af gerlum sem meðal annars draga úr ristilkrömpum og vindverkjum, hjálpa meltingunni að vinna úr mjólkurvörum og aðstoða við að koma í veg fyrir niðurgang.“

**HÁMARKSVIRKNI**

Í Ultimate 16 Strain Probiotic er sérvalin steinefnablanda. „Hún hjálpar ensímum í meltingarveginum að brjóta niður fæðuna á skilvirkari máta þannig að næringin nýtist mun betur,“ segir Ólafur og áréttar að mjög erfitt hafi verið að nálgast slíka blöndu á Íslandi hingað til. „Viðbrögðin hjá viðskiptavinum okkar eru mjög jákvæð. Ég hef sjálfur notað Probiotic 16 og það er eina Probiotic-blandan þar sem ég hef fundið mun á mér eftir notkun.“

Hylkin í Probiotic 16 eru sýruvarin og sérhönnuð úr plöntutrefjum. „Þetta verður til þess að þau opnast á réttum stað í meltingunni sem hámarkar virkni innihaldsins,“ lýsir Ólafur. Hann bendir á að Ultimate 16 Strain Probiotic sé sérstaklega góð vara fyrir fólk sem er á, eða hefur nýlokið við sýklalyfjameðferð. „Blandan hjálpar líkamanum að koma upp forða af góðum gerlum sem sýklalyfin skaða.“

**SÖLUHÆSTA VARAN**

Viðtökurnar hafa verið afar góðar og var Ultimate 16 Strain Probiotic söluhæsta vara Swanson á heimsvísu árið 2013. „Nú í byrjun árs 2014 var einum gerli bætt við og sölumetin halda áfram að falla,“ segir Ólafur. Ekki skaðar að tveggja mánaða skammtur kostar innan við helming af því sem aðrar sambærilegar vörur kosta. „Þetta frábæra verð fæst með afar skilvirkri framleiðslu hjá Swanson og einföldu dreifingarneti,“ útskýrir hann.

Swanson býður upp á margar tegundir af meltingargerlum. Sem dæmi má nefna ódýrt Probiotic 4 með fjórum tegundum, tuggutöflur fyrir börn og geril til að berjast við candida. „Allt kemur þetta í sýruvörðum hylkjum,“ segir Ólafur. Undir merkjum Swanson er einnig seldur fjöldi annarra vara á borð við vítamín og bætiefni.




**FÆST VÍÐA**

**Swanson: Ultimate 16 Strain Probiotic** fæst í

***Góðri heilsu Njálsgötu 1***
***Heilsuhúsinu***
***Heilsuveri***
***Blómavali***
***Völdum apótekum.***
***Tæmandi listi er á swanson.is***

















**KASTA MÆÐINNI MILLI TINDA** Hópurinn í stuttri pásu við Tröllafjall. MYND/ÚR EINKASAFNI

# GENGIÐ Á 24 FJÖLL Á SÓLARHRING

**ÞREKVIRKI** *Hópur göngugarpa ætlar að labba á 24 tinda um helgina. Gangan tekur um sólarhring og er þetta tíunda árið í röð sem ferðin er farin.*

Á morgun, laugardag, mun gönguhópurinn 24x24 labba sinn árlega Glerárdalshring ásamt gestum sínum. Eins og nafnið gefur til kynna labbar hópurinn á 24 tinda á einum sólarhring en þetta er tíunda árið í röð sem hópurinn labbar hringinn. Um tólf manns koma að skipulagningu ferðarinnar og segja Ragnar Sverrisson og Viðar Sigmarsson, tveir meðlima hópsins, ferðina vera mikið ævintýri sem reyni bæði á andlegan og líkamlegan styrk þátttakenda. „Þetta er um 50 kílómetra hringur kringum Glerárdalinn. Gengið er á 24 tinda og af þeim eru ellefu yfir 1.400 metrar á hæð. Hæstur þeirra er Kerling sem er 1.538 metrar á hæð og hæsta fjall Norðurlands." Að sögn þeirra félaga labba flestir hringinn á sólarhring en alltaf séu einhverjir sem gangi á skemmri tíma og nokkrir sem klári hringinn á lengri tíma.

Upphafsmaður Glerárhringsins er Þorvaldur Þórsson, þekktur fjallagarpur á Norðurlandi, sem labbaði hann fyrst einn síns liðs árið 2003. „Það var hann sem kynnti okkur fyrir þessu skemmtilega verkefni. Fyrsta ferðin var svo farin árið 2005 og þá tóku 46 manns þátt. Síðan hefur fjöldinn farið upp og niður. Stærsti hópurinn gekk árið 2008 en þá fóru 140 hringinn, þar af tuttugu manna hópur sem kom að skipulagningunni. Fjöldinn sveiflast milli ára en okkur telst til að um 500 manns hafi tekið þátt undanfarin tíu ár og sumir oftar en einu sinni og tvisvar."

Ragnar og Viðar segja nauðsynlegt fyrir þátttakendur að vera í góðu formi, bæði líkamlegu og andlegu. „Við segjum gjarnan að gott andlegt form skipti jafn miklu máli og líkamlegt og þátttakendur þurfa að hafa trú á sjálfum sér. Sumum hrýs hugur við því að labba í sólarhring án þess að sofa og þá skiptir máli að hafa rétt hugarfar. Það verður að viðurkennast að eftir að hafa labbað í fjórtán klukkutíma og komið er að háu tindunum fer óneitanlega um suma."



Þeir ítreka að Glerárhringurinn sé ekki kappganga. Um gönguferð sé að ræða en alls enga keppni. „Þátttakendum er ekki leyft að fara á undan leiðsögumönnum og göngufólk verður að fara eftir fyrirmælum þeirra. Göngumönnum er þó skipt í þrjá hópa sem fara mishratt yfir. Hraðasti hópurinn gengur hringinn á um 20 klukkustundum og stoppar lítið á ferðinni. Hægasti hópurinn gengur á um 28 klukkustundum en stoppar á öllum tindum og gefur sér góðan tíma til að anda á milli tinda." Megináhersla er lögð á að þátttakendur njóti göngunnar í stað þess að flýta sér yfir enda er svæðið að sögn þeirra félaga gróft og auðvelt að slasa sig sé farið of hratt yfir.

Allra veðra er von á þessari árlegu gönguferð en spáin er góð fyrir helgina. „Gegnum árin hafa skipst á skin og skúrir á ferðum okkar, svona eins og í lífinu sjálfu. Við höfum gengið í þvílíkri blíðu en líka í stórhríð á sumum tindum. En svona er íslenska sumrið og við tökum því með bros á vör."

■starri@365.is

**HVÍT JÖRÐ** Gengið upp ísilagt Hlíðarfjallið. MYND/ÚR EINKASAFNI



**HÆSTI TINDURINN** Viðar Sigmarsson, annar viðmælenda, á Kerlingu sem er hæsti tindur Norðurlands. MYND/ÚR EINKASAFNI

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# Lífið

FÖSTUDAGUR
11. JÚLÍ 2014

*Æskuvinirnir Sindri Snær og Jón Davíð*
**OPNA HERRA-FATAVERSLUNINA HÚRRA** 2

*Fataskápur Ágústu Sveinsdóttur*
**KANN EKKI AÐ KLÆÐA SIG FYRIR ÚTILEGUR** 6

*Þórunn Ívars tískubloggari*
**ÆTLAÐI ALLTAF AÐ VERÐA KÖKUSKREYTIR** 6

*Gagga Jónsdóttir*

## ÉG FÍLAÐI ÞETTA SÍGAUNALÍF

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## HVER ER?



**Nafn?**
**Vera Líndal Guðnadóttir**
**Aldur?** **26 ára**
**Starf?**
Sölu- og þjónustufulltrúi hjá Símanum, Kringlunni.
**Maki?**
Baldur Ragnarsson.
**Stjörnumerki?**
Vog.
**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Ég svindlaði og svaf lengur.
**Uppáhaldsstaður?**
Sumarbústaðurinn okkar í Hraundalnum er besta afslöppun í boði.
**Hreyfing?**
Dansinn lengir lífið.
**Uppáhaldslistamaður?**
Erfiðasta spurning lífs míns. Salvador Dali og Alfreð Flóki eru mjög ofarlega á þeim langa lista.
**Uppáhaldsmynd?**
The nightmare before christmas er algjörlega frábær.
**A- eða B-manneskja?**
A…ish.

## HVERJIR HVAR?

Hádegisverðarhlaðborðið á Vox á Hótel Nordica hefur löngum verið vel sótt en í hádeginu á miðvikudaginn var þar margt um manninn. Meðal þeirra sem lögðu leið sína á Vox var rapparinn **Gísli Pálmi** ásamt fríðu föruneyti. Þá mátti sjá myndlistarkonuna og fatahönnuðinn **Hörpu Einarsdóttur** fá sér léttan hádegisverð en með henni í för var kærasti hennar, leikarinn Snorri Engilbertsson, sem sló í gegn í vetur í leikverkinu Harmsögu sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu.





# TÍSKA OPNA TÍSKUVÍGI FYRIR HERRANA Í FORNFRÆGU HÚSI

*Æskuvinirnir Sindri Snær Jensson og Jón Davíð Davíðsson opna herrafataverslunina Húrra Reykjavík í haust, en þeir telja halla verulega á karlmenn þegar kemur að úrvali fatnaðar hér á landi og stefna að bæta úr því.*

Það hefur lengi blundað í okkur sá draumur að opna herrafataverslun. Frá áramótum höfum við markvisst unnið að undirbúningi Húrra Reykjavík og fóru áformin á fullt þegar ég flutti heim frá Kaupmannahöfn í apríl. Jón Davíð sagði síðan starfi sínu lausu nýlega og má því segja að meiri alvara hafi færst í hlutina,“ segir Sindri Snær Jensson, sem opnar herrafataverslunina Húrra Reykjavík í félagi við æskuvin sinn, Jón Davíð Davíðsson, í haust.

Verslunin verður á Hverfisgötu 50, í húsi sem var byggt árið 1906 og á sér mikla verslunarsögu. „Við urðum ástfangnir af húsnæðinu en hin goðsagnakennda Bára bleika rak þar í áratugi verslunina „Hjá Báru“ og tók hún við húsinu af tengdaföður sínum sem einnig rak þar verslun. Erlendis eru allar sértækustu og flottustu verslanirnar staðsettar á aðalverslunargötu eða nærliggjandi hliðargötum. Það er mikið af spennandi hlutum að gerast í miðbæ Reykjavíkur og hefur Hverfisgatan nýlega gengið í endurnýjun lífdaga. Við munum svo ýta frekar undir þessa uppbyggingu með Húrra Reykjavík.“

Sindri Snær er markmaður hjá KR og heldur úti tískubloggsíðunni Sindrijensson.com en Jón Davíð er viðskiptafræðingur og starfar sem verslunarstjóri í Húsgagnahöllinni. Félagarnir segjast sækja innblástur frá mörgum af flottustu herrafataverslunum Danmerkur og Svíþjóðar þegar kemur að vöruúrvali og stemningu í versluninni. Þeir telja hafa hallað á karlmenn þegar kemur að úrvali verslana því ekki eru margar verslanir sem sinna eingöngu strákum.

„Við viljum bjóða íslenskum karlmönnum upp á nýjan og ferskan valmöguleika í klæðnaði. Sá möguleiki er undir miklum áhrifum af skandinavískri hönnun sem sameinar vel gæði og notagildi í hversdagslegu amstri. Karlmenn munu þannig eignast sitt vígi í versluninni ef svo má segja,“ segir Sindri, sem var nýkominn af sölusýningu í Berlín þegar Lífið náði af honum tali. Þeir félagarnir stefna að því að opna verslunina snemma í haust. „Ef allt gengur að óskum er planið að opna með heljarinnar partíi fyrstu helgina í september.“

alfrun@frettabladid.is




Æskuvinirnir Sindri Snær Jensson og Jón Davíð Davíðsson opna herrafataverslunina Húrra Reykjavík á Hverfisgötu í haust. MYND/SNORRI BJÖRNSSON

*Við viljum bjóða íslenskum karlmönnum upp á nýjan og ferskan valmöguleika í klæðnaði.*

### STRAUMAR OG STEFNUR Í HERRATÍSKUNNI NÆSTA VETUR?

„Það sem maður tekur mest eftir er einfaldleiki. Flest betri vörumerki eru að bjóða upp á mjög herralega og klassíska liti, má þar nefna svart, hvítt, blátt og grátt. Eins ótrúlega og það virðist hljóma verður mikið úrval af hvítum flíkum og þá ekki bara skyrtum heldur einnig jökkum, buxum og peysum. Þá má greinilega sjá breytingu á því hvernig buxur eru sniðnar, undanfarin ár hafa mjög þröngar buxur (e. skinny fit) ráðið ríkjum en nú eru sniðin beinni. Þá hefur skapast mikil menning í kringum strigaskó og eru þeir orðnir mun meiri heilsársvara frekar en árstíðartengd. Mestu máli skiptir þó alltaf að velja sér vandaðan og vel sniðinn fatnað sem hentar einstaklingnum hverju sinni,“ segir Sindri Snær.




## LÍFIÐ MÆLIR MEÐ …

*Portishead, strigaskóaball og listahátíðin Lunga*





**ATP:** Eins og flestir vita fer tónlistarhátíðin ATP fram á Ásbrú í Keflavík þessa helgina. Innlendir sem erlendir tónlistarmenn stíga á svið og má nefna **Portishead**, Interpol, Mogwai, Samaris og Mammút. Tónlistarunnendur mega ekki láta þennan viðburð fram hjá sér fara enda stutt að fara frá höfuðborginni.

**Strigaskóaball:** Í kvöld verður haldið svokallað strigaskóaball á vegum vörumerkisins Nike en allir gestir verða að klæðast strigaskóm frá merkinu. Ballið er haldið í Norðurljósasal Hörpu og hefst klukkan 21. Fram koma **Cell 7**, plötusnúðurinn Margeir, Unnsteinn og John Grant.



**Listahátíðin Lunga** hefst á Seyðisfirði á sunnudaginn. Hátíðin hefur fyrir löngu skipað sér fastan sess og margir leggja leið sína austur til að taka þátt í þeim fjölmörgu og fjölbreyttu listasmiðjum sem þar verða í boði alla næstu viku.

## AUGNABLIKIÐ



Leikkonan **Diane Kruger** stal senunni á rauða dreglinum er önnur sería sjónvarpsþáttanna The Bridge var frumsýnd í Hollywood í vikunni. Kruger var í munstruðum kjól frá Mary Katrantzou og með einfalda fylgihluti við. Það var svo hárgreiðsla leikkonunnar sem var punkturinn yfir I-ið, föst flétta inni í annarri fastri fléttu. Eitthvað til að leika eftir um helgina?

**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
• Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Arnþór**

Jordan

*nostalgía í stofuna...*



Jordan sófi - hátt og gott bak
212 cm kr. 206.900

Cajun

*flottur og þægilegur..*



Cajun sófi - hreinn og beinn
230 cm kr. 182.900

Retro

*hentar nánast hvar sem er...*



Retro sófi - nettur og smart
170 cm kr. 169.800

Smile

*you make me smile....*



Smile sófinn gleður augað
217 cm kr. 187.200

Luigi

*góður fyrir framan sjónvarpið..*



Lugi sófi með stillanlegum
hnakkapúðum 276x162 kr. 316.800

Edge

*fyrir fjölskylduna...*



Edge - Fyrir þá sem vilja kúra í sófanum
280x200 kr. 253.000



*flottur og þægilegur..*

Turtle hægindastóll kr. 239.000

Ymi borð
2 í setti
kr. 28.700





Yumi - Sófaborð 130x65 kr. 55.800

*Sumartilboð kr. 315.000*



Timeout Stóll + Skemill kr. ~~353.000~~



Betina skenkur í sixties stíl
kr. 151.700



Flinga Tímaritahillur
20x160 kr. 16.900



Pillar loftljós
kr. 21.900

Gina stóll
kr. 19.900



**NÝTT**
Porgy stóll
kr. 17.900



# SVEFNSÓFAR

INNOVATION

*Góðir að nóttu sem degi...*



**NÝTT** - Trym - Svefnsófi 140x200 kr. 198.900



**NÝTT** - Idun Svefnsófi 140x200 kr. 259.900



Unfurl Svefnsófi 120x200 kr. 109.000

LÍNAN

BÆJARLIND 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARD. 11 - 16



Gagga segir kvikmyndagerð vera samstarf og að engin keðja sé sterkari en veikasti hlekkurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# GAGGA JÓNSDÓTTIR

## KEYPTI SÉR FRIÐ FRÁ RAUNVERULEIKANUM

***Rannveig Jónsdóttir er sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarkona sem hefur getið sér gott orð í þeim geira á Íslandi og víðar. Hún hefur starfað við tugi kvikmynda, auglýsinga og sjónvarpsþátta, bæði íslenska og erlenda framleiðslu. Gagga, eins og hún er alltaf kölluð, er gift leikaranum Þorsteini Bachmann, sem hún á dótturina Auði Draumu með, en barnið breytti áherslunum í lífi Göggu. Hún ætlar sér stóra hluti í framtíðinni.***

**Ólöf Skaftadóttir**
olofs@frettabladid.is

Ég er búin að vinna alfarið við kvikmyndagerð síðan ég var tvítug. Það eru að verða komin sextán ár. Móðursystir mín, Guðný Halldórsdóttir, er kvikmyndaleikstjóri og svo átti ég stjúpföður sem er kvikmyndaframleiðandi svo ég var mikið viðloðandi kvikmyndagerð sem barn. Ég hef verið svona tólf ára þegar ég fékk að aðstoða í eldhúsinu þegar verið var að filma þýska sjónvarpsseríu. Svo lék ég í barnamynd þegar ég var lítil, Pappírs Pésa – í hana fóru allavega tvö löng sumur. Það getur vel verið að þessi tímabil í æsku minni hafi orðið þess valdandi að ég starfa við kvikmyndagerð í dag. Mér þótti alltaf gaman og spennandi að vera á setti og í kringum kvikmyndagerðarfólk. Þegar ég var tvítug fékk ég vinnu við kvikmyndina Ungfrúna góðu og húsið sem Duna frænka mín var að gera þá. Planið var þá að taka mér smá frí frá skóla en það varð ekki aftur snúið.“

### *Tafir geta verið dýrkeyptar*

Gagga hefur starfað bæði sem framleiðandi og framleiðslustjóri íslenskra kvikmynda og sjónvarpsþátta auk þess sem hún hefur unnið við mörg erlend verkefni sem hafa verið tekin hér á landi.

„Ég er frílans og vinn mest fyrir aðra. Sem hentar mér að mörgu leyti vel. Mitt starf snýst mikið um að finna gott fólk sem hentar verkefninu hverju sinni, fá leyfi fyrir tökustöðum, skipuleggja tökudaga, velja leikara og gera fjárhagsáætlanir. Svo tínast alls konar hlutir til og starfið getur verið afar fjölbreytt og breytilegt frá degi til dags eftir því hvað er verið að fara að mynda og um hvað verkefnið fjallar. Tafir eru oft dýrkeyptar og veður getur sett strik í reikninginn og kollvarpað margra vikna plönum á núlleinni. Þá þarf maður að bregðast við, hratt og örugglega. Sumir dagar eru eins að keppa í Amazing Race. Kvikmyndagerð er samstarf og engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn. Það gerir allavega enginn neitt einn í pródúksjón.“

### *Vill ljá konum meiri rödd*

*En langar þig ekki að fara að búa til þínar eigin bíómyndir?*

„Jú. Ég er að skrifa og stefnan er að framleiða kvikmyndir og leikið efni með áherslu á að ljá konum meiri rödd í heimi kvikmyndanna. Það er löngu kominn tími á að íslenskar konur geti speglað sig í sínum eigin kvikmyndum og að við fáum ekki bara að sjá uppvaxtar- og þroskasögur drengja og karlmanna á hvíta tjaldinu eða kvenlegar stereótýpur sem eru alfarið skapaðar af mönnum. Við þurfum fjölbreytni, fleiri myndir sem eru skrifaðar og leikstýrt af konum.

Við Silja Hauksdóttir, vinkona mín, leikstýra og samstarfskona, erum nú þegar með nokkur járn í eldinum, erum m.a. að vinna að handriti sem við stefnum á að klára í haust samhliða öðrum verkefnum.

### *Hefur ekkert að fela*

Gagga á líklega ekki langt að sækja rithæfileikana. Afi hennar var Nóbelsskáldið Halldór Laxness og systir hennar er rithöfundurinn Auður Jónsdóttir, en sú skrifaði eftirminnilega bók um fjölskyldu þeirra systra árið 2011, Ósjálfrátt. Sagan er fjölskyldusaga sem lýsir á opinskáan hátt sögu kvenleggsins í fjölskyldu aðalpersónunnar og Gagga kemur þar við sögu. Alkóhólismi er veigamikið stef í sögunni. *Finnst þér ekkert óþægilegt að bera líf sitt á þennan hátt?*

„Nei, mér finnst það ekki óþægilegt. Við systur erum nánar og ég er yfirleitt búin að lesa bækurnar hennar áður en þær koma út. Það er ekki þannig að bókin sé bara komin í Eymundsson og allir fái í magann. Eða næstum ekki… Það er fullur skilningur á hennar sköpun og því að hún sem rithöfundur fjalli óhjákvæmilega um sína nánustu í verkum sínum. Ég hef ekkert að fela og hún veit alveg að ég ber fullt traust til hennar ef hún velur að hafa mig með í sínum verkum. Mér þykir það vera heiður. Ég held að allar fjölskyldur glími við erfiðleika sem verða frekar að vandamálum þegar þeim er breytt í leyndarmál. Ísland er lítið samfélag og fólk hefur áhuga á öðrum, og fólk hafði mikinn áhuga á innihaldi bókarinnar af því að hún var byggð á fólki sem það kannaðist við. Ósjálfrátt á mjög sérstakan stað í mínu hjarta, Fólkið í kjallaranum líka. Upphafið að Ósjálfrátt var bréf sem Auja skrifaði til dóttur minnar og nöfnu sinnar. Ég er ekkert spéhrædd við bækurnar hennar. Það gleymist líka stundum í umræðunni um Ósjálfrátt að þó að sagan sé auðvitað um fjölskylduna okkar og margt sé rétt þá er hún líka skáldsaga.“

*Tekurðu við af systur þinni að skrifa um fjölskylduna?*

„Ætli fjölskyldusaga manns skíni ekki alltaf í gegn? Ég hugsa að ég láti Auju samt eftir að skrifa um fjölskylduna,“ segir Gagga, létt í bragði.

### *Stundum allt á suðupunkti*

*Nú eruð þið hjónin bæði í þessum bransa og með barn – hvernig skipuleggið þið tímann ykkar?*

„Tími okkar fer mjög eftir því hvað við erum að gera hverju sinni. Hann þarfnast oft mikillar skipulagningar. Ef ég hef verið í stóru verkefni sem tekur mikla orku og tíma þá hefur Steini verið laus við og öfugt, þannig gerum við dáldið hlutina. Það kemur auðvitað oft fyrir að allt er á suðupunkti. Til dæmis þegar hann var að leika í Vonarstræti og ég var að vinna í nýjustu kvikmynd Dags Kára. Þetta getur orðið strembið en við eigum góða að. Tengdamóðir mín, Margrét, er okkur til dæmis ómetanleg aðstoð.

*Vinnið þið aldrei saman?*

„Nei! Mjög sjaldan. Held að þau skipti séu teljandi á fingrum annarrar handar. Við kynntumst reyndar á setti þegar við vorum að vinna í kvikmynd Clints Eastwood, Flags of Our Fathers. Ég þekkti aðeins til hans en hefði spákona sagt

**STARF**
Sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarkona

**ALDUR** 36 ára

**HJÚSKAPARSTAÐA**
Gift Þorsteini Bachmann

**BÖRN**
Auður Drauma

***Ég hef ekkert að fela og hún veit alveg að ég ber fullt traust til hennar ef hún velur að hafa mig með í sínum verkum. Mér þykir það vera heiður. Ég held að allar fjölskyldur glími við erfiðleika sem verða frekar að vandamálum þegar þeim er breytt í leyndarmál.***

## Myndaalbúmið

MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON



Gagga í vinnunni.



Systurnar Auður og Gagga saman fyrir utan Gljúfrastein.



Fjölskyldan, Þorsteinn Bachman og dóttirin Auður Drauma.



Fjölskyldan í fríi á Spáni.

mér að ég myndi giftast Steina hefði ég ráðlagt henni að fá sér nýja kristalskúlu. En það kennir manni bara að maður veit aldrei hvað verður.“

### Vinnur með bestu vinunum

*Hvað er skemmtilegast við að vinna við kvikmyndagerð?*

„Fólkið númer eitt, tvö og þrjú. Ferðalögin og fjölbreytileikinn. Mér finnst gaman í vinnunni en það fer rosalega mikið eftir því með hverjum ég er að vinna. Ég vinn mikið með sama fólkinu. Mér líkar til dæmis mjög vel að vinna fyrir TrueNorth og þar er fagmannlega að öllu staðið og þau eru góðir vinir mínir. Svo eru auðvitað allir hinir frílansararnir sem eru eins og önnur fjölskylda manns. Við erum mörg búin að vinna saman síðan við vorum mjög ung og þekkjumst vel. Flestir mínir bestu vinir eru líka samstarfsfólk mitt. Ef þú ætlar að þola þetta lið tólf til sextán tíma á dag vakandi og oft næstum sofandi, í fósturstellingu inni í rútu að borða bjúgu, þá er nauðsynlegt að þetta sé skemmtilegt fólk sem manni þykir vænt um,“ segir Gagga og hlær.

*Gætirðu hugsað þér að gera þetta alltaf?*

„Ég veit það ekki. Núna get ég hugsað mér það en ef þú spyrð mig í næstu viku þá er svarið kannski annað. Þetta er tarnavinna og oft strembin. Maður þarf að gefa sig allan í starfið. Áður en ég eignaðist barn og setti líf mitt í fastari skorður þá fílaði ég þetta sígaunalíf, maður fer um allt og vílar ekki fyrir sér að búa úti á landi svo vikum skiptir. Á meðan ert þú líka dáldið að kaupa þér frið frá raunveruleikanum. Kannski eins og sjómaður. Maður fer út á land og les ekki blöðin og er einhvern veginn fyrir utan. Það þarf líka að vera með í lífinu. Það er miklu auðveldara fyrir mig að fúnkera í vinnunni en í lífinu, en svo breytist það og maður eignast barn og fer að hugsa öðru vísi. Og nei, ég get ekki endilega hugsað mér að vera í snjóbuxum með talstöð á sextánda tíma eftir þrjátíu ár… og samt, er það ekki bara. Ef ég verð í nógu góðu formi,“ útskýrir Gagga og hlær.

„En ég tel mig hafa frá einhverju að segja og langar til að skrifa, leikstýra og framleiða í framtíðinni. Ég er til í þetta allt.“

### Hætt að ritskoða sig

*Hefurðu aldrei pælt í að læra meira?*

„Ég hef alveg gert það og það er alveg enn þá inni í myndinni. Ég lifði frekar hratt þegar ég var ung og lokaði augunum fyrir ýmsu. Ég steypti mér í mjög miklar skuldir sem ég er svolítið enn þá með á bakinu. Það er ekki hlaupið að því fyrir mig að fara í nám og fá námslán, ég verð að vinna og ég hef gaman af því að vinna. En hitt er svo sannarlega á dagskránni – heimspekinám hefur reyndar verið á stefnuskránni í nokkurn tíma.

Í mörg ár hafði ég bara áhuga á settinu og settlífi og næsta verkefni – nú hef ég áhuga á öllu möguleikum og vil ekki útiloka neitt,“ útskýrir Gagga. „Systir mín og maðurinn minn hafa hjálpað mér að sjá möguleikana í sjálfri mér. Þau hafa bæði bent mér á að láta bara vaða – þegar maður gerir það og hættir að ritskoða og takmarka sjálfa sig þá getur ýmislegt gerst.”

20 ára afmæli
BUXUR frá 4000 til 7.900
BOLIR frá 1000 til 2.900
SKYRTUR frá 2000 til 5.900
NÝ SENDING
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
Herra hafnarfjörður
S. 572 3400
Opið til kl 17.00 LAUGARDAG



ÚTSALAN ER HAFIN
20-50%
AFSLÁTTUR
FJÖRÐUR
www.fjordur.is
Mind Xtra
Smart verslun fyrir konur
Firði Hafnarfirði • Sími 556 3400

# FATASKÁPURINN
# ÁGÚSTA SVEINSDÓTTIR

***Ágústa Sveinsdóttir útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands sem vöruhönnuður núna í vor. Hún hannar skartgripi undir nafninu Dust.***



*„Ég er litaglöð og Reyni ekkert endilega að fylgja tískustraumum heldur geng bara í því sem mér finnst fallegt. Ég er ekkert mikið fyrir praktísk föt og er oft í ruglinu þegar kemur að því að klæða sig praktískt. til dæmis er ég í miklum vandræðum þegar fara á í útilegu.“*

**1**



„Þennan kjól fékk ég að gjöf frá henni Andreu Magnúsdóttur fatahönnuði fyrir útskriftarsýninguna mína núna í vor. Ég eins og sveif um gólfið í honum, hann er svo svakalega víður og þægilegur.“

**2**



„Þessi jakki er frá Aftur en ég var svo ótrúlega heppin að finna hann á fatamarkaði núna fyrir stuttu. Í raun má segja að ég hafi þannig náð tvöfaldri endurvinnslu þar sem Aftur vinnur undir þeim formerkjum að hanna eingöngu fatnað úr endurnýttum textíl á umhverfisvænan hátt.“

**3**



„Þennan skemmtilega jakka fékk ég í Nostalgíu á Laugaveginum núna í byrjun sumars og er hann ein af mínum uppáhaldsflíkum í augnablikinu. Ég er mikill gramsari og kíki reglulega á hina ýmsu second-hand-markaði eða í vintage-búðir. Gaman að klæðast fötum sem hafa nánast sál og sögu frá fyrri tíð. Svo ekki sé talað um hvað þetta er umhverfisvænt.“

**4**



„Þessa leðurskó fékk ég í Spúútnik á Laugaveginum. Ef ég ætti að velja mér eitt uppáhaldstímabil í tískusögunni þá væri það klárlega 70's en þetta par rekur sennilega sögu sína alla leið þangað.“

**5**



„Ég er mjög glysgjörn og þessi tvö hálsmen frá Hildi Yeoman hafa reynst mér afar vel. Fæ eiginlega bara ekki nóg af þeim. Þessari neóngulu festi er hægt að vefja um sig og hnýta á alls kyns vegu og svo finnst mér choker-inn með stálkrossinum einstaklega fallegur. Verslunin Kiosk á Laugaveginum selur þessa skartgripi.“






## ELSKAR CLUELESS

ÞÓRUNN ÍVARSDÓTTIR
24 ÁRA, TÍSKUBLOGGARI

1. **Þegar ég var ung** þá ætlaði ég að vinna við að skreyta kökur.
2. **En núna er ég** fatahönnuður og tískubloggari.
3. **Ég mun eflaust aldrei** skilja fólk sem elskar ekki myndina Clueless.
4. **Ég hef ekki sérstakan áhuga á** matargerð en elska að borða mat.
5. **Karlmenn eru** yndislegir (að minnsta kosti þeir sem eru í mínu lífi).
6. **Ég hef lært** að maður á alls ekki að láta skoðanir annarra á sig fá.
7. **Ég fæ samviskubit** þegar ég er ekki búin að fara út að labba með hundinn.
8. **Ég slekk á sjónvarpinu** þegar ég er löngu sofnuð yfir því (kærastinn slekkur).
9. **Um þessar mundir** er ég mjög upptekin af Orange Is the New Black.
10. **Ég vildi óska þess að** fleiri vissu af stráknum sem var laminn í klessu út af því að hann átti ekki auka strætómiða.

AUGLÝSING: ICEPHARMA KYNNIR

# BLOGGARARNIR PATTRA OG ERNA HRUND Á TRENDNET NOTA BURT'S BEES

**Varirnar verða mjúkar og glansandi með nýju glossunum frá Burt's Bees. Glossin eru hundrað prósent náttúruleg og fást í mörgum litum.**



**Pattra Sriyanonge** hjá Trendnet. „Uppáhaldssnyrtivaran mín er litaður varasalvi frá Burt's Bees."



**Erna Hrund** hjá Trendnet notar handáburðinn frá Burt's Bees. „Þessi dásamlegi handáburður er nú kominn í hóp uppáhalds. Hann er gerður úr möndlum og ilmurinn er svona gómsæt marsípanlykt. Ég set hann á mig á kvöldin og vakna með silkimjúkar hendur."

## VARAGLOSSIN FRÁ BURT'S BEES ERU ÚR NÁTTÚRULEGUM EFNUM OG FÁST Í TÓLF MISMUNANDI LITUM




Varaglossið frá Burt's Bee gerir varirnar fallegar og gefur þeim heilbrigt útlit. Það er unnið úr hundrað prósent náttúrulegum efnum; hunangi, olíum og liturinn er unninn úr blómum. Með Burt's Bees-glossinu verða varirnar mjúkar, glansandi og náttúrulega fallegar. Glossið fæst í tólf mismunandi litum sem skipt er í þrjá flokka; hlutlausa, bleika og rauða/plómulita og eru fjórir litir í hverjum flokki.

Upphaf sögunnar á bak við **Burt's Bees**-vörurnar má rekja allt til ársins 1984 þegar býflugnabóndinn Burt Shavitz tók listakonuna Roxanne Quimbe upp í bíl sinn þegar hún var að húkka sér far heim til sín. Þeim kom vel saman og urðu vinir. Hún fékk áhuga á hunangsflugunum sem Burt ræktaði og fór að framleiða kerti úr afgangsvaxi frá honum.

### Varasalvi eftir gamalli uppskrift

Árið 1991 byrjuðu þau að framleiða varasalva úr hunanginu eftir aldagamalli uppskrift. Varasalvinn sló í gegn og varð vinsælasta varan þeirra og hefur verið það allt til dagsins í dag. Varasalvar, gloss og varalitir eru hundrað prósent náttúrulegir. Þeir eru gerðir úr hunangi og olíum og ef það er litur í þeim er hann eingöngis unninn úr blómum. Því er ekki verið að setja nein aukefni á varirnar.

### Flestallt fyrir umhirðu húðar

Keðjan þeirra Burts og Roxanne óx hratt og starfar nú um allan heim. Burt er milljarðamæringur en býr enn í sama kofanum úti í skógi í Maine með hundinum sínum og hunangsflugunum. Þau stækkuðu línuna sína fljótt og eru með flestallt sem tengist umhirðu húðar. Sjampóin þeirra eru súlfat-frí og barnalínan er algjört undur á litla kroppa, hvort sem það er bossakremið eða freyðibaðið frá þeim. Það ertir ekki húðina en gefur henni raka.

### Það besta úr náttúrunni

Allt frá því að Roxanne gerði fyrstu kertin hefur hugmyndafræðin á bak við vörurnar frá Burt's Bees verið sú sama. Hún er einföld: Það sem sett er á líkamann ætti einungis að vera framleitt úr því besta sem náttúran hefur að bjóða.




Burt Shavitz er býflugnabóndi í Maine. Hann er einn aðaleigenda Burt's Bees ásamt listakonunni Roxanne Quimbe.




**Handáburðurinn frá Burt's Bees er vinnandi höndum kærkomin hjálp**

Handáburðurinn er gerður úr sætri möndluolíu og E-vítamíni til að mýkja þurra húð og býflugnavaxi til að verja hendurnar fyrir utanaðkomandi efnum. Þar sem lyktin af handáburðinum er svo sæt er hún góð áminning um að bera áburðinn á hendurnar til að veita húðinni þá næringu og vernd sem hún þarfnast.

**Burt's Bees-varasalvinn er vinsælasta vara fyrirtækisins og hefur verið það frá upphafi**

Hann gefur vörunum næringu og raka og er unninn úr hundrað prósent náttúrulegum efnum. Varasalvinn er hlaðinn kókos- og sólblómaolíu, ríkur af vítamínum og nauðsynlegum fitusýrum sem næra, vernda og mýkja varirnar. Býflugnavaxið heldur vörunum rökum og gljáandi.




**Baðferðin verður skemmtilegri með náttúrulega Baby Bee-freyðibaðinu frá Burt's Bees**

Freyðibaðið ertir ekki augun ef það berst í þau og er laust við SLS. Það er gert úr jurtum og í það er blandað nærandi sojaprótíni svo húð barnsins verður hrein án þess að hún ertist. Glýseríni er bætt við það til að mýkja húðina og örlitlu af vanillu-extrakti til að róa hana.




**Kremið frá Burt's Bees virkar um leið og það er borið á**

Það mýkir og veitir húðinni raka í allt að 24 tíma á eftir. Mjólkin nærir og hunangið gerir húðina mjúka. Kókos- og greipolíur og E-vítamín veita húðinni þau næringarefni sem hún þarfnast. Húðkremið frá Burt's Bees er prófað af húðsjúkdómafræðingum, það gengur fljótt inn í húðina og nærir hana dag og nótt.




**Burt's Bees** • Lyf og heilsu Kringlunni • Fríhöfn • Helstu apótekum

Instagram



### Messy Nessy Chic
**instagram.com/messy-nessychic**

Þeim sem finnst gaman að fá örlitla nostalgíutilfinningu af og til, eða hafa gaman af myndum frá gömlum tímum, er bent á að fylgjast með Instagram-síðu Messy Nessy Chic. Stúlkan á bak við síðuna heitir Vanessa og er búsett í París en hennar helstu áhugamál eru matur, söngur, skrif, yfirgefnir staðir, gamlar ljósmyndir og hvolpar. Hver vill ekki skoða fallegar ljósmyndir frá París?

twitter




### Wordstigram
**twitter.com/wordstigram**

Þessi stórskemmtilega Twitter-síða gerir algjört grín að myndatextum á Instagram sem oft og tíðum eru afar óspennandi. Í stað þess að birta Instagram-myndina sjálfa, er myndin sett í orð. Hver kannast ekki við að hafa séð myndir á Instagram í prófatörn? „Mynd af MacBook, take-away kaffi, blöðum úti um allt og pennum á borðinu.“

Pinterest



### Wedding Chicks
**pinterest.com/wedding-chicks**

Sumarið er vinsæll tími fyrir brúðkaup og því einstaklega hentugt að Pinterest bjóði upp á heilu síðurnar sem tileinkaðar eru brúðkaupunum. Á Pinterest-síðu Wedding Chicks er að finna allt um brúðkaupið; hugmyndir að borðskreytingum, brúðarvöndum, boðskortum og hvernig stilla eigi hópnum upp í skemmtilega hópmyndatöku. Tilvalin síða fyrir þá sem eru í óðaönn að skipuleggja þennan mikilvæga dag.

# BLOGGARINN DANSKUR STÍLPINNI MEÐ AFSLAPPAÐAN STÍL

**Look de Pernille**
**http://lookdepernille.com/**

Pernille er einn vinsælasti bloggari Danmerkur. Hún er fyrrverandi fyrirsæta sem vinnur nú fyrir sér sem bloggari, stílisti og er tískusérfræðingur í morgunsjónvarpi Dana, Go'morn DK. Hún gefur lesendum sínum innsýn í fjölbreyttan hversdaginn og fatastíl sinn sem er smekklegur og hæfilega kærulaus. Nýlega gekk Pernille til liðs við skandinavísku bloggarana Anine Bing og Sofi Fahrman sem allar blogga undir sama hatti og kalla sig Theyouway.com.









## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## Viðgerðir



**REIÐHJÓLA OG SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN - ENGINN BIÐTÍMI !**
Tek við öllum gerðum af reiðhjólum, og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

Bílaviðgerðir Tímagjald 5500 + VSK. Tímapantanir S. 7838960 frá 8-22 alla daga

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Þar á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## Hreingerningar

Teppahreinsun, gluggahreinsun, flutningsþrif, húsgagnahreinsun, bónun o.s.fr. Uppl. Tómas, s. 699 6762 og www.gluggahreinsir.is

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
S. 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

GARÐAÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR
S. 777-8100
Fáðu fagmenn í verkið

**TRJÁFELLINGAR**
Klippi, felli snyrti tré og runna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

Björk Garðaþjónusta
Trjáklippingar • Hellulagnir
Sólpallar • Sláttur
Öll almenn garðaþjónusta
Jóhannes garðyrkjumeistari
S. 846 8643 . 856 9600
gardyrkjumeistari.is




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

Útsala stórar plöntur allar gerðir veljum íslenskt. Blómsturvellir v. Reykjalund s.8641202

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Alhliða málningarþjónusta. Fagþjónusta. Vönduð vinnubrögð. Sími. 891 9890 malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Tölvur

Allar almennar tölvuviðgerðir og vírushreinsanir. Kem á staðinn. S. 699 6735 Baldvin.

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




TRÉSMÍÐI
ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐAVINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI
Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

**STRÚCTOR BYGGINGAÞJÓNUSTA EHF.**
Flísalagnir - Múrverk - Flotun. Áratuga reynsla. Porsteinn s. 893 6994

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMI 908-6116**
Ástir, fjármál & heilsa.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta



**AFF CONCEPT**
Síðustu dagar sumarafsláttar, 20% afsláttur föstudag og laugadag. Föstudag opið frá 14-18 og Laugadag frá 13-16. Verið velkomin. AFF Concept Langholtsvegur 112B 104 Reykjavík S.7772281 www.aff.is

## Til sölu






Þjóðlagagítarpakki kr:23.900,- Gítar, poki, ól, auka strengir stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27 S:552-2125,www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 845 5976.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fyrir veiðimenn




Heimavík ehf. S. 892 8655 www.heimavik.is

**VEIÐILEYFI TIL SÖLU Í**
Staðará á Snæfellsnesi fyrir landi Traða. Lax og sjóbirtingur, veiðihús. S. 893 4515

## til leigu

**Bailine heilsustofa**

Lítið fyrirtæki miðsvæðis í RVK, gott húsnæði, sanngjörn leiga, 4 ára leigusamningur, kennsla á tækin í boði.

**Nánari upplýsingar í síma 867 2705**

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

Atvinnuhúsnæði (skúr) til leigu. 60fm m. klósett aðstöðu ofl. Verð m. hita & rafmagni 80 þús. S. 899-9066.

## Sumarbústaðir

**EIGNALÓÐIR**
Til sölu fallegar sumarhúsalóðir í Grímsnesi. Frábært útsýni. Ekið út af Kiðjabergsvegi gegnt Hraunborgum. Stærð frá 0,7 ha til 1,6 ha. Heitt og kalt vatn að lóðarmörkum. Margvísleg afþreying í næsta nágrenni. Uppl. í s. 8673569

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu. 10 m2 milliloft mögulegt. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## atvinna

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

**Kranamaður óskast**

Eykt ehf óskar eftir vönum kranamanni til starfa sem fyrst vegna verkefna fyrirtækisins.

Sækja skal um starfið á heimasíðu Eyktar, www.eykt.is undir „Atvinna" eða með tölvupósti eykt@eykt.is.

**Nánari upplýsingar veitir Páll Daníel Sigurðsson alla virka daga milli kl 09:00 -16:00 í síma 822-4422**

**Eykt ehf. Stórhöfða 34-40. 110 Reykjavík S: 595-4400**

## Atvinna í boði

**KJÖTSMIÐJAN EHF.**
Óskum eftir að ráða starfskraft í útkeyrslu. Skilyrði eru reglusemi og stundvísi.
**Umsóknir sendist á: birgir@kjotsmidjan.is**
**eða í s. 557 8866**

Fjarðarbakarí - Kornið óskar eftir starfsfólki í 60% starf á virkum dögum í Ögurhvarfi, Spöng, Lækjargötu og fl. stöðum. Ekki skólafólk. Framtíðarstarf í boði. Einnig vantar helgarstarfsfólk í Lækjargötu, 20 ára aldursskilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

Assistants needed in a bakery in the Reykjavík area. Shift work. Please apply to thjonusta@365.is

Óska eftir duglegum mönnum í lóðaframkvæmdir. Þurfa geta byrjað strax. Uppl. í s. 895 0570 & gardvelar@simnet.is

Röskann starfsmann vanan smáviðgerðum/bílaviðgerðum vantar á verkstæði. Uppl. í s. 568-3080 mánud-föstudaga frá 08:00-18:00

## fasteignir

GELLIR
FASTEIGNASALA

Hafnastræti 83 - 600 Akureyri - vilhelm@gellir.is – www.gellir.is

**Klettaborg 11 Akureyri**



217 fm. glæsilegt einbýli á tveimur hæðum.
Mikið lagt í innréttingar, sánaklefi úti og fl.

**Gellir fasteignasala Akureyri sími 461 2010**

Hafnastræti 83 - 600 Akureyri - vilhelm@gellir.is – www.gellir.is

## skemmtanir




Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"



**STÓRSVEITIN UPPLYFTING SPILAR Í KVÖLD ÁSAMT ARA JÓNS.**

*Allir velkomnir*

http://www.facebook.com/cafecatalina

Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð • Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu


Spennandi veitingastaður
Fresco er nýr og skemmtilegur veitingastaður sem leggur áherslu á ferska og frumlega salatrétti
Þú getur valið úr tilbúnum salatréttum eða búið til þitt eigið salat, borðað á staðnum eða tekið með heim.
„Finndu okkur á Facebook"
chop't salad
fresco
Suðurlandsbraut 4 • Reykjavík
Pöntunarsími: 571 1642
Opið alla daga frá kl. 11:00 til 21:00



**2** | KL. 21:05
**Sarah's Key**
Dramatísk mynd sem gerist í París með Kristin Scott Thomas í aðalhlutverki

# Skemmtilegt föstudagskvöld

**2** | KL. 20:00
**Mike And Molly**
Skemmtileg gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn.



**2** | KL. 20:20
**NCIS: Los Angeles**
Spennuþáttaröð með Chris O' Donnell og LL Cool J í aðalhlutverkum.



| KL. 20:20
**Clear History**
Frábær gamanmynd með Larry David, Jon Hamm, Michael Keaton og Kate Hudson í aðalhlutverkum.



| KL. 20:05
**Spurningabomban**
Logi Bergmann stjórnar þessum stórskemmtilega spurningaþætti.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:30
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



**3** | KL. 22:30
**Sons Of Anarchy**
Adrenalínhlaðin þáttaröð með dramatískum undirtón og svörtum húmor.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 9 | 3 | | | | 1 |
| 7 | | | 4 | | | | | |
| | 3 | | | | | | 5 | |
| | 6 | 2 | | | | 9 | 1 | 4 |
| | | | | | | 3 | | 8 |
| 3 | 4 | 1 | 2 | | | | | |
| 2 | 1 | | | | 8 | 6 | | |
| | 7 | 9 | 1 | | | 8 | 3 | |
| 6 | | 5 | | 4 | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 8 | | | |
| 8 | 1 | | | | 6 | 3 | | |
| | 2 | 3 | | | | 4 | | |
| 1 | | 8 | 5 | 4 | | | 7 | |
| | 9 | | 6 | | | | | |
| | 4 | | | 1 | | 8 | | 3 |
| | | | | | 7 | 6 | 4 | |
| | 8 | 9 | | | | 7 | | 5 |
| | 6 | 2 | | | | | 8 | 1 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | | | 9 | | |
| | | 3 | | | 4 | | | |
| 8 | | 4 | | 7 | 1 | | | |
| | 7 | 9 | 3 | | | | | |
| 1 | | | 4 | | 2 | 5 | | |
| | | | | 8 | 5 | | | |
| | | | | 6 | | | 2 | 7 |
| | | | 2 | | | | 5 | 9 |
| | 6 | | | 3 | 7 | | 1 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 9 | 1 | 5 | 3 | 7 | 2 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 |
| 8 | 5 | 6 | 9 | 1 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 9 | 7 | 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 6 | 1 |
| 1 | 2 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 |
| 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 1 | 6 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 1 | 6 | 8 | 5 | 2 | 3 | 7 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 1 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 3 | 5 | 7 | 8 | 2 | 6 | 4 |
| 2 | 4 | 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 5 | 6 | 9 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 2 |
| 8 | 7 | 4 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 |
| 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 9 | 2 | 1 | 8 | 6 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 4 | 3 | 8 | 9 | 5 | 7 | 6 | 2 | 1 |
| 6 | 5 | 7 | 1 | 3 | 2 | 9 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 6 | 4 | 3 | 1 | 9 | 5 | 2 |
| 3 | 9 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 5 | 4 | 9 | 7 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 9 | 5 | 2 | 7 | 1 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 4 |
| 7 | 1 | 2 | 8 | 4 | 3 | 6 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 6 | 2 | 4 | 1 | 8 |
| 6 | 4 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 |
| 1 | 2 | 8 | 3 | 5 | 4 | 7 | 6 | 9 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** — Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Yfirleitt þarf ekki hugrekki til að deyja heldur til að lifa.**

*Vittorio Alfieri*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** umstang, **6.** í röð, **8.** eyrir, **9.** fæða, **11.** gelt, **12.** úrræði, **14.** þvo, **16.** pot, **17.** sódi, **18.** titill, **20.** tónlistarmaður, **21.** kropp.

**LÓÐRÉTT**
**1.** skraf, **3.** skóli, **4.** brá, **5.** bar, **7.** gera óvandlega, **10.** umfram, **13.** pumpun, **15.** sót, **16.** ónn, **19.** klukka.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** jk, **8.** aur, **9.** ala, **11.** gá, **12.** lausn, **14.** skola, **16.** ot, **17.** gos, **18.** frú, **20.** kk, **21.** nart.
**LÓÐRÉTT: 1.** hjal, **3.** ma, **4.** augnlok, **5.** krá, **7.** klastra, **10.** auk, **13.** sog, **15.** aska, **16.** ofn, **19.** úr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Einar H. Valdimarsson (1.874) hafði svart gegn Bjarnsteini Þórssyni (1.815) á Skákmóti öðlinga fyrir skemmstu.**
**Svartur á leik:**



**22. ... Dxf1+! 23. Kxf1 Re3+** og hvítur gafst upp enda verður hann hrók undir. Lenka Ptácníková er komin á skrið á EM kvenna en hún vann bæði í 3. og 4. umferð.
**www.skak.is:** Lewis-menn á Selfossi.

# LAGER-HREINSUN!

## Á VÖLDUM SUMARVÖRUM



ALLT Á AÐ
SELJAST
LAGERHREINSUN

Vnr. 0058324
Fura, alhefluð, 27x95 mm,
AB-gagnvarin, 3,6 m.

**179** kr./lm*

FULLT VERÐ: 219 kr.

**PALLAEFNI 27X95 MM - 3,6 M LENGD**

**GERÐU VERÐSAMANBURÐ**

Gildistími er 11. – 15. júlí 2014

*VERÐ GILDIR AÐEINS FYRIR LENGD 3,6 M

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.



**GLYSROKKPÖNK** Fimm stelpur slamma boðorðin. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Ég fann pönkið í mér

## Listakonan Gunnhildur Þórðardóttir opnar sýninguna Regnbogapönk í Slunkaríki á Ísafirði á morgun.

Gunnhildur er að koma úr sundlauginni á Ísafirði með sínum fjórum strákum og það er líflegt í kringum hana þegar hún svarar í símann. En það truflar hana ekki í að segja mér frá listsýningunni Regnbogapönk sem hún ætlar að opna á morgun klukkan fimm í Slunkaríki, Aðalstræti 7 á Ísafirði.

„Ég fann pönkið í mér og þemað hjá mér er nýtni og sjálfbærni. Verkin mín endurspegla það," segir Gunnhildur. „Það birtir visst viðhorf til lífsins að búa til eitthvað úr hlutum sem maður á til og gerir sjálfur."

Sjónvarp með vígtennur heitir einn skúlptúrinn. „Í vídeóverki sem þar er sýnt eru fimm stelpur að slamma boðorðin tíu," útskýrir listakonan og kveðst vera að krítisera raunveruleikasjónvarp þar sem fólk sé annaðhvort rakkað niður eða oflofað. Gunnhildur er líka að gefa út ljóðabókina Gerðu það sjálf ljóð/DIY Poetry sem er bæði á ensku og íslensku og er með hana á sýningunni. „Þetta er býsna blandað efni en hefur þó yfir sér ákveðna heild," segir hún.



**LISTAKONAN** „Þemað hjá mér er nýtni og sjálfbærni," segir Gunnhildur. MYND/DOUGLAS ARTHUR

Sýningin stendur til 9. ágúst, Slunkaríki er opið alla daga milli 12 og 22 og aðgangur er ókeypis.

**- gun**

# Baldursbrá er lifandi ópera

TÓNLIST ★★★★☆

**Ævintýraóperan Baldursbrá**

Gunnsteinn Ólafsson og Böðvar Guðmundsson

**TÓNLEIKAUPPFÆRSLA Í LANGHOLTSKIRKJU MIÐVIKUDAGINN 9. JÚLÍ.**

Barnaóperan Baldursbrá hefur verið lengi í smíðum. Þeir Gunnsteinn Ólafsson tónskáld og höfundur sögunnar og Böðvar Gunnarsson textahöfundur byrjuðu á verkinu árið 1987. Það var tilbúið til flutnings ári síðar, en af einhverjum ástæðum varð ekkert úr því. Í staðinn fékk óperan að meltast í allan þennan tíma, og það var ekki fyrr en núna að hún var frumflutt, talsvert endurbætt frá fyrstu útgáfu hennar. Óperan var flutt í tónleikauppfærslu í Langholtskirkju á miðvikudagskvöldið, en hafði fyrst litið dagsins ljós á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði nokkrum dögum áður.

Það væri synd að segja að femínisminn réði ríkjum í óperunni. Eina kvenkyns aðalpersónan er Baldursbrá, lítið blóm sem langar til að sjá heiminn en kemst ekki neitt vegna þess að hún er rótföst á sínum stað í lautu í góðu skjóli. Til að breyta því þarf hún aðstoð þriggja karla, spóa, refs og hrúts. Hrúturinn er reyndar vondi gæinn, en hans innlegg er þó nauðsynlegt í lokin.

Baldursbrá er rifin upp með rótum að eigin ósk og sett á annan stað þar sem er meira útsýni. En þá er hún ekki lengur í skjóli fyrir norðanvindinum, og það er enginn lækur sem gefur henni að drekka. Tómt klúður! Allt fer þó vel að lokum, eins og við var að búast þegar um barnaóperu er að ræða.

Fyrir utan aðalpersónurnar leikur barnakór áberandi hlutverk í sögunni, yrðlingana, afkvæmi refsins. Kórinn var stórskemmtilegur og söng af lífi og sál. Einsöngvararnir stóðu sig líka almennt vel. Fjóla Kristín Nikulásdóttir sópran, sem var í hlutverki Baldursbrár, er reyndar ekki alveg fullmótaður söngvari, en hún er í meistaranámi erlendis. Röddin var fremur litlaus til að byrja með, a.m.k. á neðra sviðinu, en það lagaðist þegar á leið. Fjóla Kristín er þó efnileg söngkona, en þarf auðheyrilega meiri reynslu í að koma fram.



**YRÐLINGARNIR** „Kórinn var stórskemmtilegur og söng af lífi og sál." MYND/ÚR EINKASAFNI

Jón Svavar Jósefsson baríton var í hlutverki refsins og mun hafa hlaupið í skarðið fyrir Ágúst Ólafsson á elleftu stundu. Eftir því var söngurinn dálítið hrár, en Jón Svavar bætti fyrir það með sérdeilis líflegri túlkun. Eyjólfur Eyjólfsson tenór var prýðilegur í hlutverki spóans, kraftmikill og einlægur, og Davíð Ólafsson bassi var flottur sem hrúturinn.

Sveinn Einarsson og Ingibjörg Björnsdóttir sáu um sviðshreyfingarnar af auðsjáanlegri fagmennsku, því þær takmörkuðu hreyfingar sem tónleikauppfærsla býður upp á voru óheftar og sannfærandi.

Lítil kammersveit spilaði líka vel, þótt stundum væri leikur og söngur örlítið ósamtaka á köflum.

En aðalmálið, sem ég skil eftir síðast, var auðvitað hvernig sjálf óperan var. Ég verð að segja að ég hlakka til að sjá hana í fullri sviðsetningu. Texti Böðvars er frábærlega ortur og tónlistin er eins góð og hugsast getur. Hún er alþýðleg og grípandi, með frábærlega skemmtilegum litbrigðum, eins og t.d. trommuleik sem gaf fremur stirðum samskiptum refs og spóa skemmtilega spúkí andrúmsloft.

Tónlistin var af og til skreytt þjóðlögum, sem smellpassaði inn í heildarmyndina. Það var húmor í henni, ég a.m.k. flissaði oft og mörgum sinnum. Þegar ég gekk út að tónleikum loknum heyrði ég fólk vera að blístra stef úr óperunni. Það eitt og sér er góður vitnisburður. Óhætt er að óska höfundunum til hamingju með glæsilegt verk.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Tilkomumikil barnaópera, lífleg tónlist og texti, kröftugur flutningur.





**VIRKUR Í SENUNNI** Rogelio Sosa fer mikinn í listasenu Mexíkós. MYND/ISMAEL MENDÉZ

# Óhljóðalistamaður frá Mexíkó í Mengi

Japanski tónlistarmaðurinn Rogelio Sosa kemur fram í Mengi í kvöld en hann spilar tilraunakennda tónlist þar sem hann blandar rödd sinni við effekta.

„Það er alveg frábært að fá hann til Íslands,“ segir Curver Thoroddsen tónlistarmaður um komu japanska óhljóðalistamannsins Rogelio Sosa sem heldur tónleika í Mengi í kvöld.

„Hann er bæði að gera hljóðlistaverk, innsetningar og slíkt,“ segir Curver. „Hann notar mikið röddina sína í bland við hljóðeffekta og gerir tilraunir með hvað rödd og hljóð geta gert saman.“

Sosa býr og starfar í Mexíkó og segir Curver hann vera mjög virkan í listamenningunni þar. „Hann er bæði að kenna og starfar sem sýningarstjóri,“ segir Curver en Sosa hefur einnig gefið út fjöldann allan af hljómplötum. „Hann átti bara akkúrat leið í gegnum landið á leið sinni til Evrópu þar sem hann er að fara að spila og vinna í stúdíói þar,“ segir Curver. Þeir félagar kynntust í gegnum umboðsmann Sosa þegar Curver var fenginn ásamt hljómsveit sinni Ghostigital til þess að spila í Mexíkó. „Það er mjög skemmtilegt að það sé svona smá samspil á milli Mexíkós og Íslands,“ segir Curver, en umboðsmaður Sosa hefur mikinn áhuga á íslenskri myndlist og tónlist.

„Það er mikil uppsveifla í svona jaðartónlist á Íslandi,“ segir Curver um senuna hérna heima. „Sérstaklega út af Mengi, það hafa verið æðislegir tónleikar þar.“ Mengi á Skólavörðustíg er tiltölulega ný viðbót við gallerí og tónleikastaðaflóru Reykjavíkur en það var sett á fót síðastliðið haust. „Það var mun erfiðara að setja saman tilraunakennda tónleika fyrir tíð Mengis,“ segir Curver. „Þetta er frábær aðstaða og kemur með skemmtilega nýja vídd inn í íslenska tónlistarlífið.“

Eins og áður hefur komið fram þá eru tónleikarnir haldnir í Mengi og hefjast klukkan 21.00. Miðaverð er 2.000 krónur.

baldvin@365.is

# FÖSTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 11. JÚLÍ 2014**

### Tónleikar

**20.00 Hljómsveitin Á móti sól leikur á sumarhátíðardansleik á Útlaganum, Flúðum. Hljómsveitin lofar stanslausu stuði, enda er Útlaginn í miklu uppáhaldi hjá Magna og félögum en það er DJ Gin&Tonic sem hitar upp fyrir sveitina.**



**22.00** Hljómsveitin Todmobile kemur fram í öllu sínu veldi með Þorvald Bjarna, Andreu Gylfa og Eyþór Inga í fararbroddi á Græna hattinum, Akureyri. Miðaverð er 3.500 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**22.00** Hljómsveitin Brother Grass leikur fyrir gesti á Café Rosenberg.

**23.00** Sváfnir Sigurðarson leikur og syngur á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Sýningar

**09.00** Á sýningunni Villt hreindýr á Íslandi er hægt að sjá og fræðast um hreindýr og líf þeirra. Hreindýrasýningin er fullkomin blanda menningar, náttúru og tækninýjunga og er mikil upplifun fyrir alla aldurshópa. Sýningin er sett upp í Flóanum í Hörpu og er miðaverð 1.900 krónur.

**14.00** Sýninguna S.I.R.K.U.S. hefur Sirkus Íslands sett saman með yngri börnin í huga en þó ekki á kostnað eldri áhorfenda. Sirkus Íslands leyfir áhorfendum að skyggnast inn í annan heim þar sem draumar verða að veruleika. Miðaverð er 2.500 krónur.

**17.00** Heima er best er stóra fjölskyldusýning Sirkuss Íslands. Hún er alíslensk sirkusskemmtun þar sem öll fjölskyldan nýtur þess að horfa á ótrúlega leikni listamanna Sirkuss Íslands. Miðaverð er 3.000 krónur og miða má nálgast á heimasíðu midi.is.

**19.00** How to become Icelandic in 60 minutes er leiksýning sem leikin er á ensku, samin og flutt af Bjarna Hauki Þórssyni og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni. Sýningin fer fram í Kaldalóni í Hörpu og er miðaverð 4.200 krónur.

**20.00** Leikritið Ræflavík er byggt á breska verðlaunaleikritinu Punk Rock eftir Simon Stephens og er hér sett upp í staðfærslu og leikgerð Jóns Gunnars og Norðurbandalagsins. Sýningin er sett upp í Rýminu á Akureyri og er miðaverð 2.500 krónur.

**22.00** Skinnsemi er kabarettsýning Sirkuss Íslands með sirkusívafi – þar sem lögð er áhersla á fullorðinshúmor. Innblástur er sóttur í burlesque- og vaudeville-sýningar þriðja og fjórða áratugarins. Sýningin fer fram í tjaldinu Jöklu á Klambratúni en miðaverð er 3.500 krónur.

### Uppákomur

**12.00** Þriðja og síðasta Föstudagsfiðrildi Listhópa og Götuleikhúss Hins Hússins. Fjölbreytnin er mikil og teygir dagskráin sig meðal annars upp á Arnarhól og út í Ráðhús.

**20.30** Þau Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson munu ferðast um nágrannabæi Reykjavíkur og skemmta bæjarbúum. Dagskráin samanstendur af uppistandi, upplestri, leikþáttum, tónlist, gríni og glensi. Í kvöld koma þau fram í Landnámssetrinu í Borgarnesi og er miðaverð 2.500 krónur.

### Dans

**13.30** Norrænt þjóðdansamót, Barnlek, er nú haldið um þessar mundir í Mosfellsbæ. Það verður sýning þátttakenda á miðbæjartorginu, á plani við torgið og í Kjarnanum í Mosfellsbæ. Þau lönd sem koma fram eru Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finnland/Suomi, Færeyjar, Grænland og Ísland.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



# LÍFIÐ

## Emma Watson senuþjófur í París

Leikkonan Emma Watson fer mikinn á tískuvikunni í París og þykir vera einstaklega smekklega klædd þar sem hún fylgist með Haute Couture-sýningunum frá fremsta bekk.



**Christian Dior** Stutt munstrað pils í sumarhitanum í París.



**Giambattista Valli** Smekklegar buxur og silkiblússa.



**Christian Dior** Í flottum svörtum og hvítum kjól.



**Valentino** Í tvískptum kjól úr blúndu.

NORDICPHOTOS/GETTY



**MIKIÐ SJÓNARSPIL** Hljómsveitin Portishead kemur fram á ATP-hátíðinni í kvöld. Þegar hæst stendur í stönginni verða tíu manns á sviðinu, því fullskipuð hljómsveit verður þar og má því gera ráð fyrir flottum tónleikum.
NORDICPHOTOS/GETTY

# HRÆÐIST ÞÁ ÁTT SEM TÓNLISTARBRANSINN STEFNIR Í

Breska hljómsveitin Portishead er ákaflega spennt fyrir því að koma til Íslands og ætlar að skoða bæði land og þjóð. Geoff Barrow, einn forsprakki sveitarinnar, fer fögrum orðum um aðstandendur ATP-hátíðarinnar og segir hátíðina snúast um framandi og flotta tónlist en ekki um peninga og styrktaraðila.



**HÆFILEIKARÍKUR** Geoff Barrow, einn stofnenda Portishead, er mjög spenntur yfir því að koma til Íslands. Hann er sjálfmenntaður tónlistarmaður og er farinn að prófa sig áfram í kvikmyndatónlist.
NORDICPHOTOS/GETTY

Gunnar Leó Pálsson
gunnarleo@frettabladid.is



„Ég er mjög spenntur fyrir því að koma til Íslands, þetta er í fyrsta sinn sem ég kem og ég ætla njóta þess,“ segir tónlistarmaðurinn Geoff Barrow, einn af forsprökkum hljómsveitarinnar Portishead, en sveitin kemur fram á ATP-tónlistarhátíðinni í kvöld.

Barrow segist hafa orðið enn spenntari þegar hann komst að því hvar hátíðin færi fram hér á landi. „Þegar Barry Hogan, forsprakki ATP, sagði mér að hátíðin færi fram á fyrrverandi varnarsvæði Nató við Keflavíkurflugvöll fannst mér það hljóma mjög vel og spennandi,“ segir Barrow léttur í lundu.

Þótt hann hafi ekki komið til landsins segist hann þekkja land og þjóð að einhverju leyti. „Ég hef auðvitað séð myndir og þekki Björk og Sigur Rós.“

Barrow á þó góða sögu sem tengir hann við Björk. „Nellee Hooper, sem mixaði og pródúseraði meðal annars fyrstu sólóplötu Bjarkar, Debut, er frá Bristol. Við vorum að vinna í sama stúdíói og þau í London þegar þau voru að vinna að plötunni. Ég man sérstaklega vel eftir því þegar þau voru að vinna í laginu Human Behaviour, ég hitti þó aldrei Björk en við vorum allavega að vinna í sama stúdíói á sama tíma, bara hvort í sínu rými,“ útskýrir Barrow.

Portishead hefur gefið út þrjár breiðskífur, Dummy árið 1994, Portishead árið 1997 og Third árið 2008. Hvað kom til að ellefu ár liðu á milli plötu tvö og þrjú?

„Það eru margar ástæður, við erum þrjú í bandinu en hvað mig varðar þá gafst ég upp á tónlist í um það bil fimm ár. Alltaf þegar ég samdi eitthvað þá fílaði ég það ekki nógu vel og á endanum þurfti ég bara að hætta. Ég verð að fíla tónlistina, ég get ekki verið að þykjast,“ segir Barrow.

Portishead vinnur þó að nýrri plötu hægt og hljóðlega um þessar mundir. „Þetta er hægt ferli, við erum að fá hugmyndir, það er ekki hægt að vinna neitt fyrr en maður hefur eitthvað að segja,“ segir Barrow um væntanlega plötu. Hann hefur þó unnið að kvikmyndatónlist að undanförnu og kann vel við sig í kvikmyndabransanum. „Þetta er alveg ný upplifun sem ég kann mjög vel við.“

Hann segist þó óttast þá átt sem tónlistarheimurinn stefnir í varðandi plötusölu. „Bransinn er orðinn svo „commercial“ og með tilkomu Spotify þurfa hljómsveitir að reiða sig mikið á tónleikahald því tekjurnar af Spotify eru ansi takmarkaðar.“

Portishead hefur komið fram út um víðan völl að undanförnu, meðal annars á Glastonbury-hátíðinni fyrir skömmu. Barrow fer þó sérlega fögrum orðum um ATP-hátíðina. „Þetta eru vinir okkar, ef þú vilt styðja gott fólk í bransanum, þá áttu að fara á ATP vegna þess að aðstandendum hátíðarinnar er annt um tónlist. Þeir reyna að halda þetta á framandi og flottum stöðum og á ATP hef ég til dæmis uppgötvað fullt af flottum tónlistarmönnum. Þessi hátíð snýst ekki um styrktaraðila og peninga,“ útskýrir Barrow.

Þegar mest verður um að vera verða tíu manns á sviðinu með Portishead í kvöld og full hljómsveit þannig að gera má ráð fyrir flottum tónleikum.

## HÁTÍÐIN UM HELGINA

**Í KVÖLD**

**Atlantic Studios**
17.30 Ben Frost
18.50 Mammút
20.00 Sóley
21.10 Liars
22.30 Slowdrive
00.00 Portishead
02.00 Fuck Buttons

**Andrews Theather**
18.00 Náttfari
19.00 Hebronix
20.00 Pascal Pinon
21.00 Low Roar
22.00 Samaris

**LAUGARDAGSKVÖLD**

**Atlantic Studios**
17.30 Forest Swords
18.40 Sin Fang
19.50 For a Minor Reflection
21.00 I Break horses
22.30 Devendra Banhart
00.00 Interpol
02.00 Singapore Sling

**Andrews Theather**
18.00 Fufanu
19.00 Kría Brekkan
20.00 Eaux
21.00 Pharmakon
22.00 The Haxan Cloak

## HVAÐA HLJÓMSVEIT ER PORTISHEAD?

Portishead var stofnuð í Bristol á Englandi árið 1991 og er hún nefnd eftir þorpi skammt frá Bristol

Geoff Barrow, Beth Gibbons og Adrian Utley mynda hljómsveitina

**Sveitin hefur gefið út þrjár breiðskífur**
Dummy árið 1994
Portishead 1997
Third árið 2008



Dummy **er í 419. sæti yfir 500 bestu plötu sögunnar** að mati *Rolling Stone-tímaritsins* Platan skilaði sveitinni verðlaunum sem nýliði ársins árið 1995 á Brit-verðlaunahátíðinni

Árið 1999 vann hljómsveitin lagið **Motherless Child** með *Tom Jones*


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
GEGGJAÐUR GRÍS
Pylsa í brauði á 68 kr. stk.
159 kr. pk.
Líf pylsubrauð, 5 stk.
359 kr. pk.
Krónu pylsur, 10 stk.
Ókryddaðar
Kolagrill-marineraðar
Kryddaðar
798 kr. kg
Verð áður 898 kr. kg
Grísabógsneiðar, ókryddaðar kryddaðar eða kolagrillmarineraðar
Ókryddað
New York marinerað
3998 kr. kg
Verð áður 4498 kr. kg
Lambafille með fituröng, ókryddað eða kryddað
549 kr. pk.
Pepsi Max eða Pepsi, 6 x 330 ml
998 kr. kg
Verð áður 1129 kr. kg
Krónu kjúklingalæri með legg
RED HEREFORD
6 RED HEREFORD HAMBURGERS
2298 kr. pk.
6 í pk.
Hereford hamborgarar, 6 x 200 g
Krónan Árbæ
Krónan Bíldshöfða
Krónan Breiðholti
Krónan Granda
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Lindum
Krónan Mosfellsbæ
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Vallakór
Krónan Akranesi
Krónan Reyðarfirði
Krónan Selfossi
Krónan Vestmannaeyjum
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| DELIVER US FROM EVIL | KL. 5 - 8 - 10.35 | 16 |
| DELIVER US FROM EVIL LÚXUS | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| EARTH TO ECHO | KL. 3.40 - 5.45 | L |
| THE SALVATION | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 3D ÍSL TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| 22 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL. 8 - 10.40 | 14 |
| VONARSTRÆTI LÚXUS | KL. 5 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| DELIVER US FROM EVIL | KL. 8 - 10.35 | 16 |
| EARTH TO ECHO | KL. 5.50 | L |
| AÐ TEMJA DREKANN 2 2D ÍSL TAL | KL. 5.45 | L |
| TRAIN...DRAGON 3D ENS. TAL ÓTEXT. | KL. 8 | L |
| 22 JUMP STREET | KL. 10.40 | 12 |
| X-MEN 3D | KL. 10.10 | 12 |
| FAULT IN OUR STARS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| VONARSTRÆTI | KL. 5.20 - 8 | 14 |

Miðasala á: eMiði

FJÖLSKYLDUPAKKINN Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði NÁNAR Á SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁS BÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| EARTH TO ECHO | 4, 6, 8 | L |
| DELIVER US FROM EVIL | 10 | 16 |
| TEMJA DREKANN SINN 2D | 5 | L |
| 22 JUMP STREET | 8, 10:20 | 12 |
| MILLIOM WAYS, DIE WEST | 10:10 | 16 |
| VONARSTRÆTI | 4:30, 7:30 | 14 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TAMMY | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| TAMMY VIP | KL. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 - 5:50 | 7 |
| SABOTAGE | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| CUBAN FURY | KL. 8 - 10:10 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 | KL. 3D: 5 - 8:30 2D: 10:20 | 12 |
| MALEFICENT 2D | KL. 3:40 - 5:50 - 8 | 10 |
| BLENDED | KL. 5:40 | 10 |

FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 300 KR.
JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D KL. 3:40 L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | 7 |
| TAMMY | KL. 8 | 12 |
| CUBAN FURY | KL. 8 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 10:10 | 12 |
| DELIVER US FROM EVIL | KL. 10:15 | 16 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TAMMY | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 4:50 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 | KL. 3D: 8 - 10:10 2D: 4:40 - 7 | 12 |
| SABOTAGE | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| MALEFICENT 2D | KL. 5:50 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| TAMMY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | 7 |
| CUBAN FURY | KL. 8 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 5:50 - 9:10 | 12 |
| EDGE OF TOMORROW 2D | KL. 10:10 | 14 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| TAMMY | KL. 8:15 | 12 |
| TARZAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | 7 |
| SABOTAGE | KL. 10:20 | 16 |
| CUBAN FURY | KL. 8 | 7 |
| TRANSFORMERS 4 3D | KL. 5 - 10:20 | 12 |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

# Ísland í hundana

**BAKPANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Þegar ég var barn og unglingur voru hundar eitthvað sem ég þekkti ekki. Fjölskylda vinar míns átti hund, einn frændi í fjölskyldunni átti hund í nokkur ár en þar með var það upptalið. Fyrir vikið leið mér aldrei vel í návist hunda og var í rauninni smeykur við þá.

**ÞRJÚ** ár í Bandaríkjunum breyttu öllu. Þá loksins skildi ég frasann um „besta vin mannsins“. Úti eiga nánast allir hunda og í sumum fjölskyldum er hundurinn jafngildur fjölskyldumeðlimur og aðrir. Foreldrar vinar míns greiddu milljónir til þess að eldgamall og elskaður hundurinn kæmist í aðgerð til að lengja líf hans lítillega.

**HUNDAEIGENDUR** vita þetta auðvitað en fyrir mig var magnað að komast upp á lagið með hunda, kunna að meta félagsskap þeirra og vera byrjaður að opna á þann möguleika að eignast hund einn daginn. Það er til verri tilhugsun en sú að koma heim eftir langan vinnudag þar sem vitandi að þar bíður einn eldhress sem finnst alltaf gaman að sjá þig.

**KRÍLIN** mín tvö eru á leið vestur um haf með móður sinni í næstu viku að hitta ömmu sína og afa en líka hundana. Tvo eldhressa leikfélaga sem eru tilbúnir í eltingaleik frá morgni til kvölds. Ég ætla að verða búinn að undirbúa svör fyrir spurninguna „pabbi, af hverju eigum við ekki hund?“ þegar krakkarnir snúa aftur eftir þrjár vikur.

**HUNDALAUS** höfum við sem betur fer tækifæri til að umgangast hunda hér heima enda hefur þeim fjölgað gríðarlega undanfarin ár. Þegar vel viðrar finnst okkur fátt skemmtilegra en að fara á útivistarsvæði þar sem hundaeigendur, sem betur fer, brjóta lögin. Þeir sleppa hundunum lausum sem fá að leika sér og krakkarnir með. Á meðan ég hefði hangið kjökrandi í fangi mömmu af ótta við hundana eiga hundavanir krakkarnir mínir þess kost að njóta samveru við ferfætlingana. Þær samverustundir eru ávísun á bros og hlátur.



**HLJÓMSVEITARBÍLLINN** Hér eru meðlimir Vintage Caravan stoltir á svip við sendibíl sem þeir nota á ferðalögum.

# Sambúðin gengur vel

Hljómsveitin Vintage Caravan flutti til Danmerkur fyrir skömmu og lætur draum sinn rætast. Meðlimirnir búa saman í kjallaraíbúð, þar sem þeir sofa, borða og æfa.

„Við erum búnir að vera hér í bráðum þrjá mánuði og erum allavega ekki enn búnir að kyrkja hver annan,“ segir Óskar Logi Ágústsson, söngvari og gítarleikari hljómsveitarinnar Vintage Caravan. Hann skipar sveitina ásamt Guðjóni Reynissyni trommuleikara og Alexander Erni Númasyni bassaleikara og saman fluttu þeir til Sønderborg í Danmörku til að elta rokkstjörnudrauminn.

Þeir búa saman í kjallaraíbúð. „Við æfum, sofum og borðum saman. Við erum með allt hér, meira að segja líkamsræktaraðstöðu og hænur úti í garði,“ útskýrir Óskar Logi. Hann segir sambúðina ganga mjög vel og þeir semji mjög mikið af efni. „Við erum komnir með efni í tvær plötur, við semjum eiginlega of mikið af efni,“ segir Óskar Logi og hlær.

Þeir félagar festu í sendibíl sem hefur reynst hentugur. „Við höfum tekið tónleikaferðalög hér og þar. Við sitjum þá þrír saman fram í með fullan bíl af græjum.“ Hann segir slík tónleikaferðalög ekki hafa verið möguleg nema þeir hefðu flutt út. „Þetta hefur bjargað okkur, það er svo dýrt að fljúga og borga yfirvigt og svona,“ bætir Óskar Logi við.

Sveitin hefur spilað mikið á árinu og gerir ráð fyrir að undir lok árs hafi hún leikið á um nítíu tónleikum á erlendri grundu og er bókuð út árið. „Við erum að fara spila á Wacken-tónlistarhátíðinni í ágúst og einnig að fara í langt tónleikaferðalag með sænsku hljómsveitinni Blues Pills sem er lofandi sveit,“ segir Óskar Logi.

Mikael Åkerfeldt, söngvari þungarokkshljómsveitarinnar Opeth, heillaðist af plötu sveitarinnar. „Já, hann fékk að heyra plötuna okkar frá skipuleggjanda tónlistarhátíðar sem við vorum að spila á. Núna eigum við meiri séns á að túra með þeim,“ segir Óskar Logi léttur í lundu. Sveitin er með samning við bókunarfyrirtækið Rock The Nation og er fyrirtækið iðið við að skipuleggja tónleika.

> **Við erum komnir með efni í tvær plötur, við semjum eiginlega of mikið af efni.**
> *Óskar Logi Ágeirsson.*

Þeir félagar koma fram á Eistnaflugi í kvöld en stoppa þó stutt hér á landi. „Við komum bara heim í tvo eða þrjá daga og svo aftur út. Við reiknum samt með að taka upp næstu plötu á Íslandi eftir áramót.“

gunnarleo@frettabladid.is

BÍÓ★PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# ÚTSALAN
## ER HAFIN

# 40%-60%
## AFSLÁTTUR
### AF ÖLLUM VÖRUM

OPIÐ
föstudaga 10:00 - 19:00
laugadaga 10:00 - 18:00
sunnudaga 13:00 - 18:00

next
KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

Fylgstu með okkur á Facebook


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ferðalagið byrjar í Bónus
ÍSLANDS LAMB
3598 kr. kg.
Ferskt ókryddað lambafillet
1198 krónur kg.
Kaupfél. Skagfirðinga Frosið heilt lambalæri FROSIÐ
998 kr. kg
BBQ Grísabógsneiðar
Hvítlauksmarineraðar
NAUTA Veisla
2 x 140g Nautahamborgari
UPPRUNALAND ÞÝSKALAND
439 kr. boxið
100% KJÖT
Nautaveislu Nautgripahamborgarar 2 x 140g
1198 krónur kg.
KS Lamba-Sirloinsneiðar FROSNAR
KJARNAFÆÐI
359 kr. 485g. 10 stk
498 kr. 510g. 10 stk
498 kr. 70g
1398 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
UPPRUNALAND ÞÝSKALAND
1598 kr 10 stk. 120g
Frosnir Nautahamborgarar 10x120g
87% KJÖTINNIHALD
259 kr 360g. 4 stk.
259 kr. 250g
149 kr 5 stk.
1198 kr. kg.
Bónus BBQ grill grísakótilettur
398 kr 125g
Bónus Lambhagablanda
BREYTT VERÐ 5000 STK. Á ÞESSU VERÐI!
498 kr. 500ml
Caj P grillolía
129 kr 570g
159 kr 4 stk.
GOTT Á GRILLIÐ
ÓMISSANDI ÚT Á SALATIÐ
1298 KR.KG
Fjalla
259 kr 650g
BÓNUS nýbakað Normalbrauð
298 kr. 250g
1398 kr. kg
BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótilettur
698 kr. 500ml
Solla/Himnesk Ólífuolía jómfrúar kaldpressuð
FJALLA ferskt Kryddað lambalæri
AFGREIÐSLUTÍMI FÖSTUDAGUR 10:00-19:30
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ferðalagið byrjar í Bónus
GRÆN MELÓNA PIEL DE SAPO
GUL MELÓNA HUNANGS MELÓNUR
RAUÐ VATNSMELÓNA SEEDLESS WATERMELON
KANTALÓPUR SPANISH CANTALOPE
Melónuveisla frá Spáni. Allar tegundir aðeins 195 kr.kg.
Pedigree VITAL ADULT
3998 kr. 12 kg.
Pedigree Vital
Hundamatur 12 kg. Tvær gerðir
ACTILIFT ARIEL
1698 kr. 38 þvottar
Ariel þvottaefni: 38 þvottar
45 KR. HVER ÞVOTTUR
DIAPERS MIDI
DIAPERS MAXI
DIAPERS JUNIOR
1298 kr. pakkinn
BABY-WIPES
Euroshopper bleiur 1298 kr. pakkinn
Midi 56 stk.- Maxi 50 stk.- Junior 44 stk.
Euroshopper Baby-wipes 172 blöð: 179 kr.pk.
Opera d'Italia
398 kr. 100g
Opera d'Italia hráskinka
BÓNUS 24 PINNAR
698 kr. 24 stk.
AÐEINS 29 KR. STYKKIÐ !
Prins BITAR
ÆÐI BITAR
Hraun BITAR
GÓU
579 kr. 3 x 200g
Góu þrennan Prins-Æði-Hraun bitar
BISCUITS WITH MILK CHOCOLATE
BISCUITS WITH DARK CHOCOLATE
159 kr. 125g
LYONS BISCUITS HOMEBLEST
198 kr. 300g
BÓNUS HAFRAKEX
198 kr. 225g
Egils APPELSÍN
139 kr. 1 ltr.
Coca-Cola light
Coca-Cola
Coca-Cola zero
198 kr. 1.5 ltr.
ENERGY DRINK SUGAR FREE
ENERGY DRINK
69 kr. 250ml
79 kr. 330ml
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
FÖSTUDAGUR
10:00-19:30

## Ótrúlegur sprettur Helenu dugði ekki til




**KÖRFUBOLTI** Ísland tapaði öðru sinni á jafn mörgum dögum fyrir Danmörku í vináttulandsleik í gærkvöldi. Leikið var í Stykkishólmi þar sem gestirnir höfðu betur í framlengdum leik, 83-80.

Danir byrjuðu betur og náðu forystu snemma í leiknum sem Ísland náði ekki að minnka verulega fyrr en í lok venjulegs leiktíma. Danir voru með ellefu stiga forystu þegar tæpar þrjár mínútur voru til leiksloka en þá tók Helena til sinna ráða, skoraði ellefu stig í röð fyrir íslenska liðið og jafnaði leikinn.

Í framlengingunni náðu Danir aftur undirtökunum og urðu stelpurnar okkar þá að játa sig sigraðar.

Þetta voru fyrstu landsleikir íslenska kvennalandsliðsins hér á landi í fimm ár en liðið undirbýr sig nú af kappi fyrir Evrópumót smáþjóða sem hefst í Austurríki í næstu viku. -esá

## Valsmenn klófestu bakvörðinn

**FÓTBOLTI** Billy Velo Berntsson er genginn í raðir Vals og leikur með liðinu í Pepsi-deildinni í sumar. Billy er sænskur hægri bakvörður og fyllir skarð James Hurst sem yfirgaf herbúðir Valsmanna á dögunum.

Hann er 30 ára gamall og hefur lengst af spilað í heimalandinu en einnig Danmörku og Skotlandi. Hann spilaði með Hammarby til loka tímabilsins í fyrra en samdi í apríl síðastliðnum við neðrideildarlið Rosengård. -esá

## Landsliðið tapaði fyrir Dönum

**GOLF** Íslenska karlalandsliðið í golfi steinlá fyrir Dönum í fyrstu umferð holukeppninnar í B-riðli Evrópumeistaramótsins í Finnlandi. Danir unnu fjóra leiki af fimm en Haraldur Franklín Magnús var sá eini sem bar sigur úr býtum í sinni viðureign. Hann hafði betur gegn Nicolai Kristensen. Ísland leikur gegn Austurríki á morgun.

Kvennalandsliðinu gekk hins vegar betur í sinni viðureign á EM í Slóveníu og vann Wales með þremur vinningum gegn tveimur. - esá

## Sanchez klæðist rauðu í Lundúnum

**FÓTBOLTI** Sílemaðurinn Alexis Sanchez gekk í gær til liðs við Arsenal frá Barcelona. Talið er að Arsenal greiði um 35 milljónir punda fyrir kappann eða um 6,8 milljarða króna. Hann er 25 ára og skoraði 47 mörk í 141 leik með Barcelona en þangað kom hann frá Udinese á Ítalíu árið 2011.

„Ég er afar hamingjusamur með að vera kominn til félags sem er með svo frábæran knattspyrnustjóra, góðan leikmannahóp og víðtækan stuðning um allan heim,“ sagði Sanchez eftir vistaskiptin. -esá

# Sat forseti EHF fundinn?

Framkvæmdastjórn Alþjóðahandknattleikssambandsins leggur til breytingar í þröngum fimm manna hring sem nánast undantekningalaust eru samþykktar. Aum svör Evrópska handknattleikssambandsins til HSÍ.

**HANDBOLTI** „IHF (Alþjóðahandknattleikssambandið) verður að svara fyrir hvernig stendur á, að það breyti röð Evrópu í varaþjóðum. Það verður að leggja fram eitthvað skriflegt sem búið er að samþykkja,“ segir Kjartan Steinbach, fyrrverandi yfirmaður dómaranefndar IHF, í samtali við Fréttablaðið um ákvörðun Alþjóðasambandsins um að veita Þjóðverjum hið svokallaða „wild card“-sæti á HM 2015 í Katar.

Fréttablaðið reyndi áfram í gær án nokkurs árangurs að fá svör frá EHF og IHF um þessa furðulegu ákvörðun. Eins og greint var frá í gær hafa ekki verið lagðir fram neinir pappírar eða sannanir fyrir að fundur, þar sem reglugerð varðandi fyrstu varaþjóð var breytt, hafi einfaldlega farið fram.

„Það er nú bara þannig hjá IHF í dag að reglugerðarbreytingar fara ekki fram á þingi. Því var breytt fyrir nokkrum árum. Það er bara ráðið (EHF Council) sem breytir reglum eftir tilmælum framkvæmdanefndarinnar, en í henni sitja fimm manns. Hún breytir öllu nema því sem kemur að lögum eða dómstólum sambandsins. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að leyfa fimm skref í handbolta verður það svo. Það sem hún leggur fyrir ráðið er samþykkt í 99,9 prósent tilvika,“ segir Kjartan.



FORSETI EHF Jean Brihault hefði átt að vita af reglubreytingu IHF hafi hún verið gerð með lögmætum hætti. MYND/EHF

### Forseti EHF á staðnum?

Í framkvæmdastjórninni eru fimm menn; Egyptinn Hassan Moustafa, forseti IHF, Miguel Roca frá Spáni varaforseti, Króatinn Sandi Sola gjaldkeri, og tveir aðrir meðlimir; Joel Delplanque, forseti franska handknattleikssambandsins, og Tékkinn Frantisek Taborsky. Vitað er að Íslendingar voru ekki ánægðir þegar hann birtist allt í einu í þessari framkvæmdastjórn.

Þessir menn eiga að hafa, á fundi sínum í mars eða apríl, breytt reglunum, en enginn var látinn vita eins og kom fram í gær. Þeir leggja allar reglubreytingar fyrir ráðið sem átján meðlimir skipa.

Þeirra á meðal er Jean Brihault, forseti Evrópska handknattleikssambandsins, EHF. Því hlýtur það að vekja mikla furðu að EHF segist koma af fjöllum í þessu máli. Annaðhvort sat Brihault fundinn og EHF er bókstaflega að ljúga að íslensku handboltaforystunni, eða reglubreytingin hefur verið gerð í enn meiri kyrrþey og getur því vart talist lögleg.

### Aum svör EHF

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, krafði EHF um svör í bréfi sem hann sendi í fyrradag og í gær barst svar. Ljóst er að EHF ætlar ekki að standa í lappirnar gagnvart Alþjóðasambandinu og hjálpa sérsambandi innan sinna vébanda. Rétt eins og þegar Fréttablaðið reyndi að grennslast fyrir um svör var HSÍ bent á að hafa samband við IHF.

Þar komst formaður HSÍ ekki í samband við nokkurn mann, ekki frekar en Fréttablaðið. Formaður handknattleikssambands þjóðar sem hefur verið á meðal þeirra tólf bestu í heiminum í um tveggja áratuga skeið fær ekki samband við Alþjóðasambandið. Stórfurðulegt.

„Við sendum annað bréf í gær og ítrekuðum spurningarnar. Ég hef verið að reyna að hringja í varaformann IHF en hann hefur ekki svarað,“ sagði Guðmundur við Fréttablaðið í gær, en er hann ekki vonsvikinn yfir frammistöðu EHF í þessu máli hingað til? „Jú, í raun og veru eru þetta vonbrigði,“ sagði formaðurinn.“

### Þjóðverjar fagna

Þjóðverjar virðast eðlilega kampakátir með sætið á HM enda mikilvægt fyrir þessa stóru handboltaþjóð að komast á mótið. Þýskaland var ekki með á EM í Danmörku í janúar og eftir tap gegn Póllandi í umspilinu í síðasta mánuði stefndi í tvö stórmót án Þýskalands.

„Það er nú undir okkur komið, að sanna að við erum þess verðugir að vera með í Katar,“ sagði forseti þýska sambandsins í fréttatilkynningu um „wild card“-sætið á vefsíðu þýska sambandins. „Frammistaða okkar á HM 2013 borgaði sig,“ bætir hann við.

Bob Hanning, varaforseti þýska sambandsins, og Stefan Kretzschmar, fyrrverandi landsliðsmaður Þýskalands og núverandi sérfræðingur Sport 1, fögnuðu mjög á Twitter-síðum sínum.

Eini maðurinn sem virðist vera með óbragð í munni er annar gamall þýskur landsliðsmaður, Daniel Stephan, fyrrverandi leikmaður Lemgo og samherji Loga Geirssonar.

„Það er mikilvægt fyrir okkur að vera komnir aftur á HM en það sjá allir að þarna er verið að redda Þýskalandi fyrir horn. IHF þarf á Þýskalandi að halda og fann mjög vafasama leið til þess,“ sagði Daniel Stephan í viðtali við íþróttavef Sport 1 í Þýskalandi. tomas@365.is

# Áttum meira skilið

Fram féll úr leik en Stjarnan og FH komust áfram.

**FÓTBOLTI** Stjarnan og FH eru komin áfram í aðra umferð forkeppni Evrópudeildar UEFA en bikarmeistarar Fram féllu úr leik. Framarar gerðu 2-2 jafntefli við eistneska liðið Kalju Nõmme ytra en öll íslensku liðin léku á útivelli í gær.

Fram lenti tvívegis undir í leiknum en var nálægt því að skora þriðja markið undir lokin en það hefði dugað til að komast áfram í næstu umferð.

„Markvörður þeirra varði mjög vel í þrígang og við vildum líka fá vítaspyrnu sem við fengum ekki,“ sagði Jóhannes Karl Guðjónsson um lokamínúturnar. „Heilt yfir erum við vonsviknir en í raun tapaðist þessi rimma á heimavelli. Þeir unnu þar 1-0 sigur án þess að skapa sér nokkuð markvert í leiknum. Mér fannst að við ættum meira skilið úr þessum tveimur leikjum,“ bætti hann við.

Stjarnan vann 4-0 sigur á Bangor City í Wales og 8-0 samanlagt. FH gerði einnig góða ferð til Norður-Írlands og lagði þar lið Glenavon, 3-2, og 6-2 samanlagt.

Stjarnan mætir skoska liðinu Motherwell í næstu umferð en FH leikur gegn Neman Grodno frá Hvíta-Rússlandi. -esá



TVÖ MÖRK EKKI NÓG Tryggvi Bjarnason skoraði annað mark Fram í Eistlandi í gær en það dugði bikarmeisturunum ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ÚRSLIT

### LANDSLEIKUR Í KÖRFUBOLTA

**ÍSLAND - DANMÖRK 80-83 (33-43, 73-73)**

**Stig Íslands:** Helena Sverrisdóttir 30/9 fráköst/6 stoðsendingar/5 stolnir, Hildur Björg Kjartansdóttir 13/6 fráköst, Pálína Gunnlaugsdóttir 7, Hildur Sigurðardóttir 6, Kristrún Sigurjónsdóttir 6, Guðbjörg Sverrisdóttir 5, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 5, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 4/3 varin skot, Bryndís Guðmundsdóttir 4, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 0/9 fráköst, Gunnhildur Gunnarsdóttir 0/4 fráköst.

**Stig Danmerkur:** Kiki Jean Lund 17/6 stoðsendingar, Ida Tryggedsson 13, Gritt Ryder 12, Emilie Hesseldal 8/9 fráköst, Katrine Dyszkant 6/4 fráköst, Camilla Blands 6/9 fráköst/6 stoðsendingar, Emilie Fogelström 5, Mathilde Linnea Gilling 5/5 fráköst, Cecilie Tang Homann 4, Ida Krogh 4, Natascha Hartvich 3, Tea Jörgensen 0/4 fráköst.

### EVRÓPUDEILD UEFA

**FORKEPPNI, 1. UMFERÐ**

**KALJU NÕMME - FRAM 2-2**

1-0 Felipe (10.), 1-1 Einar Bjarni Ómarsson (25.), 2-1 Hidetoshi Wakui (53.), 2-2 Tryggvi Sveinn Bjarnason (64.).

*Kalju Nõmme vann samanlagt, 3-2.*

**BANGOR CITY - STJARNAN 0-4**

0-1 Martin Rauschenberg (53.), 0-2 Arnar Már Björgvinsson (68.), 0-3 Arnar Már Björgvinsson (81.), 0-4 Atli Jóhannsson (85.).

*Stjarnan vann samanlagt, 8-0, og mætir skoska liðinu Motherwell í 2. umferð.*

**GLENAVON - FH 2-3**

0-1 Ingimundur Níels Óskarsson (3.), 0-2 Kristján Gauti Emilsson (37.), 1-2 Kevin Braniff (58.), 2-2 Eoin Bradley (60.), 2-3 Kristján Gauti, víti (69.).

*FH vann samanlagt, 6-2, og mætir Neman Grodno frá Hvíta-Rússlandi í 2. umferð.*

**2-0**

**Þórsvöllur**
Áhorf: 790
**Þorvaldur Árnason (7)**

**Mörkin:** 1-0 Ármann Pétur Ævarsson (44.), 2-0 Shawn Nicklaw (69.).

**ÞÓR (4-3-3):** Sandor Matus 7–***Shawn Nicklaw 7**, Atli Jens Albertsson 5 (73. Orri Sigurjónsson -), Orri Freyr Hjaltalín 6, Ingi Freyr Hilmarsson 5–Ármann Pétur Ævarsson 7, Hlynur Atli Magnússon 5, Sigurður Marinó Kristjánsson 5–Jóhann Helgi Hannesson 6, Sveinn Elías Jónsson 6, Chukwudi Chijindu 7 (70. Þórður Birgisson -).

**KR (4-3-3):** Stefán Logi Magnússon 5–Haukur Heiðar Hauksson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 5, Aron Bjarki Jósepsson 5, Ivar Furu 5–Farid Zato 5 (72. Emil Atlason -), Baldur Sigurðsson 5, Jónas Guðni Sævarsson 5–Gonzalo Balbi 6 (87. Almarr Ormarsson -) , Atli Sigurjónsson 5 (55. Kjartan Henry Finnbogason 5), Gary Martin 6.

**Skot (á mark):** 7-15 (3-5) **Horn**: 3-3

**Varin skot:** Matus 4 - Stefán Logi 1

### PEPSI DEILDIN 2014

STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 10 | 7 | 3 | 0 | 16-4 | 24 |
| Stjarnan | 10 | 6 | 4 | 0 | 17-11 | 22 |
| KR | 11 | 4 | 4 | 3 | 16-13 | 16 |
| Víkingur | 10 | 5 | 1 | 4 | 11-13 | 16 |
| Valur | 10 | 4 | 3 | 3 | 15-13 | 15 |
| Fjölnir | 10 | 2 | 5 | 3 | 15-16 | 11 |
| Breiðablik | 10 | 1 | 6 | 3 | 11-14 | 9 |
| Fram | 10 | 2 | 3 | 5 | 15-20 | 9 |
| Þór | 11 | 2 | 2 | 7 | 18-21 | 8 |
| Fylkir | 10 | 2 | 2 | 6 | 13-21 | 8 |
| ÍBV | 10 | 1 | 4 | 5 | 12-17 | 7 |

NÆSTU LEIKIR

**Sunnudagur 13. júlí**: 14.00 ÍBV - Fjölnir, 16.00 Stjarnan - FH. **Mánudagur 14. júlí**: 19.15 Víkingur - Keflavík, Valur - Breiðablik, Fylkir - Fram.

MARKAHÆSTU LEIKMENN

**Jeppe Hansen, Stjörnunni 6 mörk**
Kristján G. Emilsson (FH), Hörður Sveinsson (Keflavík), Pape Faye (Víkingi), Ólafur Finsen (Stjörnunni), Jóhann H. Hanness. (Þór) 5 mörk

visir.is
Meira um leiki gærkvöldsins

# PHILIPS TILBOÐ

# VIP SÆTI Á HM 2014




**Philips 50PFT4109**
50" LED sjónvarp með Full HD 1920 x 1080p upplausn. Digital Crystal Clear. 100 Hz Perfect Motion Rate. SimplyShare. Ljósnemi. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2 móttakari. 2x USB, 3x HDMI, Scart, Component, heyrnatólstengi, Coax út & CI rauf / DLNA o.fl. App til að samhæfa fjarstýringu með iPhone/Android síma.

Digital CrystalClear · FullHD · 100Hz · HDMI x2 with easyLINK · USB

**TILBOÐ**
**149.995**
FULLT VERÐ 169.995

## 12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í BOÐI




**Heimilistæki** ht.is
*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 20.00**
### Mike and Molly
Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.



### Orðbragð
**SJÓNVARPIÐ KL. 19.35** Orðbragð er skemmtiþáttur þar sem Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir snúa upp á íslenska tungumálið, teygja það, toga og umfaðma, knúsa og blása í það lífi.



### The Tonight Show
**SKJÁR EINN KL. 22.30** Hver man ekki eftir Wayne's World-stjörnunni Dana Carvey? Hann ásamt ungstirninu Hailee Steinfeld, sem sló í gegn í kvikmyndinni True Grit, eru gestir Jimmy í kvöld. Reggíbandið Magic! tekur lagið.



### Breaking Bad
**STÖÐ 2 GULL KL. 21.00** Þriðja þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem kemst að því að hann á aðeins tvö ár eftir ólifuð.

**X-ið 977 kl. 08.00**
### Harmageddon
Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga klukkan 8-11. Máni og Frosti fjalla um málefni líðandi stundar. Harmageddon er hrikalegur útvarpsþáttur sem tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.




## FRÉTTABLAÐIÐ
ER HELGARBLAÐIÐ



## GERÐI EKKI RÁÐ FYRIR AÐ LENDA Í SLYSI

Eitt ár er síðan **Róbert Wessman** lenti í mjög alvarlegu hjólreiðaslysi. Hann slasaðist illa og braut meðal annars tvo hryggjarliði. Hann ræðir við Fréttablaðið um bataferlið og ómetanlegan stuðning fjölskyldu, vina og samstarfsmanna.



### Úrslitaleikurinn stóri
Knattspyrnuveislan endar með úrslitaleik Þýskalands og Argentínu. Maradona laut í gras með Argentínu gegn Þjóðverjum í úrslitum HM í fótbolta árið 1990. Nú, 24 árum síðar, fær Lionel Messi tækifæri til að hefna ófaranna.

### Vinaleg þorp og blómlegar sveitir
Fréttablaðið skoðar hvað miðbik Norðurlands hefur upp á að bjóða fyrir ferðalanga.



FRÉTTABLAÐIÐ
*Ómissandi hluti af góðri helgi*

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | **visir.is**


## STÖÐ 2
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.00** Malcolm in the Middle
**08.25** Drop Dead Diva
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Last Man Standing
**10.40** The Face
**11.25** Junior Masterchef Australia
**12.15** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** Michael Jackson Life of an Icon
**15.35** Young Justice
**15.55** Frasier
**16.20** The Big Bang Theory
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.06** Veður
**19.15** Super Fun Night *(6:17)*
**19.35** Impractical Jokers *(6:8)* Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.
**20.00** Mike and Molly *(16:23)* Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.
**20.20** NCIS. Los Angeles *(6:24)* Fjórða þáttaröðin um starfsmenn sérstakrar deildar innan bandaríska hersins sem hafa það sérsvið að rannsaka glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.
**21.05** Sarah's Key Dramatísk mynd frá 2010 með Kristin Scott Thomas í aðalhlutverki. Myndin gerist í París nútímans og fjallar um blaðakonu sem finnur hvernig líf hennar er orðið nátengt ungri stúlku, en fjölskylda stúlkunnar flosnaði upp í hinum alræmdu fjöldahandtökum Nasista í París, Vel' d'Hiv Roundup, árið 1942.
**22.55** For a Good Time, Call....
**00.20** X-Men. First Class
**02.30** Daybreakers
**04.05** Ondine
**05.45** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*
**14.05** Fjölnir - Fylkir
**15.55** Pepsímörkin 2014
**17.20** N1 mótið
**18.00** Demantamótin Bein útsending
**20.00** Box - Provodnikov vs Algieri
**22.20** Demantamótin

## SPORT 2 *enski boltinn*
**12.15** Sviss - Frakkland
**14.00** HM Messan
**15.00** Frakkland - Þýskaland
**16.40** Brasilía - Kólumbía
**18.20** HM Messan
**19.20** Ian Wright 10 þátta sería um nokkra af helstu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar í gegnum árin.
**19.50** Brasilía - Þýskaland
**21.35** Holland - Argentína
**23.20** HM Messan
**00.20** Portúgal - Gana

## ÍNN
**20.00** Kling klang **21.00** Harmonikan heillar **21.30** Eldhús meistaranna

## STÖÐ 3
**16.45** Jamie's 30 Minute Meals
**17.10** Raising Hope
**17.30** The Neighbors
**17.50** Cougar Town
**18.15** The Secret Circle
**19.00** Top 20 Funniest
**19.40** Britain's Got Talent *(5:18)*
**20.30** Community *(16:24)*
**20.55** The Listener *(2:13)*
**21.40** True Blood *(12:12)*
**22.30** Sons of Anarchy *(2:14)*
**23.15** The Cougar
**00.00** Top 20 Funniest
**00.40** Britain's Got Talent
**01.30** Community
**01.55** The Listener
**02.40** True Blood
**03.35** Sons of Anarchy
**04.20** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin
**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Leyndarmál vísindanna **10.00** Lína langsokkur **10.25** Latibær **10.47** Hvellur keppnisbíll **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tommi og Jenni **13.54** Leyndarmál vísindanna **14.00** Lína langsokkur **14.24** Latibær **14.47** Hvellur keppnisbíll **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tommi og Jenni **17.54** Leyndarmál vísindanna **18.00** Lína langsokkur **18.24** Latibær **18.47** Hvellur keppnisbíll **19.00** Ávaxtakarfan **20.10** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN
**18.05** Strákarnir
**18.35** Friends
**19.00** Seinfeld
**19.25** Modern Family
**19.50** Two and a Half Men
**20.10** Spurningabomban *(5:21)* .
**21.00** Breaking Bad
**21.50** Wallander *(2:3)*
**23.20** It's Always Sunny in Philadelphia *(6:12)*
**23.45** Boss
**00.45** Hustle
**01.40** Spurningabomban
**02.30** Breaking Bad
**03.15** Wallander
**04.45** It's Always Sunny in Philadelphia
**05.10** Boss
**06.05** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓSTÖÐIN
**09.10** Gandhi
**12.15** Free Willy. Escape from Pirate's Cove
**13.55** Clear History
**15.35** Gandhi
**18.40** Free Willy. Escape from Pirate's Cove
**20.20** Clear History
**22.00** The Heat
**23.55** Perrier's Bounty
**01.20** Flypaper
**02.45** The Heat

## RÚV
**15.40** Ástareldur
**17.20** Kúlugúbbarnir
**17.43** Undraveröld Gúnda
**18.05** Nína Pataló
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Norrænar glæpasögur sigra heiminn
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Orðbragð *(1:6)* Orðbragð er skemmtiþáttur þar sem Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir snúa upp á íslenska tungumálið, teygja það, toga og umfaðma, knúsa og blása í það lífi.
**20.10** Saga af strák *(6:13) (About a Boy)* Bandarísk gamanþáttaröð um áhyggjulausan piparsvein sem sér sér leik á borði þegar einstæð móðir flytur í næsta hús.
**20.35** Séra Brown *(1:10) (Father Brown)* Breskur sakamálaþáttur um hinn slungna séra Brown sem er ekki bara kaþólskur prestur heldur leysir glæpsamleg mál á milli kirkjuathafna.
**21.30** Daginn sem jörðin stöðvaðist *(The Day the Earth Stood Still)* Endurgerð sígildrar vísindaskáldsögu frá 1951 með Keanu Reeves og Jennifer Connelly í aðalhlutverkum. Geimvera og vélmenni ná til jarðar til að bera jarðarbúum mikilvæg skilaboð.
**23.10** Ég elska þig líka *(I Love You Too)*
**00.55** Skógarhöggsmaðurinn
**02.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN
**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**14.50** The Voice
**16.25** The Voice
**17.15** Dr. Phil
**17.55** Necessary Roughness
**18.40** An Idiot Abroad
**19.25** 30 Rock *(2:22)*
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** Survior *(7:15)* Það er komið að 25. þáttaröðinni af Survivor með kynninn Jeff Probst í fararbroddi og í þetta sinn er stefnan tekin á Filippseyjar. Keppendur eru átján talsins að þessu sinni.
**21.00** The Bachelorette *(4:12)*
**22.30** The Tonight Show Hver man ekki eftir Wayne's World-stjörnunni Dana Carvey? Hann ásamt ungstirninu Hailee Steinfeld sem sló í gegn í kvikmyndinni True Grit eru gestir Jimmy í kvöld. Reggíbandið Magic! tekur lagið.
**23.15** Royal Pains
**00.00** The Good Wife
**00.45** Leverage
**01.30** Survior
**02.15** The Tonight Show
**03.45** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin
**08.00** PGA Tour 2014 **11.00** Golfing World 2014 **11.50** Inside The PGA Tour 2014 **12.15** Web.com Tour Highligts **13.10** 2014 Augusta Masters **18.10** PGA Tour 2014 - Highlight **19.00** PGA Tour 2014**22.00** LPGA Tour 2014

## ÚTVARP
| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 |
| **FM 89,5** Retro | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útv. Latibær |
| | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |




2 SPORT

# Gunnar snýr aftur í búrið!

Okkar maður snýr loks aftur í búrið og er þyrstur í sinn þrettánda sigur þegar hann mætir hinum 29 ára bandaríska bardagakappa Zak Cummings. Gunnar er ennþá ósigraður og stefnir á toppinn. Stöð 2 Sport sýnir frá 25 UFC bardagakvöldum á þessu ári ásamt 52 UFC Now og sjö UFC Unleashed þáttum.

**Ekki missa af þessari UFC veislu á Stöð 2 Sport!**




## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM!
Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum pökkum.

180.000 kr. sparnaður á 36 mánuðum

**11.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

## UPPÁHALDSLAGIÐ



**„Never ever með All Saints. Ég hef tekið það í karókí frá því ég var þrettán ára og alltaf fer þakið af húsinu.“**

Berglind Pétursdóttir, gif-drottning og dansari

# Taka ekki á móti beinhörðum peningum

Danshöfundarnir Ásrún Magnúsdóttir og Alexander Roberts ætla að opna fyrsta íslenska danshúsið.

„Verkefnið er byggt upp á einföldum metnaði. Það er, við ætlum að opna hið fyrsta íslenska danshús,“ segir danshöfundurinn Ásrún Magnúsdóttir, en hún leggur nú af stað í ansi áhugavert verkefni ásamt kollega sínum, Alexander Roberts. Ásrún lýsir því hvernig bíómyndir á Íslandi hafa sitt eigið bíóhús, leikrit hafa leikhús, tónlist hefur tónlistarhús en dansinn vantar danshús.

„Ætlunin er að gera eitthvað sem aldrei hefur verið gert áður á Íslandi. Við ætlum að bítta okkur leiðina upp í danshús.“

Ef til vill hefur fólk heyrt af sögunni um kanadíska bloggarann Kyle MacDonald sem byrjaði með eina rauða bréfaklemmu og bíttaði þar til hann var kominn með einbýlishús en Ásrún og Alexander sóttu innblástur í þá reynslusögu. Í stað bréfaklemmurnar ætla þau að byrja með stórt dansverk með fremstu dönsurum á Íslandi. „Hver sem er getur skipt við okkur á því verki fyrir eitthvað sem hefur hærra gildi og svo skiptum við því fyrir eitthvað annað og svo koll af kolli,“ lýsir Ásrún sem vonast eftir því að standa uppi með danshús í lokin. Tvíeykið tekur einungis á móti hlutum sem hægt er að skipta en ekki peningum. „Við erum mjög opin fyrir hverju sem er, hvort sem það er efnislegt eða óefnislegt,“ Þeir sem hafa áhuga á að skipta við dansteymið geta haft samband í gegnum Facebook-síðu átaksins Viltu bítta? eða sent tölvupóst á asrunm@gmail.com. - bþ



**HÁLEITT MARKMIÐ** Dansararnir tveir finna fyrir skorti á íslensku danshúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI








**HÆTTUM AÐ FLOKKA EFTIR STÆRÐ** Maria segir of margar stúlkur hafa áhyggjur af vaxtarlagi sínu. Hún vill hætta að flokka konur eftir stærðum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Fegurð kemur í öllum stærðum og gerðum

Fyrirsætan Maria Jimenez er komin á samning hjá dönsku módelskrifstofunni Volúme Model Management en skrifstofan semur einungis við stúlkur í yfirstærð. Maria er himinlifandi með samninginn, enda frábært tækifæri.

„Þetta er alveg frábært tækifæri fyrir mig og ég er ofboðslega ánægð,“ segir fyrirsætan Maria del Carmen Jimenez Pacifico, en Maria gerði samning við módelskrifstofuna Volúme Model Management í gær.

Skrifstofan gerir einungis samning við stúlkur í svokölluðum yfirstærðum en það eru stærðir frá 40-48. Maria segir að módelskrifstofan hafi haft samband við sig að fyrra bragði í gegnum aðdáendasíðu sína á Facebook, en þetta var ekki eina stofan sem hafði áhuga.

„Það voru fleiri skrifstofur á eftir mér, þar á meðal önnur frá Danmörku, en ég hafði ekki tíma til þess að fara út í viðtöl enda á kafi í skólanum,“ segir Maria, sem stundar nám í leiklist og kvikmyndagerð við Kvikmyndaskóla Íslands.

Maria flutti hingað til lands frá Kólumbíu fyrir níu árum, en hún á íslenskan stjúpföður. Hún segir allt of margar stelpur hafa áhyggjur af vaxtarlagi sínu. „Fegurð kemur í öllum stærðum og gerðum. Það er kominn tími til þess að hætta að flokka eftir stærð og stereótýpum. Stelpur eiga að vera ánægðar í eigin skinni,“ segir Maria að lokum.

kristjana@frettabladid.is

**Módelskrifstofan**

**Volúme Model Management**

**er hin fyrsta sinnar tegundar í Danmörku**

Skrifstofan gerir einungis samninga við fyrirsætur í yfirstærðum; stærðum 40-48. Á vefsíðu skrifstofunnar segir að það megi vel merkja aukinn áhuga á fyrirsætum með svokallað „curvy“-vaxtarlag og að þörf sé á því að fyrirsætur á forsíðum glanstímaritanna séu fyrst og fremst heilbrigðar í útliti.

*Fegurð mælist ekki í fatastærðum heldur snúist fyrst og fremst um sjálfstraust.*

# Kortlagði Ítalíu í fæðingarorlofinu

Knattspyrnukappinn fyrrverandi, Kjartan Sturluson, er mikill áhugamaður um Ítalíu og fjallar ítarlega um land og þjóð á nýrri vefsíðu sinni, Miniitalia.is.

„Ég fór bara að skrifa um hvert hérað þegar ég fór í fæðingarorlofið en vissi í raun og veru ekkert hvað ég ætlaði að gera við þetta. Ég ákvað svo að stofna heimasíðu til að halda utan um öll þessi skrif,“ segir fyrrverandi knattspyrnukappinn Kjartan Sturluson, sem nýverið stofnaði vefsíðuna Miniitalia.is en þar fjallar hann um Ítalíu í allri sinni mynd. Kjartan hefur haft einlægan áhuga á Ítalíu allt frá átta ára aldri þegar hann ferðaðist um landið með fjölskyldunni. „Ég fór svo sem skiptinemi frá Háskóla Íslands í skóla í Mílanó og síðar í mastersnám við sama skóla. Þegar maður býr í landinu dettur maður inn í ítölsku lifnaðarhættina. Svo er maturinn og vínið auðvitað æðislegt.“ Eftir að mastersnáminu lauk fór Kjartan aftur heim til Íslands en bróðir hans flutti inn í íbúðina úti. „Þegar keppnistímabilinu hér heima lauk á haustin þá dreif ég mig alltaf aftur út og var þar alltaf lengi í senn,“ segir Kjartan, en hann stóð lengi vel á milli stanganna hjá Fylki og Val, ásamt því að leika með íslenska landsliðinu. Kjartan talar þó litla ítölsku þrátt fyrir langa dvöl ytra. „Ég var orðinn ágætur á sínum tíma en er búinn að týna þessu. Það er hálf glatað því ég er með allt annað varðandi Ítalíu á hreinu. Ég verð eiginlega að kippa þessu í liðinn,“ segir Kjartan og hlær. - ka



**VANTAR TUNGUMÁLIÐ** Kjartan er með ítalska menningu og matargerð á kristaltæru en ætlar að bæta ítölskukunnáttuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Vegna brunans í Skeifunni 11

6. júlí s.l. verður verslun okkar í Skeifunni 11 lokuð um óákveðinn tíma.

Aðrar verslanir okkar eru hinsvegar opnar:

Tangarhöfða 2, Reykjavík
Smiðjuvegi 68, Kópavogi
Bæjarhrauni 6, Hafnarfirði
Hrísmýri 2a, Selfossi
Draupnisgötu 1, Akureyri.

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fyrirsæta þeytir skífum á Boston

Ofurfyrirsætan og skemmtikrafturinn **Kolfinna Kristófersdóttir** hélt uppi stuðinu á Boston seinasta miðvikudagskvöld en það gekk þó ekki áfallalaust fyrir sig. Pegar fyrirsætan mætti á staðinn og var að tengja græjur sínar við kerfið sló út og mixerinn hennar bilaði. Það tók hins vegar vana plötusnúða sem voru á staðnum ekki langan tíma að koma henni til bjargar. Natalie Gunnarsdóttir, betur þekkt sem DJ Yamaho, birtist sem himnasending og fór að vinna að því að laga græjurnar. Pegar allt kom fyrir ekki gerði Natalie sér lítið fyrir, hljóp heim til sín og náði í nýjan mixer til þess að tengja fyrir Kolfinnu. Eftir öll ósköpin þá gekk allt upp og fyrirsætan leiddi dansþyrsta gestina inn í nóttina. **-bþ**



### Ætla í Hörpuna í Nike

Tónlistarmennirnir Friðrik Dór og Ágúst Bent hafa boðað komu sína í partíið Nike Sneaker-ball sem halda á í Hörpu í kvöld.

Partíið verður haldið í Norðurljósasal Hörpu. Um 500 manns hafa skráð sig á Facebook-síðu partísins en þar segir að Norðurljósasalnum verði breytt í flottasta klúbb landsins. Allir sem vilji þangað inn þurfi að afhenda boðskort við dyrnar og mæta í Nike-skóm.

DJ Margeir, John Grant og Unnsteinn Manúel ætla að koma fram í partíinu ásamt tónlistarkonunum Ásdísi Maríu og Cell 7. **- hg**



## Mest lesið vísir

1 Íslenskir neytendur verða að blæða
2 Íþróttaljós: Reglugerðin sem enginn vissi af
3 Gagnrýnir forsetann harðlega: Reyndi vísvitandi að spilla sambandinu við Bandaríkin
4 Kallar Özil alltaf bróður sinn
5 Óli Geir sendir frá sér lag í fyrsta sinn





# FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!



AFMÆLIS AFSLÁTTUR 20 PRÓSENT

VAXTALAUS KJÖR Í 20 MÁNUÐI

20 ÁRA AFMÆLI

BETRA BAK

GRAVITY ZERO PT
Stillanlegt heilsurúm



GRAVITY ZERO – Í SÉRFLOKKI

- Gravity Zero PT er einn öflugasti stillanlegi botninn á markaðnum.
- Rúmið er á inndraganlegum sleða, dregst að vegg.
- Sér höfuðstilling fyrir lestrarstöðu.
- Lyftigeta er yfir 40.000 Newton-einingar sem er fjórum sinnum meira en öflugustu botnar sem í boði eru í dag, sérlega hljóðlátur.
- Öll tannhjól, fóðringar, festingar og liðamót eru úr nælonefni, ekkert að smyrja og ekkert ískur.
- Hert stálgrind undir öllum botninum.
- Hæðastilling á fótasvæði hefur aldrei verið meiri.
- Gravity Zero PT er með 2 nuddmótorum 12 nuddkerfum og tímarofa.
- 11 ára ábyrgð á mótor & grind.

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 20 MÁN.* Aðeins 44.869 kr. á mán.

GRAVITY ZERO PT
Verðdæmi 2x90x200 cm
Afmælistilboð kr. 863.840
Fullt verð kr. 1.079.800

TEMPUR Spring heilsurúm



TEMPUR Original eða Cloud heilsurúm

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR



VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 20 MÁN.* Aðeins 15.491 kr. á mán.

TEMPUR SPRING
heilsurúm með Standard botni
Verðdæmi 180x200 cm
Afmælistilboð Kr. 296.160
Fullt verð 370.200

VAXTALAUSAR AFBORGANIR Í 20 MÁN.* Aðeins 18.257 kr. á mán.

TEMPUR CLOUD EÐA ORIGINAL
heilsurúm með Standard botni
Verðdæmi 180x200 cm
Afmælistilboð Kr. 349.600
Fullt verð 437.100

* með 3,5% lántökugjaldi og 340 kr. greiðslugj. pr. afb.

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is